

**SIGRÚN HELGA LUND**

*Hjólar með alla fjölskylduna um bæinn*

• heilsa

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS



**SKÓLAR OG NÁMSKEIÐ**

*Gott að vera í tólf manna skóla*

Sérblað um skóla og námskeið

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG


Innritun í kvöld- og fjarnám

stendur til 26. ágúst

Lækkað verð

Tækniskólinn

skóli atvinnulífsins

www.tskoli.is



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

25. ágúst 2009 — 200. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## ÞRIÐJUDAGUR



**Eldfimt rokk**

Eldar loga hjá Dr. Spock.

FÓLK 22

**Kynusli í íþróttum**

„Hvers vegna er draugur kynprófanna vaknaður á ný?“ spyr Sverrir Jakobsson. „Kannski vegna hugmyndarinnar um að íþróttir séu seinasta vígi hinnar drengilegu keppni.“

Í DAG 10



**Á leið í Juilliard**

Hulda Jónsdóttir, átján ára fiðlunemi, fékk úthlutað úr Styrktarsjóði Halldórs Hansen.

TÍMAMÓT 12



**Svekkjandi tap**

Ísland tapaði fyrir Frakklandi í fyrsta leik liðsins á EM í Finnlandi.

ÍÞRÓTTIR 22

## VEÐRIÐ Í DAG




**BJART NORÐANLANDS** Í dag verða austan 8-13 m/s, en hægari norðaustantil. Dálítil rigning eða súld sunnan- og vestanlands, en yfirleitt úrkomulítið og léttir til norðanlands. Hiti víðast 8-16 stig.

VEÐUR 4

# Lokað á Akranesi en ríkið kaupir danska framleiðslu

**Sementsverksmiðjan á Akranesi slekkur á vélum sínum á næstu dögum. Starfsfólk er beðið um að axla þungar byrðar með skertu starfshlutfalli. Ríkisfyrirtæki kaupa þúsundir tonna af innfluttu sementi á ári.**

**IÐNAÐARMÁL** „Við horfum fram á ískaldan vetur og stjórnvöld verða án tafar að grípa til aðgerða til að örva byggingariðnaðinn“, segir Gunnar H. Sigurðsson, framkvæmdastjóri Sementsverksmiðjunnar á Akranesi. Framleiðslu verður hætt 1. nóvember og fyrirtækið er í verulegum vandræðum ef ekki rætist úr.

Gunnar segir að samdráttur í framleiðslu fyrirtækisins í kjölfar efnahagshrunsins sé allt að 45 prósent og hvað nánasta framtíð ber í skauti sér fyrir verksmiðjuna snúi að stjórnvöldum í tvennum skilningi. „Það verður að ráðast í stórframkvæmdir og má nefna Búðarhálsvirkjun og Vaðlaheiðargöng í því sambandi. Það myndi hjálpa til ef fyrirtæki í eigu ríkisins myndu kaupa íslenska framleiðslu en ekki innflutt danskt sement.“

Vilhjálmur Birgisson, formaður verkalýðsfélags Akraness, segir gagnrýnivert að á meðan íslenskt fyrirtæki berjist fyrir lífi sínu kaupi ríkið innflutt danskt sement í þúsunda tonna vís. „Aalborg Portland á Íslandi er búið að flytja inn 20 þúsund tonn af sementi á þessu ári fyrir 240 milljónir króna, og stærsti viðskiptavinurinn er Steypustöðin hf., sem er í eigu ríkisbankans Íslandsbanka. Vegagerðin notar líka danskt sement.“

> Það myndi hjálpa til ef fyrirtæki í eigu ríkisins myndu kaupa íslenska framleiðslu.
>
> GUNNAR H. SIGURÐSSON
> FRAMKVÆMDASTJÓRI

Gunnar segir að 20 þúsund tonna framleiðsla myndi tryggja starfsemi Sementsverksmiðjunnar í tvo mánuði. Í verksmiðjunni starfa 45 manns en stöðvun hennar er talin koma við um 120 manns þegar afleidd störf eru tekin með í reikninginn.

Jón Steindór Valdimarsson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, segir það skjóta skökku við að ríkisfyrirtæki kaupi innflutta vöru á sama tíma og íslensk fyrirtæki berjast í bökkum. „Við höfum beint því til landsmanna og okkar félagsmanna að versla hverjir við aðra. Það gildir um þetta líka.“

Jón leggur áherslu á að í sjálfu sér sé ekkert út á kaup fyrirtækja á innfluttu sementi að setja í sjálfu sér. Málið snúist frekar um það hvort verksmiðjan verði sett í gang aftur og hvort hér verði dönsk einokun á sementi þegar fram í sækir. „Þetta ættu menn að hafa í huga þegar þeir ákveða hvar þeir kaupa inn,“ segir Jón. **- shá**



**ALLT Í PLATI** Ólafur Darri Ólafsson miðar byssu á mótleikara sinn fyrir utan gömlu Heilsuverndarstöðina á Barónsstíg, en nú standa yfir tökur á kvikmyndinni Roklandi. Kvikmyndin byggist á skáldsögu Hallgríms Helgasonar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Kate Winslet í íslenskri mynd:

## Dorrit notaði sambönd sín

**FÓLK** Óskarsverðlaunaleikkonan Kate Winslet talar inn á enska útgáfu heimildarmyndarinnar Sólskinsdrengsins sem Friðrik Þór Friðriksson leikstýrir. Myndin fjallar um strákinn Kela sem glímir við einhverfu og móðir hans, Margrét Dagmar Ericsdóttir, er framleiðandi myndarinnar.



DORRIT MOUSSAIEFF

Forsetafrúin, Dorrit Moussaieff, lagði sitt lóð á vogarskálarnar til að fá Kate Winslet til verksins, en myndin verður frumsýnd á kvikmyndahátíðinni í Toronto þann 12. september.

**- fgg / sjá síðu 22**

Ferðaþjónustufólk tók eftir breytingum í sprengigígnum við Öskju:

# Vatnsborðið í Víti snarféll yfir nótt

**NÁTTÚRA** Vatnsborð Vítis, sem er gígur í norðurbarmi Öskju í Dyngjufjöllum, snarlækkaði á fáeinum klukkutímum. Gígurinn myndaðist eftir eitt mesta gos hér á landi á sögulegum tíma; Öskjugosið 1875.

Hermann Valsson, hjá Viking-travel, hefur boðið upp á skipulegar ferðir inn í Öskju í sumar. „Á fimmtudaginn fórum við niður í gíginn og tókum ekki eftir neinu óeðlilegu. Strax daginn eftir hafði vatnið snarlækkað um fimmtán sentimetra.“ Páll Einarsson, prófessor í jarðeðlisfræði, segir það merkilegt út af fyrir sig að vatnsborð Vítis lækki þetta mikið yfir nótt. Hins vegar sé Víti ólíkindatól og lækkun vatnsborðsins þar ekki gott til viðmiðunar um jarðhræringar. **- shá**





Vertu hjá Byr og sparaðu helling

Fjárhagsleg heilsa

fyrir námsmenn

| | | |
|---|---|---|
| 150 fríar færslur | Sparar | 1.950 kr. |
| Frítt debetkort | Sparar | 370 kr. |
| Frítt kreditkort | Sparar | 1.999 kr. |
| Frítt World for 2 kort fyrsta árið | Sparar | 4.500 kr. |
| Samtals sparnaður: | Sparar | 8.819 kr. |

BYR SPARISJÓÐUR

Fjárhagsleg heilsa er betra líf!



## SPURNING DAGSINS



*Magnús, er ekki nóg af þagnarmúrum í samfélaginu sem þið getið rofið?*

„Jú, kannski við reynum það næst.“

Eldflaugarsmiðirnir Magnús Már Guðnason og Smári Freyr Smárason stefna að því að rjúfa hljóðmúrinn með næstu flaug sinni.

Skuldabréfavelta gærdagsins hærri en nokkru sinni síðan fyrir hrun:

# Markaðurinn að komast á strik á ný

**VIÐSKIPTI** Skuldabréfavelta gærdagsins var hærri en verið hefur á einum degi síðan fyrir hrun. Heildarveltan var rétt rúmir 33 milljarðar en meðalvelta á dag á þessu ári hefur verið um 10 til 12 milljarðar. Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallar Íslands, segir að skuldabréfamarkaðurinn hafi verið að ná sér á strik á árinu og verið að eflast milli mánaða.

En hvað veldur? „Það hefur verið mikil þörf fyrir þennan fjárfestingarkost,“ segir Friðjón. Skuldabréfaútboð hjá ríkinu fyrir helgi hafði sín áhrif, að mati Þórðar, en hann telur þó að ekki sé hægt að benda á neitt eitt atriði sem olli þessum háu fjárhæðum.

„Ég á von á því að skuldabréfamarkaðurinn verði öflugur í haust og í vetur. Það er mikil þörf fyrir lánsfé og jafnframt er verið að laga til í eignasöfnum og hagræða eftir bestu getu hjá fyrirtækjum og lífeyrissjóðum. Ég hef trú á því að þegar fjárhagslegri endurskipulagningu bankanna er lokið og Icesave-málið er frá sé ákveðinn grunnur sem hægt er að byggja á,“ segir Þórður.

Vonast hann jafnframt til þess að með vetrinum geti hlutabréfamarkaðurinn farið að glæðast á nýjan leik. **- vsp**



**ÞÓRÐUR FRIÐJÓNSSON** Mikil þörf er fyrir lánsfé fyrirtækja, að mati Þórðar, sem á von á því að skuldabréfamarkaðurinn verði öflugur í haust.

Kaupþing stefnir Stanford:

# Vilja ganga að ábyrgðum

**VIÐSKIPTI Nýja Kaupþing hefur stefnt Kevin Gerald Stanford, Magnúsi Ármann og Þorsteini M. Jónssyni og mun krefjast þess að ábyrgðir vegna láns til félagsins Materia Invest ehf. falli á þá.**

**Málið verður þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur 3. september. Samkvæmt upplýsingum frá Geir Gestssyni, lögmanni stefndu, snýst málið um 720 milljóna króna lán til Materia Invest, sem þremenningarnir voru í persónulegum ábyrgðum fyrir. Falli ábyrgðin á þá þarf hver að greiða 240 milljónir króna.**

**Ekki fengust nánari upplýsingar frá Kaupþingi í gær. - bj**

Skoska þingið:

# MacAskill ver ákvörðun sína

**SKOTLAND, AP Kenny MacAskill, dómsmálaráðherra Skotlands, varði á skoska þinginu í gær ákvörðun sína um að leysa úr haldi Líbíumanninn Abdel Baset al-Megrahi, dauðvona mann sem hafði afplánað átta ár af lífstíðarfangelsi fyrir aðild sína að Lockerbie-málinu.**



KENNY MACASKILL

**Hins vegar harmaði MacAskill þær höfðinglegu móttökur sem al-Megrahi fékk í Líbíu. Þær hafi stangast á við loforð Líbíustjórnar.**

**„Með þessu var fjölskyldum hinna 270 fórnarlamba í Lockerbie hvorki sýnd samúð né nærgætni,“ sagði hann.**

**Þingið var sérstaklega kallað saman í gær vegna harðra viðbragða frá Bandaríkjunum við því að al-Megrahi var látinn laus á föstudag. - gb**

# Fannst látinn í Dalshrauni



Maðurinn sem fannst látinn í íbúð í Dalshrauni í Hafnarfirði fyrir viku hét Bragi Friðþjófsson. Bragi var 31 árs, fæddur 17. ágúst 1978, og búsettur að Sléttahrauni 28 í Hafnarfirði.

Bjarki Freyr Sigurgeirsson situr nú í gæsluvarðhaldi grunaður um að hafa banað Braga að kvöldi afmælisdags hans.

# Erlend lán verði færð í íslenskar krónur

**Lektor vill að ríkið fari í skuldaafskriftir til að bæta skaðann sem Seðlabankinn olli. Hagfræðingur vill að erlendum lánum verði breytt í lán í krónum. Hagfræðiprófessor vill að höfuðstóli lána verði breytt í lán sem svipar til námslána.**

**VIÐSKIPTI** Guðmundur Ólafsson, lektor í hagfræði við HÍ, segir að ríkisvaldið verði að bæta skuldurum þann skaða sem það beri ábyrgð á, spurður um skoðun hans á afskriftum skulda. Skuldir hafi hlaðist upp og að mörgu leyti hafi það verið Seðlabankanum að kenna. Sjálfsagt sé því að bæta mönnum það tjón.

Ekki kemur til greina að stilla vísitöluna á 1. janúar árið 2008 eins og einhverjir hafa viljað, að mati Guðmundar. Til dæmis af þeirri ástæðu að þá væri ráðist gegn eldra fólki sem hefur verið að spara. Flöt niðurfelling kæmi hins vegar til greina.

„Meðan erfiðast er hef ég talað fyrir því að menn borgi ekki af lánum í einhvern tíma. Síðan þegar efnahagslífið kemst á réttan kjöl á að fara að huga að bótum,“ segir Guðmundur.

Árni Páll Árnason félagsmálaráðherra viðraði hugmyndir um niðurfellingu í Fréttablaðinu á laugardag. Tvennt muni ráða niðurfellingu, greiðslugeta og veðrými. Sagði hann flata niðurfellingu ekki koma til greina.

Ásgeir Jónsson, hagfræðingur hjá Kaupþingi, vill að öllum sem eru með erlend lán verði gefinn kostur á að breyta lánum sínum í íslenskar krónur, hvort sem þau verði verðtryggð eða óverðtryggð.

„Bankarnir þurfa að aðlaga hjá sér efnahagsreikninginn og þurfa að fara yfir í krónur. Þá finnst mér eðlilegt að fólki sé boðið að skipta yfir í krónur á einhverju ákveðnu gengi.“



**SEÐLABANKINN** Þórólfur Matthíasson segir að Seðlabankinn hafi hugmyndir um að breyta lánum í námslán til skoðunar. Aðrir hagfræðingar hafa reifað svipaðar hugmyndir og Þórólfur. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



**GUÐMUNDUR ÓLAFSSON**



**ÞÓRÓLFUR MATTHÍASSON**

Bankarnir vilja ekki taka húsið af fólki sé þess nokkur annar kostur, að sögn Ásgeirs. Það er bæði óhagkvæmt og kostnaðarsamt. Vilja þeir heldur ekki sjá lán sem ekkert er greitt af. Þess vegna kæmu þessar aðgerðir bæði skuldurum og bönkum til góða.

Þórólfur Matthíasson vill að þeir sem uppfylli ákveðin skilyrði geti flutt höfuðstól láns síns í lán, sem væri á svipuðum skilmálum og námslán. Afborganir yrðu miðaðar við tekjur skuldara. Einnig væri tími gefinn þar sem lánið yrði afborgunarlaust.

Segir Þórólfur að hann viti til þess að Seðlabankinn hafi slíkar hugmyndir til skoðunar. Hagfræðingarnir Gauti B. Eggertsson og Jón Steinsson hafa reifað svipaðar hugmyndir. **vidir@frettabladid.is**

Forsetinn útskrifaður:

# Sinnir störfum eftir föngum

**HEILSA** Ólafur Ragnar Grímsson, Forseti Íslands, var útskrifaður af Landspítalanum á sunnudaginn. Þar hafði hann verið frá því á miðvikudag. Axlarbrotnaði hann eftir að hafa dottið að hestbaki í útreiðartúr í Húnaþingi á þriðjudaginn. Fyrir tíu árum braut hann sömu öxl eftir fall af hestbaki.

Forsetinn sinnir daglegum störfum eftir föngum, að sögn Örnólfs Thorssonar, forsetaritara. Segir Örnólfur þetta þó hafa haft einhver áhrif á skipulag embættisins. **- vsp**

Þrotabú Baugs Group:

# Kröfur nema 317 milljörðum

**VIÐSKIPTI Kröfur í þrotabú Baugs Group nema 316,6 milljörðum króna. Veðkröfur nema um 124 milljörðum króna og eru forgangskröfur 78 milljarðar. Almennar kröfur nema um 170 milljörðum króna og eftirstæðar kröfur um 23 milljörðum króna.**

**Í tilkynningu frá Erlendi Gíslasyni, skiptastjóra þrotabúsins, segir að fyrsti skiptafundur verði 15. september og kröfuskrá liggi frammi fyrir kröfuhafa 8. september. Á næstu dögum og vikum fara skiptastjórar yfir lýstar kröfur, taka afstöðu til þeirra og ganga frá endanlegri kröfuskrá. - vsp**

## NÁTTÚRA

**Nýr pípusveppur fundinn**

Kornasúlungur, tegund af pípusveppi, hefur fundist á Íslandi í fyrsta skipti. Sveppurinn er prýðilegur matsveppur og fannst í Öxnadal fyrr í mánuðinum. Sveppurinn finnst víða í Evrópu þar sem hann vex með furu í frekar frjóum jarðvegi.






Fjárlaganefnd fundar um Icesave-málið og frágang á láni að utan:

# Vilja baktryggja fyrirvara

**UTANRÍKISMÁL** Fjárlaganefnd fundaði tvisvar í gær um frumvarp um ríkisábyrgð vegna Icesave. Nefndin bauð gestum á annan fundinn, lögmönnunum Þórhalli H. Þorvaldssyni og Þorsteini Einarssyni, en þeir rituðu grein um málið í Morgunblaðið í gær.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins er verið að skoða hvernig ganga þarf frá láninu sem tryggingasjóður innstæðueiganda mun taka, verði málið samþykkt, með ábyrgð ríkisins. Sjóðurinn verður formlegur lántakandi, en Alþingi þarf að samþykkja ríkisábyrgðina til að samningurinn taki gildi.

Guðbjartur Hannesson, formaður fjárlaganefndar, segir nefndina vinna að því að tryggja að fyrirvarar Alþingis haldi. „Við erum að skoða hvað þarf til og hvernig. Þetta er spurning um samræmi á milli fyrirvaranna og ábyrgðar sem tryggingasjóðurinn þarf. Við erum að feta okkur í gegnum þetta.“

Samkvæmt heimildum blaðsins er ekki endilega reiknað með að Bretar og Hollendingar taki þá fyrirvara til sérstakrar samþykktar. Samþykki þeir að greiða lánið, verði litið svo á að þeir hafi samþykkt skilmála Alþingis fyrir lántökunni.Þegar blaðið fór í prentun stóð seinni fundur fjárlaganefndar enn yfir. **- kóp**



**NEFNDARFORMAÐUR** Guðbjartur Hannesson segir óvíst hvenær Alþingi muni ljúka umfjöllun um ríkisábyrgð vegna Icesave. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ekki missa af þessu !



# „Flottir dagar“

í ágúst

6 dagar eftir



## Tilboð á stillanlegum rúmum í ágúst

Eitt mesta úrval landsins af stillanlegum rúmum. 25% afsláttur í ágúst

Öllum stillanlegum rúmum fylgir 2 fyrir 1 tilboð á sængurverum !





### Senseo svefnsófi - 140 cm

Margir litir - vönduð dýna:

Fullt verð kr. ~~364.000,-~~

Nú kr. 273.000,-

Allir svefnsófar - 25% afsláttur í ágúst !

### Costa tungusófi með skemli

Fæst í hvítu eða svörtu, með hægri eða vinstri tungu:

Fullt verð kr. ~~479.900,-~~

Nú kr. 379.900,-

Stærð 300x200 cm.

Betra BAK

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is

Faxafeni 5, Reykjavík og Skeiði 1, Ísafirði • Sími 588 8477

Opið virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16

## GENGIÐ 24.08.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 127,58 | 128,18 |
| Sterlingspund | 210,56 | 211,58 |
| Evra | 182,48 | 183,5 |
| Dönsk króna | 24,513 | 24,657 |
| Norsk króna | 21,229 | 21,355 |
| Sænsk króna | 18,088 | 18,194 |
| Japanskt jen | 1,3438 | 1,3516 |
| SDR | 199,12 | 200,3 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

237,1875

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Viðmiðanir Seðlabanka um greiðsluþol í takt við það sem tíðkast í útlöndum:

# Ráðstöfunartekjur líklega vanmetnar

**ALÞINGI** Raunverulegar ráðstöfunartekjur heimila eru líklega vanmetnar í bráðabirgðamati Seðlabanka Íslands á fjárhagslegri stöðu heimilanna. Matið byggðist á staðgreiðslugögnum frá ríkisskattstjóra en ekki framtalsgögnum fólks. Ekki er því tekið tillit til vaxtabóta, barnabóta, meðlags og ýmissa verktakagreiðslna sem fólk kann að hafa.

Þetta kemur fram í svari forsætisráðherra við fyrirspurn Eyglóar Harðardóttur, Framsóknarflokki, um skýrslu Seðlabankans. Seðlabankanum var gert að svara fyrirspurninni.

Eygló spurði hvernig komist var að þeirri niðurstöðu í skýrslunni að 40 prósent af ráðstöfunartekjum heimilis sé viðráðanleg greiðslubyrði af föstum afborgunum lána.



**SEÐLABANKI ÍSLANDS** Greiðsluþol Íslendinga er metið með sama hætti og tíðkast í útlöndum. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Er því til svarað að viðmiðanir bankans séu í góðu samræmi við þær sem notaðar eru í öðrum löndum og bent á dæmi því til sönnunar.

Eygló spurði líka um samanburð á skuldastöðu íslenskra heimila við heimili í öðrum löndum. Í svarinu kemur fram að slíkur samanburður sé vandasamur en ef litið sé til heildarskulda í hlutfalli við heildarráðstöfunartekjur eða verga landsframleiðslu sjáist að fyrir bankahrunið voru íslensk heimili með þeim skuldugustu í hinum vestræna heimi. Aðeins dönsk og hollensk heimili hafi verið skuldsettari. Í samanburðinum var ekki tekið tillit til eigna á móti skuldum. - bþs

Mótmælendur í Helguvík:

# Hlekkjuðu sig við vinnuvélar

**LÖGREGLUMÁL Sex mótmælendur voru handteknir á vinnusvæði Norðuráls í Helguvík snemma í gærmorgun. Mótmælendurnir höfðu hlekkjað sig við vinnuvélar og stöðvað þannig vinnu á svæðinu.**

**Mótmælin voru á vegum Saving Iceland. Tólf mótmælendur voru á svæðinu en þeir sem ekki voru hlekkjaðir við vélar yfirgáfu svæðið eftir tiltal lögreglu. Sérsveitarmenn frá lögreglunni losuðu fólkið, sem var svo handtekið í kjölfarið og flutt á lögreglustöð. Þar voru teknar skýrslur af fólkinu en því svo sleppt.** - þeb



**FAGNAÐARFUNDIR** Þessum stelpum í Vesturbæjarskóla leiddist ekki í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Vetrarstarfið hafið:

# Grunnskólarnir fyllast af lífi

**MENNTAMÁL** Grunnskólar landsins byrjuðu flestir vetrarstarf sitt í gær og alvaran tók við hjá um 45 þúsund krökkum um allt land. Um fjögur þúsund þeirra eru fimm og sex ára og komu í skólann sinn í fyrsta skipti.

Um helmingur er í skólum á höfuðborgarsvæðinu, þar af um fjórtán þúsund í grunnskólum Reykjavíkur. Starfsmenn skólanna eru um fimm þúsund talsins. Þar eru konur í meirihluta, eða um 3.600. Strákar hafa þó vinninginn í nemendahópnum og eru um þúsund fleiri en stelpurnar. - shá

Iðnaðarráðherra:

# Tjáir sig ekki um kaup á HS

**VIRKJANIR Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra vill ekki tjá sig um möguleikana á því að ríkið kaupi hlut Orkuveitu Reykjavíkur í HS orku. „Ég tjái mig ekki um þetta mál á meðan við erum að skoða það. Við erum að fara yfir málið frá a til ö," segir Katrín.**

**Líkt og Fréttablaðið hefur greint frá er fjármálaráðherra að skoða möguleikann á kaupum á hlutnum og hefur nefnt að til greina komi að ræða við lífeyrissjóðina í því skyni. Tilboð kanadíska fyrirtækisins Magma Energy í hlutinn átti að renna út á fimmtudag, en hefur verið framlengt til 31. ágúst.** - kóp

# Ríkisins að tryggja að allir geti sótt sér grunnmenntun

**Stjórnvöldum ber lagaleg skylda til að tryggja að engin börn búi við of mikla fátækt til að sækja sér grunnmenntun. Fólk hefur haft samband við Fjölskylduhjálpina og boðist til að styrkja fátæk börn til skólagöngu.**

**MENNTAMÁL** Stjórnvöldum ber að sjá til þess að öll börn og unglingar hafi tök á að sækja sér grunnmenntun. Þetta segir Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður, spurður út í fregnir þess efnis að foreldrar hafi ekki sent börn sín í skólann vegna þess að þeir hafi ekki efni á ritföngum og námsbókum.

„Þar sem skólaskylda ríkir þá á það að vera hluti af framlagi ríkisins að sjá til þess að börnin og fjölskyldur þeirra hafi ekki neinn verulegan kostnað af skólagöngunni, og að sjálfsögðu alls ekki svo verulegan að þau börn sem þannig stendur á um geti ekki staðið jafnfætis öðrum börnum í sínu námi," segir Ragnar.

Hins vegar sé ekki víst að eins rík skylda hvíli á ríkinu þegar kemur að framhaldsskólanámi, enda sé það valfrjálst nám.



**RAGNAR AÐALSTEINSSON**

Hann bendir jafnframt á að ríkisvaldið sé skyldugt til að rökstyðja vel aðgerðir á borð við þær að draga úr framboði á kennslu í skyldunámi, lækka fjárframlög til öryrkja, draga hugsanlega saman í heilbrigðisþjónustu eða auka kostnað borgaranna við hana. Þegar skref sem þessi séu tekin þurfi að sýna fram á að engin önnur leið hafi verið fær.

„Þeir verða að sýna fram á að ekki verði hjá því komist að skerða efnahagsleg og félagsleg réttindi borgaranna. Þetta eru skref aftur á bak og þess vegna þarf mjög öflugan rökstuðning til þau standist," segir hann. stigur@frettabladid.is



**BÖRN Á SKÓLALÓÐ** Fjölskylduhjálp Íslands hefur borist fjöldi símtala frá fólki sem á í erfiðleikum vegna kostnaðar við námsgögn barna sinna. Myndin er úr safni. FRÉTTABLAÐIÐ / GVA

## TILBOÐ UM AÐSTOÐ HELLAST INN

Viðbrögðin hafa ekki látið á sér standa í kjölfar fréttar Fréttablaðsins í gær um foreldri sem fann sig tilneytt til að hringja son sinn inn veikan þegar hann átti að hefja nám í menntaskóla, vegna þess að ekki voru til peningar fyrir námsgögnum. Fjölskylduhjálp Íslands bárust í gær fimm boð frá fólki sem vildi styðja börn frá efnalitlum heimilum til náms.

Ásgerður Jóna Flosadóttir, formaður Fjölskylduhjálparinnar, segir styrktaraðilana þá fá uppgefin reikningsnúmer og það sé síðan val hvers styrkjanda hvort nafn hans komi fram. Þrír þessara fimm hafi ákveðið að gefa reglulega til fjölskyldunnar.

Ásgerður segir mjög margar fjölskyldur í vanda vegna kostnaðar við nám barnanna. Vel á annan tug hafi haft samband vegna þess bara í gær.

Í Menntaskólanum í Reykjavík hefur verið stofnaður styrktarsjóður eldri nemenda skólans, sem ætlað er að aðstoða nemendur sem eiga í fjárhagsvandræðum vegna kreppunnar. Þá bárust einnig fréttir af því í gær að íbúi í Grafarvogi hefði tekið sig til, gengið í hús og safnað vel á annað hundrað þúsund króna til styrktar nemum í hverfinu.






## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** Veðurfréttamaður

**FÍNT VEÐUR FYRIR NORÐAN** Í dag og á morgun verður flott veður norðanlands, fremur hægur vindur, bjart og allt að 16 stiga hiti. Það verður hins vegar rigning syðra og hvassara en það dregur verulega úr vindi á morgun og léttir til suðvestantil á fimmtudag.



Á MORGUN 3-8 m/s.

FIMMTUDAGUR Stíf norðaustanátt NV-til, annars hægari.

| HEIMURINN | |
|---|---|
| Alicante | 31° |
| Basel | 29° |
| Berlín | 30° |
| Billund | 22° |
| Eindhoven | 21° |
| Frankfurt | 27° |
| Friedrichshafen | 28° |
| Gautaborg | 23° |
| Kaupmannahöfn | 23° |
| Las Palmas | 24° |
| London | 22° |
| Mallorca | 35° |
| New York | 31° |
| Orlando | 32° |
| Ósló | 19° |
| París | 23° |
| San Francisco | 21° |
| Stokkhólmur | 20° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

# Fylltu skólatöskuna án þess að tæma veskið

## Frábært úrval af vönduðum skólavörum hjá Eymundsson.




Stílabækur

**495 kr.**

Almennt verð á hverri bók

**298 kr.**

**hver bók ef keyptar eru 5 saman**

LDPE974401 STÍLABÓK A4 VÍRHEFT
LDPE974405 REIKNINGSBÓK A4 VÍRHEFT




**Þú finnur bækurnar á eymundsson.is**

Nú geturðu fundið skiptibækurnar og keypt þær á netinu; á eymundsson.is.

***Eastpak tískan í töskum***

***- ekki sætta þig við neitt minna í ár!***

**1.695 kr.**

**Eastpak pennahólkar**

SVARTUR – EASK704008
FELULITA – EASK704218
BLÁR – EASK704154
RAUÐUR – EASK704606





**Skýrslublokk, A4**

**290 kr.**

~~365 kr.~~

LDPE8809





**9.995 kr.**

**Hliðartaska, Delegate, margir litir**

EASK076008




eymundsson.is

**Eymundsson**

*Bóksali frá 1872*

## KJÖRKASSINN



*Ert þú í þeirri stöðu að þurfa afskriftir skulda?*

| | |
|---|---|
| Já | 46,1% |
| Nei | 53,9% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Fylgdist þú með leik Íslands og Frakklands á EM kvenna í knattspyrnu?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Menntamálaráðuneytið:

# 50 milljónir til íslenskukennslu fyrir útlendinga

**STJÓRNSÝSLA** Menntamálaráðuneytið hefur úthlutað 50 milljónum króna vegna námskeiða í íslensku fyrir útlendinga síðari hluta ársins. Þrjátíu fræðsluaðilar og fyrirtæki sóttu um samtals 96 milljónir króna að þessu sinni.

Auglýst var eftir umsóknum um styrki til námskeiða sem ekki eru hluti af almennu námi á grunn- eða framhaldsskólastigi. Markmið með styrkjunum er að gefa öllum sem búsettir eru á Íslandi færi á að öðlast þá færni í íslensku að þeir geti orðið virkir samfélagsþegnar. Fræðsluaðilar og fyrirtæki sem bjóða starfsfólki upp á skipulagða kennslu í íslensku og eru á fyrirtækjaskrá gátu sótt um styrkina. **- vsp**



**EVRÓPUÞINGIÐ Í STRASSBORG** Formlega verður tilkynnt um formennsku nefndarinnar í september. NORDICPHOTOS/AFP

Aðildarviðræður Íslands:

# Íri leiðir samninganefnd ESB

**ÍRLAND Rúmlega sextugur írskur stjórnmálamaður, Pat „the Cope“ Gallagher, verður formaður samninganefndar Evrópusambandsins í aðildarviðræðum Íslands.**

**Frá þessu er skýrt á vefsíðu írska dagblaðsins The Post. Formlega verður þó ekki tilkynnt um þetta fyrr en á þingfundi Evrópuþingsins í Strassborg um miðjan september.**

**Gallagher er formaður bandalags frjálslyndra miðjuflokka á Evrópuþinginu og var jafnframt kosinn formaður EFTA-nefndar Evrópuþingsins.** **- gb**

Þrátt fyrir viðleitni N-Kóreu:

# Refsiaðgerðum ekki aflétt

**SUÐUR-KÓREA, AP** Bandaríkin og Suður-Kórea ætla að halda áfram að framfylgja refsiaðgerðum Sameinuðu þjóðanna gegn Norður-Kóreu, þrátt fyrir sáttaviðleitni sem birst hefur í verkum Norður-Kóreu undanfarið.

Norður-Kórea hefur meðal annars látið lausan úr fangelsi suðurkóreskan blaðamann, aflétt að nokkru hömlum af ferðum Suður-Kóreubúa yfir landamærin og lofað að halda áfram samvinnuverkefnum, sem legið höfðu niðri. **- gb**

Skógareldarnir á Grikklandi geisa enn rétt norðan við Aþenu:

# Baráttan við eldana enn erfið

**GRIKKLAND, AP** Örþreyttir slökkviliðsmenn og sjálfboðaliðar unnu baki brotnu í gær, fjórða daginn í röð, við að halda skógareldum við útjaðar Aþenu í skefjum.

Aukin aðstoð frá öðrum ríkjum barst í gær, bæði flugvélar sem dreifa vatni og liðsauki í slökkvistarfið.

Rýma þurfti nunnuklaustur St. Efraíms norðan við borgina. Aldraðar nunnur voru fluttar á brott meðan barist var við eldinn með garðslöngum og sandmokstri.

„Logarnir stóðu þrjátíu metra upp í himininn,“ sagði ein af nunnunum. „Sem betur fer komu þeir og björguðu okkur.“

Miklir eldar loguðu á sex stöðum í Grikklandi í gær, þar á meðal á eyjunum Evia og Skýros á Eyjahafi og á eyjunni Zakinþos við vestanvert landið.

Hættulegastir voru þó eldarnir við höfuðborgina Aþenu sem hófust norðan við Maraþonsléttu og hafa borist yfir Pentelifjall rétt norðan við borgina.

Sterkur vindur nærir eldana, sem hafa ætt yfir 26 þúsund hektara af skóg- og kjarrlendi, eyðilagt fjölda húsa og neytt þúsundir manna til að flýja heimili sín.

Að minnsta kosti fimm manns hafa þurft á læknishjálp að halda vegna brunasára og nokkrir tugir eiga við öndunarerfiðleika að stríða, en engin alvarleg slys hafa þó enn átt sér stað. **- gb**



**VATNI VARPAÐ ÚR FLUGVÉL** Sautján flugvélar af þessu tagi eru nú notaðar við baráttuna gegn skógareldunum á Grikklandi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Endurskoðun Seðlabankans:

# Skipt upp og færð úr húsi

**STJÓRNSÝSLA Á grundvelli samkomulags stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hefur fyrirkomulagi endurskoðunar Seðlabanka Íslands verið breytt.**

**Endurskoðunarfyrirtækið Deloitte mun annast ytri endurskoðun næstu þrjú ár og Ríkisendurskoðun mun sinna innri endurskoðun. Fram að þessu hefur Ríkisendurskoðun farið með ytri endurskoðun bankans en sérstök deild hans annast innri endurskoðun. Í innri endurskoðun felst meðal annars að leggja mat á áhættustýringu og eftirlitsaðferðir í bankanum. Samið var við Deloitte eftir útboð.** **- bþs**

# Pör sem vilja ættleiða líða fyrir fjársvelti í góðærinu

**Um 120 hjón bíða nú eftir að geta ættleitt börn frá útlöndum. Fjórðungur gæti dottið út vegna íslenskra aldurstakmarka. Ættleiðingum hefur fækkað og biðtími lengst. Óska eftir úrbótum frá dómsmálaráðherra.**

**FÉLAGSMÁL** Einfaldar breytingar á íslenskum reglum um ættleiðingar gætu aukið möguleika íslenskra hjóna á því að fá að ættleiða börn erlendis frá, segir Hörður Svavarsson, formaður Íslenskrar ættleiðingar. Félagið skorar á dómsmálaráðherra að breyta reglunum sem fyrst.

„Dómsmálaráðherra hefur talað eins og hún hafi mikinn skilning á okkar málum og við væntum þess að fara að sjá verulegar breytingar á næstunni,“ segir Hörður.

Um 120 íslensk hjón bíða nú eftir því að geta ættleitt börn. Biðtíminn hefur lengst umtalsvert undanfarið og geta pör sem sækja um í dag vonast til að fá barn eftir þrjú til fjögur ár. Á síðasta ári voru þrettán börn ættleidd til landsins og allt stefnir í sama fjölda í ár, segir Hörður.

Biðlistar hafa lengst mikið undanfarin ár og segir Hörður það afleiðingu þess að ættleiðingarfélögum hafi verið haldið í fjársvelti á þenslutímabilinu.

Flest pör sem hafa ættleitt börn á undanförnum árum hafa ættleitt frá Kína, en nú hefur stórlega dregið úr ættleiðingum frá landinu. Sökum þess að málaflokkurinn hefur verið í fjársvelti undanfarin ár hefur ekki verið komið á ættleiðingarsambandi við nema örfá lönd, segir Hörður. Því líði fólk sem vilji ættleiða fyrir fjársveltið úr góðærinu.

Fjórðungur fólks á biðlista, um 30 pör, mun detta út af biðlistum á næstunni sökum aldursmarks í íslenskum reglum.

Áður en hægt er að ættleiða börn erlendis frá þarf að fá samþykki frá íslenskum dómsmálayfirvöldum. Þeir sem fá slíkt samþykki mega ekki vera eldri en 45 ára, og það gildir að hámarki í fjögur ár, segir Hörður.

Þar sem bið eftir börnum hefur lengst er fjöldi fólks nú að falla á tíma. Eftir að samþykki íslenskra stjórnvalda renni út sé úti um draum þessara para um að eignast barn. Með því að leyfa samþykkinu að gilda lengur sé tekið fyrir þetta vandamál, enda til dæmis ekkert aldurshámark þegar fólk er á annað borð komið á biðlista í Kína.

Íslensk ættleiðing þrýstir einnig á dómsmálayfirvöld að heimila fólki að vera á biðlistum eftir barni í fleiri en einu landi í einu, segir Hörður. Fólk sem þegar sé í biðröð í einu landi eigi að fá möguleika á því að sækja um í öðru landi án þess að falla út af biðlistum sem það hafi jafnvel verið á árum saman. Það muni stytta bið fólks eftir því að fá að ættleiða barn.

Íslenska reglugerðin er svipuð og á hinum Norðurlöndunum, en annars staðar, til dæmis í Bandaríkjunum, mega pör vera á fleiri en einum biðlista, segir Hörður. **- bj**

## HÆGT AÐ SAXA VERULEGA Á BIÐLISTA

Vonir standa til þess að hægt verði að saxa verulega á biðlista eftir því að ættleiða börn með því að koma á samstarfi við ný lönd á borð við Tógó og Kenýa, segir Birna Ósk Einarsdóttir, formaður Alþjóðlegrar ættleiðingar.

Með því að fjölga samstarfslöndum má koma í veg fyrir að stífla hjá einu samstarfslandi valdi því að ættleiðingar til landsins komist í hnút, segir Birna. Alþjóðleg ættleiðing vinnur nú að því að koma á sambandi við Tógó, Kenýa og El Salvador, og hefur komið á sambandi við Pólland.

Fjárskortur er helsti þröskuldurinn, en Alþjóðleg ættleiðing hefur ekki fengið framlög frá ríkinu til að sinna hagsmunum fólks í ættleiðingarhugleiðingum. Forsvarsmenn félagsins hafa því leitað eftir framlögum frá einkafyrirtækjum, sinna störfum fyrir félagið í sjálfboðavinnu og greiða sjálfir ferðalög tengd starfinu.

Annar þröskuldur er mikið álag á það starfsfólk dómsmálaráðuneytisins sem sinnir ættleiðingarmálum, segir Birna. Öll vinna tengd þessum málum myndi ganga mun hraðar fyrir sig ef einn starfsmaður ráðuneytisins sinnti þessum málaflokki eingöngu.



**ÆTTLEIÐINGUM FÆKKAÐ** Flest börn sem íslenskir foreldrar hafa ættleitt undanfarin ár hafa komið frá Kína, en nú hefur ættleiðingum þaðan fækkað verulega. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Skólahaldi var aflýst eftir hádegi í Borgarholtsskóla vegna sprengjuhótunar:

# Sprengjuhótun reyndist vera gabb

**LÖGREGLUMÁL** Um þúsund manns var gert að yfirgefa Borgarholtsskóla í Grafarvogi í hádeginu í gær eftir að sprengjuhótun barst á skrifstofu skólans. Tvítugur maður sem ekki er nemandi skólans var handtekinn síðdegis grunaður um að hafa hringt inn hina fölsku hótun.

Það var klukkan 12.08 sem maðurinn hringdi á skrifstofu skólans og sagði að hann þyrfti að rýma samstundis ella myndu alvarlegar afleiðingar hljótast af.

Fjölmennt lið lögreglu var sent á staðinn ásamt sjúkrabílum og dælubíl frá slökkviliðinu. Sprengjuleitarsérfræðingar Landhelgisgæslunnar leituðu því næst hátt og lágt í skólanum en fundu enga sprengju.

Maðurinn sem grunaður er um gabbið síðdegis. Hann er ekki nemandi við skólann en er tengdur nemanda, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins. Hann var í of annarlegu ástandi til að hægt væri að ræða við hann fyrst um sinn. Hann hefur áður komið við sögu lögreglu.

Geir Jón Þórisson yfirlögregluþjónn segir að lögreglan líti mál sem þetta grafalvarlegum augum. Þetta sé til þess fallið að vekja hjá fólki verulegan ótta og að athæfið geti haft mjög miklar afleiðingar fyrir brotamanninn. **- sh**



FRÉTTABLAÐIÐ / ANTON

**Á VETTVANGI** Fólk var látið koma sér út úr skólanum í snarhasti og sumir höfðu ekki tök á að grípa með sér eigur sínar, svo sem hús- og bíllykla.


Ódýrt í skólann
ÚLPUR MARGAR TEG. 4.999.-
SOFTSHELL JAKKAR 4.999.-
Mikið úrval af skólavörum á betra verði
STROKLEÐUR 28.-
BLÝ 129.-
VAXLITIR 260.-
YDDARI 86.-
TRÉLITIR 190.-
BÆKUR 249.-
PENNAVESKI 498.-
PENNAVESKI 198.-
MAPPA 48.-
5 STK. PAKKNING 998.-
OPIÐ ALLAN sólarhringinn Skeifan & Garðabær
Gildir til 25. ágúst á meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Ein ferð betra verð




Mál og menning var ekki opnuð á Menningarnótt:

# Búðin opnuð á laugardag

**MENNING** Opna átti Bókabúð Máls og menningar á Laugavegi 18 á Menningarnótt, en ekkert varð úr því. Árni Einarsson, stjórnarformaður Bókmenntafélags Máls og menningar, sem mun reka bókabúðina, segir að búðin verði opnuð næstkomandi laugardag.

„Það er mikið mál að stilla upp í 750 fermetra búð og engar vörur komust inn fyrr en iðnaðarmenn kláruðu á fimmtudeginum. Við vildum gera þetta almennilega,“ segir Árni sem segir að meira hafi verið endurnýjað í búðinni en upphaflega var áætlað.

Mikill styr varð um Bókabúð Máls og menningar eftir að upphaflega bókabúðin, sem rekin var af Pennanum, þurfti að yfirgefa húsnæðið vegna vangoldinnar leigu. **- vsp**


**MÁL OG MENNING** Bókabúð Máls og menningar verður opnuð á laugardaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/ STEFÁN


**BENJAMÍN NETANJAHÚ** Forsætisráðherra Ísraels hélt í gær af stað í fjögurra daga Evrópuferð. NORDICPHOTOS/AFP

# Vill fréttina fordæmda

**Benjamín Netanjahú krefst þess að ríkisstjórn Svíþjóðar fordæmi frétt sænska dagblaðsins Aftonbladet um líffærasölu ísraelskra hermanna.**

**ÍSRAEL** Benjamín Netanjahú, forsætisráðherra Ísraels, segir að sænsk stjórnvöld hafi farið yfir strikið með því að neita að fordæma frétt í sænska dagblaðinu Aftonbladet, þar sem sagt var frá grunsemdum Palestínumanna um að ísraelskir hermenn hefðu drepið Palestínumenn til að selja úr þeim líffæri.

„Við erum ekki að biðja um afsökunarbeiðni, heldur fordæmingu,“ sagði Netanjahú, sem í gær tjáði sig í fyrsta sinn opinberlega um málið.

Jan Helin, ritstjóri Aftonbladet, svaraði hins vegar fyrir sig í leiðara í gær, þar sem hann sagðist hvorki vera nasisti né gyðingahatari: „Ég er ábyrgur ritstjóri sem gaf grænt ljós á frétt vegna þess að hún vekur upp nokkrar spurningar,“ skrifaði hann.

Hann tók jafnframt fram að blaðið hefði engar sannanir í fórum sínum fyrir því, að fréttin sé rétt. Á sunnudaginn birtist í blaðinu framhald fréttarinnar, þar sem segir að rannsaka þurfi hvort eitthvað sé hæft í þessum ásökunum, „annaðhvort til þess að binda enda á orðróm meðal Palestínumanna, eða, ef orðrómurinn reynist réttur, að stöðva verslun með líffæri.“

Netanjahú hélt í gær af stað í ferð til nokkurra Evrópulanda, og kom fyrst til Bretlands þar sem hann hittir Gordon Brown forsætisráðherra að máli. Síðar í vikunni mun hann heimsækja Angelu Merkel, kanslara Þýskalands. Einnig mun hann í Evrópuferðinni hitta George Mitchell, fulltrúa Bandaríkjastjórnar.

Búast má við að þau þrjú leggi enn áherslu á að Ísraelsstjórn haldi starfsemi ísraelskra landtökumanna í skefjum, en heima fyrir hafa hægrisinnaðir stuðningsmenn Netanjahús hvatt hann til að hunsa kröfu Bandaríkjamanna um að frekari framkvæmdir á landtökubyggðum verði stöðvaðar.

Netanjahú hefur til þessa verið fylgjandi landtökubyggðum, en þarf nú að dansa línudans á milli þessara tveggja sjónarmiða. Þótt Netanjahú hafi ekki fallist opinberlega á kröfur Bandaríkjanna, þá hafa framkvæmdir í reynd legið niðri.

„Forsætisráðherrann býst við því að einhver árangur náist, en að okkar mati er þess ekki að vænta að nein tímamótaskref verði stigin,“ sagði Nir Hefetz, aðstoðarmaður Netanjahús.

gudsteinn@frettabladid.is



TORGIÐ

VÖRUMARKAÐUR HÚSASMIÐJUNNAR

# Skólavörur og gæludýravörur á betra verði

Torgið má finna í Húsasmiðjunni Skútuvogi, Grafarholti, Hafnarfirði, Selfossi, Reykjanesbæ, Akureyri, Egilsstöðum, Borgarnesi og Hvolsvelli




**Blýantar**




**Skrúftrélitir og pennar**




**Ritfangasett og skrifblokkir**




**Vasareiknir**




**Minnisblöð og bækur**




**Litir**




**Gæludýraskálar**




**Hundaleikföng og hundaskítspokar**




**Kattaról og kattaleikfangasett**

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Gengið, skuldir og heilbrigðismálin verða erfið:

## Haustverkin

JÓN KALDAL SKRIFAR

Sumarið heilsaði með Icesave. Það ætlar líka að kveðja með Icesave nú þegar haustið er farið að hrista laufin á trjánum.

En lokametrarnir ætla að verða torfærir á þingi. Nefndarmenn fjárlaganefndar sátu seint í gærkvöldi við smíðar á enn nýjum fyrirvörum við þennan tæplega þriggja mánaða gamla samning. Til huggunar virðist þó að minnsta kosti vera farið að glitta í leiðarenda ekki svo langt undan.

Það verður mikill áfangi og beinlínis léttir fyrir alla að geta sett þennan eitraða arf Landsbankans til hliðar. Ríkisstjórnin og Alþingi geta þá snúið sér að næstu verkum. Þó fyrr hefði verið. Af nógu er að taka.

Þrjú mál munu væntanlega helst fylla skarðið sem Icesvae skilur eftir sig. Í fyrsta lagi hvaða aðgerðir eru tiltækar til að rétta af gengi krónunnar, í öðru lagi möguleg niðurfelling eða leiðrétting fasteignaskulda og í þriðja lagi niðurskurðurinn sem er fram undan í heilbrigðisgeira landsins.

Fyrstu tvö atriðin eru órjúfanlega tengd. Ef krónan verður áfram svona veik er óhjákvæmilegt að vöruverð hækki meira en það hefur þegar gert.

Kaupmenn hafa fæstir náð að fleyta mun hærra innkaupsverði á innfluttum vörum út í verðlagið í réttu hlutfalli við lágt gengi krónunnar. Þeir hafa nánast haldið niðri í sér andanum og eru þessa dagana að klípa af framlegð verslana sinna.

Slíkt ástand gengur auðvitað ekki til langframa. Það er ástæða fyrir því að Ísland hefur aldrei verið í hópi ódýrustu landa Evrópu.

Ef og þegar kaupmennirnir gefast upp hækkar verðlagið og verðbólgan tekur kipp upp á við. Verðtryggðu fasteignalánin hækka enn frekar og þau erlendu halda áfram að vera óviðráðanleg.

Það er því tómt mál að tala um varanlega leiðréttingu á skuldum fyrr en óvissan um gengi krónunnar er að baki og verðbólgan hefur náð markmiðum Seðlabankans. Ef það gerist ekki halda verðtryggðu lánin auðvitað áfram að hækka og við getum farið að ræða þörfina á leiðréttingu skulda strax aftur næsta haust.

Í framhaldi af niðurstöðu Icesave-málsins og afgreiðsla lána frá vinaþjóðum og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, má eygja von um að hægt verði að ráðast í aðgerðir sem duga til að koma krónunni upp á hnén. Lengra mun hún væntanlega ekki komast áður en ævi hennar verður öll. Tiltrú á þessum minnsta sjálfstæða gjaldmiðli heims er horfin með öllu, innan lands og utan.

Það er sem sagt raunverulegur vonarglæta að krónan braggist og skuldirnar hætti að þyngjast stórlega dag frá degi. Hið sama er þó ekki hægt að segja um þriðja málið sem verður í aðalhlutverki í haust.

Fram undan er harkalegur en óumflýjanlegur niðurskurður í útgjöldum til heilbrigðis- og velferðarmála. Ekki þarf sérstaka spádómsgáfu til að sjá fyrir að þar er næsti stóri farartálmi ríkisstjórnarinnar. Ef eitthvað er að marka framgöngu heilbrigðisráðherra í samstarfinu innan eigin flokks og ríkisstjórnar í sumar, er hann líklegur til að hlaða nokkur götuvígi á þeirri leið.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Miskunnsami bloggarinn

„Ég hef ekki á menningunni mætur/ sagði hann: hún mætti sleppa því að fara á fætur/ og bara selja sig einsog hún er - í bælinu allsber," Svo orti Megas um Menningarnótt og undir það tekur Egill Helgason sjónvarpsmaður sem þykir hátíðin orðin hálfgerð ómenningarnótt. Lái honum hver sem vill. Egill bloggar til dæmis um að hann hafi heyrt ungan mann í garðinum hjá sér gefa frá sér „sérkennileg hljóð, en svo heyrði ég að hann var að lýsa því hvernig hann hefði sparkað í hausinn einhverjum og lagt svo á flótta."



### „Í bælinu allsber …"

Lesandi bloggsíðu Egils greip þetta á lofti,kvaðst þekkja mann sem hefði orðið fyrir fólskulegri árás þessa nótt þar sem sparkað var í andlit hans og ódæðismaðurinn rann á flótta. Spurði lesandinn hvort Egill gæti veitt einhverjar upplýsingar. „Nei, því miður," svarar Egill, „ég var kominn upp í rúm og sá ekki manninn, heyrði bara þetta samtal." Fyrir mörgum hefði einmitt svo ískyggilegt samtal verið næg ástæða til að drífa sig á lappir, kíkja út um glugga og reyna að bera kennsl á þorparann, jafnvel hringja á lögregluna.

Aðrir láta bloggið duga.

### Icesave á íþróttavellinum

Morgunblaðið lagði djúpa merkingu í sigur íslenska körfuboltalandsliðsins á Hollendingum. Sagði Mogginn að „tónninn hefði verið gefinn fyrir Icesave-deiluna", hollenska körfuboltasendinefndin hefði farið tómhent heim og að frammistaða Fannars Ólafssonar í leiknum hafi mögulega haft eitthvað með það að gera að hann vann í Landsbankanum. Á dögunum skrifaði Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur grein sem nefndist Icesave og sagan. Þar stóð meðal annars. „Þjóðremba á kannski heima á íþróttavöllum og í Eurovision, en ekki í söguskoðun og stjórnmálum." Ansi dansar Mogginn snaggaralega í kringum þessi varnaðarorð.



kolbeinn@frettabladid.is / bergsteinn@frettabladid.is

# Kynusli í íþróttum



SVERRIR JAKOBSSON

Í DAG | Kynpróf

Á dögunum vann 18 ára stúlka frá Suður-Afríku, Caster Semanya, yfirburðasigur í 800 metra hlaupi kvenna á heimsmeistaramóti í frjálsum íþróttum. Afrek hennar fékk þó blendin viðbrögð og fljótlega komu fram ásakanir um að Semanya hefði ekki átt að vera keppandi í þessu hlaupi þar sem hún væri í raun karlmaður. Á Semanya nú að undirgangast próf til að sanna að hún sé kona og er að vonum ekki ánægð með þessi skilyrði.

Hugmyndin um að prófa kynferði íþróttakvenna vaknaði, eins og margar aðrar nýjungar í keppnisíþróttum, hjá tapsárum Ameríkönum. Nánar tiltekið var það forseti Alþjóðaólympíusambandsins, Avery Brundage, sem taldi að sumar kraftvaxnar íþróttakonur sem kepptu fyrir aðrar þjóðir væru í raun karlar. Voru kynpróf tekin upp á Evrópumóti í frjálsum íþróttum 1966 og voru síðan viðhöfð á stórmótum fram til 1999. Höfðu þau þá orðið fyrir margvíslegri gagnrýni. Í ljós kom að austur-evrópsku íþróttakonurnar sem voru skotspónn Brundages áttu ekkert sérstaklega á hættu að falla á slíku prófi en fórnarlömbin voru einkum einstaklingar með sjaldgæf erfðafrávik sem iðulega höfðu ekkert með frammistöðu í íþróttum að gera. Það reynist nefnilega ekki vera til nein óvefengjanleg aðferð til að ákvarða hver sé karl og hver kona.

Þau örfáu dæmi um afreksíþróttakonur sem hafa reynst vera karlmenn eru frá fjórða áratug síðustu aldar. Frægust er líklega pólsk-bandaríska hlaupakonan Stella Walsh sem varð Ólympíumeistari í 100 metra hlaupi kvenna 1932 en sagan segir að við andlát hennar árið 1980 hafi komið í ljós að hún væri karlmaður. Dæmi hennar er hins vegar ekki óyggjandi þar sem hún er skráð kvenkyns á fæðingarvottorði og reyndist síðar hafa verið með bæði XX og XY-litninga. Því hafa íþróttaafrek hennar aldrei verið ógilt. Önnur saga er til af þýskum íþróttamanni sem var neyddur til að keppa í kvennaflokki á Ólympíuleikunum 1936 en vann þó ekki til verðlauna. Engin dæmi eru til um afreksíþróttamann í frjálsum íþróttum sem var í raun karl en villti á sér heimildir til að keppa í kvennaflokki. Þar er kannski meginniðurstaðan af hinni þrjátíu ára sögu kynprófa sem ollu íþróttakonum ómældum óþægindum á sínum tíma.

Á meðan kynprófin voru viðhöfð var íþróttamönnum verulega mismunað. Á Ólympíuleikunum 1976 þurfti t.d. einn keppandi í kvennaflokki ekki að undirgangast slíkt próf. Það var Anna prinsessa sem keppti fyrir Bretland í hestaíþróttum. Stærri mismunun fólst þó í því að slíkt próf hefur aldrei verið lagt fyrir karlmenn heldur einungis konur. Eflaust má telja það ósennilegt að kona myndi þykjast vera karl til að ná árangri í íþróttum en hið gagnstæða virðist ekki heldur eiga sér stað. Kynferði snýst vissulega að mestu leyti um tiltekna litninga en samt er það ekki klippt og skorið. Alls staðar eiga sér stað frávik sem erfitt er að skilgreina. Það yrði líklega ekkert auðveldara að flokka Stellu Walsh nú á dögum en árið 1932. Samræmist það þá hugsjón íþróttanna að útiloka einstaklinga með erfðafrávik frá keppni?

Hvers vegna er þá draugur kynprófanna vaknaður á ný? Kannski vegna hugmyndarinnar um að íþróttir séu seinasta vígi hinnar drengilegu keppni þar sem allir eigi að hafa jöfn tækifæri. Það er göfug hugmynd en hún er varla í samræmi við veruleikann. Sumir eru frá náttúrunnar hendi betur fallnir til íþrótta en aðrir, t.d. hafa hávaxnir menn forskot í körfubolta en í langhlaupum er betra að vera lítill og léttur. Varla er það heldur tilviljun að Kalenjin-þjóðin í Kenýa, alls um 3 milljónir, á um 40% verðlaunahafa í langhlaupum á alþjóðlegum stórmótum.

Eflaust bíða einhverjir spenntir eftir niðurstöðunni úr kynprófi Caster Semanya. Það kann vel að vera að í því komi í ljós einhver erfðafrávik sem geri keppinautum hennar kleift að kæra niðurstöðuna. Í Suður-Afríku dettur hins vegar engum í hug að Caster sé svikahrappur og enginn sem þekkir hana virðist nokkurn tíma hafa litið á hana sem annað en stúlku. Þær upplýsingar ættu að nægja okkur til að vita að hún er kona. Þegar maður leitar að öruggri vissu um kynferði ætti að forðast flóknar vísindalegir aðferðir sem munu aldrei leiða að einföldum sannleika.

# Leiðrétting skulda, ekki lækkun

UMRÆÐAN

Karl Ingimarsson skrifar um skuldir



KARL INGIMARSSON

Þegar bankarnir hrundu dró íslenska ríkið úr tapi sparifjáreigenda með 200 milljörðum frá skuldurum og öðrum Íslendingum. Líklega vegna þess að sparifjáreigendur höfðu ekki gert neitt annað en að treysta bönkunum fyrir peningunum sínum.

Við sem skuldum erlend húsnæðislán skuldum núna tvöfalt það sem við skulduðum fyrir hrun. Það sem við áttum í húsunum okkar er horfið vegna þess að við treystum bönkunum og því sem þeir sögðu þegar við tókum lánin.

Hver er munurinn? Báðir aðilar treystu bönkunum fyrir sparnaði sínum, peningum og húsum, og að bankarnir stæðu við gerða samninga. Munnlegir samningar eru jafngildir skriflegum og okkur lántakendum var sagt að lánin gætu hækkað um allt að 30%.

Nú hafa lánin hækkað um 100% og „innistæður" okkar í húsunum lækkað í samræmi við það. Það á að leiðrétta skuldir heimilanna að hluta og bæta þar með tjónið á sama hátt og innistæðueigendum var bætt sitt tjón.

Við skuldarar erum ekki að óska eftir því að okkur verði gefið neitt, heldur að skuldirnar verði í samræmi við lánin sem við tókum og því sem okkur var lofað af bönkunum þegar við tókum lánin. Að eignaupptökunni verði hætt. Það er enginn munur á því að taka af fólki peninga sem það á bundið í húsum sínum eða bankareikningum. Við berum ekki ábyrgð á hruni bankanna frekar en innistæðueigendurnir.

Félagsmálaráðherra hefur heldur mildast hvað varðar leiðréttingu skulda og vill aðstoða þá sem eru verst settir, ekki flata leiðréttingu sem er réttlátust og einföldust.

Flöt niðurfelling í prósentum með hámarki er einfaldasta og sanngjarnasta leiðin. Sparifjáreigendur fengu sitt bætt, bæði þeir sem höfðu allt sitt í bönkunum og þeir sem áttu auk þess peninga undir koddanum.

*Höfundur er rafmagnstæknifræðingur.*

512 50 50 Auglýsingasími – Mest lesið

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

*Tölvunám í viðurkenndum skóla - skráðu þig núna í nám:*



# Skráðu þig í tölvunám! Menntun sem gefur þér forskot

1986 - 2009 • 23 ár í fremstu röð

Vertu betri með því að sækja nám í Tölvuskóla Tölvu- og verkfræðiþjónustunnar við Grensásveg sem er viðurkendur af menntamálaráðuneytinu sem einkaskóli á framhaldsskólastigi. Skólinn er elsti tölvuskólinn á Íslandi og yfir 39.000 nemendur hafa sótt tölvumenntun sína til skólans á meira en 23 árum. Nýttu þér tækifærin og skráðu þig strax í skólann sem flestir sækja.

**Tölvuskóli TV er viðurkenndur af menntamálaráðuneyti og erlendum aðilum til að tryggja hagsmuni nemenda.**

Microsoft CERTIFIED Partner · PEARSON VUE · PROMETRIC Testing Centre

## Veldu nám sem hentar þér og skráðu þig strax hjá Tölvuskóla TV:

### Stutt og hnitmiðað nám

**Stafræn ljósmyndun og myndbönd**
- Ljósmyndavinnsla með Picasa • *9 st./12.900*
- Stafræn ljósmyndun • *13 st./16.900*
- Photoshop Elements • *13 st./17.900*
- Stafræn myndbandagerð • *13 st./17.900*

**Excel**
- Excel I: Almennt nám • *22 st./26.900*
- Excel IIa: Sérhæft nám • *18 st./32.900*
- Excel IIb: Fjárm.,bókh. & endsk. • *18 st./39.900*
- Excel IIc: Fjölvar og forritun • *27 st./49.900*
- Excel: Pivottöflur • *5 st./12.900*

**Access**
- Access I: Almennt nám • *22 st./29.900*
- Access II: Sérhæft nám • *18 st./34.900*

**PowerPoint**
- PowerPoint I: Almennt nám • *13 st./16.900*
- PowerPoint II: Sérhæft nám • *9 st./14.900*
- PowerPoint I + II • *22 st./25.900*

**Outlook**
- Outlook I: Póstur, dagbók ofl. • *13 st./16.900*
- Outlook II: Fyrir lengra komna • *9 st./14.900*
- Outlook tímastjórnun • *6 st./8.900*

**Publisher**
- Publisher: Bæklingar,kort ofl. • *13 st./18.900*

**Word**
- Word I: Almenn ritvinnsla • *22 st./26.900*
- Word II: Kraftmikil ritvinnsla • *18 st./26.900*
- Vinnsla langra skjala í Word • *13 st./18.900*
- Dreifibréf og markpóstur í Word • *4 st./8.900*

**Byrjendanám**
- Tölvufærni fyrir byrjendur • *30 st./29.900*
- Internetið og tölvupóstur • *9 st./11.900*
- Windows fyrir byrjendur • *9 st./11.900*
- Fingrasetning - tölvuvélritun • *6 st./7.500*

**Verkefnastjórnun**
- Hagnýt verkefnastjórnun • *50 st./99.900*
- PRINCE2 verkefnastjórnun • *13 st./34.900*
- MS Project verkefnastjórnun • *18 st./44.900*
- Hugarkort - MindMaps • *4 st./9.900*

**DreamWeaver, Photoshop & Flash**
- DreamWeaver vefsíðugerð • *27 st./32.900*
- DreamWeaver og Photoshop • *54 st./54.900*
- DreamW., Photoshop og Flash • *72 st./76.900*
- Flash I: Margmiðlun • *18 st./27.900*
- Flash II: Forritun • *18 st./27.900*
- Photoshop: Ljósm. og grafík • *27 st./32.900*
- Photoshop II: framhald • *18 st./32.900*

### Hagnýtt bókhaldsnám

**Hagnýtt bókhaldsnám**
Mjög gagnlegt bókhaldsnám fyrir þá sem vilja ná góðum tökum á daglegri bókhaldsvinnu, t.d. sjálfstæðum atvinnurekendum og þeim sem ætla að vinna við bókhald. Kenndir eru allir algengustu þættir fjárhagsbókhalds, tölvubókhalds, uppgjörs. afstemningar, virðisaukaskatts, o.fl..
**Lengd**: 94 st./63 klst. **Verð**: 99.900

**Hagnýtt bókhaldsnám II**
Framhaldsnámskeið í bókhaldi fyrir þá sem vilja ná dýpri skilningi á flóknari færslum fjárhagsbókhalds og nýta sér betur sérkerfi bókhaldskerfa til að vinna upplýsingar úr þeim til stjórnunar og fyrir endurskoðanda.
Nám sem gerir þér kleift að verða betri bókari og geta gengið frá sundurliðunum til skattauppgjörs og ársreikningagerðar til uppgjörsaðila eða endurskoðanda.
**Lengd**: 60 st./40 klst. **Verð**: 79.900

**Hagnýtt bókhaldsnám I+II**: **Verð** 169.900

### Skrifstofunám

**Tölvu- og bókhaldsnám**
Einstakt nám fyrir þig með megináherslu á hagnýta tölvunotkun og bókhald.
*Helstu kennslugreinar:*
- Upplýsingatækni, Office 2007, Outlook, verslunarreikningur, bókhald o.fl.

**Lengd**: 260 st./173 klst. **Verð**: 169.900

**Skrifstofu- og tölvunám**
Hnitmiðað nám ef þú vilt verða liðtæk(ur) við fjölbreytt skrifstofustörf og vinnu við tölvu.
*Helstu kennslugreinar:*
- Tölvugrunnur, Office 2007 og Outlook.
- Tímastjórnun, markmiðasetning, framsögn, vinnumarkaður og launamál.

**Lengd**: 200 st./132 klst. **Verð**: 129.900

### Einka- og hópkennsla

Fáðu einkakennslu til að ná betri tökum á tölvunni og þeim forritum sem þú notar.
Hagstætt verð fyrir hópa á sérnámskeið.

### MCITP og MCTS nám

**MCITP Windows 2008 kerfisstjórn**
Námið undirbýr þig undir það að taka þau þrjú próf sem þarf til að verða Microsoft Certified Server Administrator (MCITP). Hægt er að sækja einstök námskeið (MCTS).
**Lengd**: 180 st./120 klst. **Verð**: 269.000
Einstök MCTS námskeið. **Verð**: 99.900
*Upplýsingar um MCITP/MCTS nám á tv.is.*

### Almennt tölvunám

Þetta er frábært nám fyrir þá sem hafa litla reynslu af tölvunotkun en vilja fá gott og ítarlegt námskeið um allt það helsta sem gert er með tölvum. Að námskeiði loknu eiga þátttakendur að hafa öðlast sjálfsöryggi við tölvunotkun.
**Helstu kennslugreinar**
- Grunnur tölvutækni og Windows
- Ritvinnsla með Word og glærugerð með PowerPoint
- Töflureiknirinn Excel
- Internetið frá A til Ö og Outlook, tölvupóstur, dagbók og tengiliðir

Kennd er úrlausn margs konar verkefna á námskeiðinu og áhersla lögð á að þau séu gagnleg og nýtist í vinnu eða heima við.
**Lengd**: 90 st./60 klst. **Verð**: 74.900.

### Tölvunám fyrir 50+

Skemmtilegt nám fyrir þá sem hafa ekki ennþá lært á tölvu og eru komnir yfir 50 árin. Námið er miðað við þarfir atvinnulífsins fyrir almenna tölvuþekkingu og hentar jafnt þeim sem þegar hafa stigið sín fyrstu skref í tölvunotkun og hinum sem ekki hafa komið nálægt tölvu áður. Lögð er áhersla á notalegt umhverfi og skemmtilega kennara á námskeiðinu.
**Kennslugreinar:**
- Grundvallaratriði tölvutækninnar og stýrikerfið Windows.
- Ritvinnsla með Word.
- Töflureiknirinn Excel.
- Internetið og tölvupóstur.
- Stafræn ljósmyndun og myndvinnsla.

**Lengd**: 72 st./48 klst. **Verð**: 64.900

### Tölvuþekking fyrir konur

Einstakt námskeið til að ná færni í notkun tölvu í leik og starfi. Stígðu rétta skrefið og lærðu á Windows, ritvinnslu í Word, Excel, Internetið og tölvupóst á skemmtilegu námskeiði í notalegu umhverfi.
**Lengd**: 60 st./40 klst. **Verð**: 54.900

### Stafræn ljósmyndun

Einstakt námskeið þar sem þú lærir að nota stafrænu myndavélina, stilla hana og taka betri myndir. Þú lærir líka að flytja myndirnar inn í tölvuna, laga þær til, prenta, búa til slideshow, færa myndirnar á geisladisk til eignar eða gjafa, allt með forritinu Picasa.
**Lengd**: 13 st./9 klst. **Verð**: 16.900
*Bjóðum einnig námskeið um Picasa og Photoshop Elements fyrir áhugaljósmyndara*

### Vefhönnun og margmiðlun

Náðu þeirri færni sem þarf til þess að starfa við vefhönnun, vefstjórnun og grafík. Spennandi og skemmtilegt nám.
**Helstu kennslugreinar**
- Hönnun og skipulag vefja
- HTML forritun
- DreamWeaver vefsíðugerð
- Photoshop I+II myndvinnsla og grafík
- Flash I+II margmiðlun

**Lengd**: 108 st./72 klst. **Verð**: 129.900

### Vefsíðugerð grunnur

Lærðu grunnatriðin í vefsíðugerð með DreamWeaver og Photoshop.
**Lengd**: 54 st./36 klst. **Verð**: 54.900

### Hagnýt verkefnastjórnun

Einstakt nám ef þú vilt ná góðum tökum á verkefnastjórnun með því að beita nútíma aðferðum og ná hámarks árangri við smá jafnt sem stór verkefni.
*Helstu kennslugreinar:*
- Undirstaða nútíma verkefnastjórnunar og helstu aðferðir sem leiða til vel heppnaðra verkefna og stjórnunar.
- Aðferðarfræði við að undirbúa, áætla og stjórna smáum jafnt sem stórum verkefnum.
- Hugbúnaður við verkefnastjórnun. Kennt á hugbúnað sem notaður er við verkefnastjórnun s.s. MS Project, Outlook, FreeMind hugarkort og áætlanagerð í Excel.

**Lengd**: 50 st./33 klst. **Verð**: 99.900

### Visual C# .NET forritun

Frábært námskeið til að læra á það forritunarmál sem flestir nota. Hnitmiðað og yfirgripsmikið mál sem undirbýr þig fyrir krefjandi forritunarverkefni og alþjóðlega próftöku í forritun. Einnig kennt á ASP.
**Lengd**: 94 st./63 klst. **Verð**: 159.900
*Kennt er á kvöldin, tvisvar í viku.*
*Þetta nám er einnig í boði sem fjarnám!*

### ASP .NET vefforritun

Einstakt námskeið til að læra vinsælasta vefforritunarmálið. Mjög reyndur forritari leiðir þig í allan sannleika um hvað hægt er að gera með ASP.
**Lengd**: 36 st./24 klst. **Verð**: 79.900
*Kennt er á kvöldin, tvisvar í viku.*
*Þetta nám er einnig í boði sem fjarnám!*

www.tv.is

### Gott að vita!

- VR, Efling og flest önnur stéttarfélög **styðja** félagsmenn sína til náms hjá okkur
- **Afsláttur** er veittur til félaga í VR, Eflingu og mörgum öðrum félögum, allt að 15%
- 30 daga ókeypis **símaþjónusta** að loknu námi
- Ókeypis **forfallatrygging** felur í sér að þú getur bætt þér upp veikindi og forföll, innan árs
- Mjög hagstæðir **greiðsluskilmálar** og **lán til allt að 5 ára** (leitið nánari upplýsinga um kjör).

### Tölvunám TV til betri verka

**– hringdu núna í síma 520 9000**
**– og skoðaðu www.tv.is til að fá meiri upplýsingar!**

### Styrkur til atvinnulausra

***Atvinnulausir fá 15% afslátt hjá okkur!***
*Hafðu samband við Vinnumálastofnun og stéttarfélagið þitt og kannaðu hvaða styrki þú getur fengið hjá þeim.*

TÖLVU- OG VERKFRÆÐIÞJÓNUSTAN
Tölvu- og viðskiptaskóli • Ráðgjafarstofa

www·tv·is

**Viðurkenndur einkaskóli á framhaldsskólastigi**

Grensásvegi 16 · 108 Reykjavík · Sími 520 9000 · tv@tv.is · www.tv.is



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Þórey Erna Sigvaldadóttir**
Reiðvaði 1, Reykjavík,

verður jarðsungin miðvikudaginn 26. ágúst í Árbæjarkirkju kl. 15.00.

Ægir Jónsson
Sigvaldi Ægisson | Elisabet Reinhardsdóttir
Jón Ægisson | Svanborg Þ. Einarsdóttir
Hrönn Ægisdóttir | Guðmann Reynir Hilmarsson
barnabörn og barnabarnabörn.



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, systir, mágkona og amma,*

**Erna María Ludvigsdóttir**

lést á líknardeild Landspítalans þriðjudaginn 18. ágúst. Jarðarförin verður auglýst síðar.

Haraldur Sch. Haraldsson
Pétur Albert Haraldsson | Berglind Johansen
Unnur María Haraldsdóttir | Helgi Bjarnason
Haraldur Ludvig Haraldsson
Pétur Ludvigsson | Nína Birgisdóttir
og barnabörn.



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma ,*

**Kristín Þorláksdóttir**
Hávallagötu 33, Reykjavík,

lést fimmtudaginn 20. ágúst.
Útförin fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík miðvikudaginn 26. ágúst kl. 15.00.

Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Fuglasafn Sigurgeirs í Mývatnssveit hjá Sparisjóði Suður-Þingeyinga í Reykjahlíð.

Arnfríður Sigurðardóttir
Erna Sigurðardóttir | Már Gunnarsson
Ásgeir Sigurðsson | Marín Pétursdóttir
Halldór Þorlákur Sigurðsson | Björg Jónasdóttir
Kristín Huld Sigurðardóttir

Fjóla, Sigurður, Pétur Steinn, Sólveig, Kristín Auður, Aðalheiður Björg, Erin, Patrick, Þór, makar og langömmubörn.

## 80 ára afmæli

Á miðvikudaginn 26. ágúst verður áttræður

**Ólafur Andrés Guðmundsson**

fyrrverandi iðnkennari, Álfaskeiði 85, Hafnarfirði.
Af því tilefni taka Ólafur og kona hans, Borghildur Sölvey Magnúsdóttir, á móti gestum á afmælisdaginn milli kl. 18 og 20 í sal Oddfellowa, Staðarbergi 2-4, Hafnarfirði.



## 60 ára afmæli

**Kristján Þráinn Benediktsson**

flugstjóri er 60 ára í dag. Hann og eiginkona hans taka á móti gestum í Stórakríka 26, Mosfellsbæ, laugardaginn 29. ágúst milli kl. 17 og 19.



†

*Yndisleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Alda Bjarnadóttir**
frá Akureyri, áður til heimilis að Hlíðarvegi 31, Kópavogi,

lést þann 1. ágúst sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey. Innilegar þakkir færum við öllum sem sýndu okkur samúð og hlýhug. Sérstakar þakkir færum við starfsfólkinu á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund.

Fh. ástvina,
Hauður Helga Stefánsdóttir, Kolfinna Snæbjörg Magnúsdóttir og Alda Sigrún Magnúsdóttir



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Sigmundur Guðmundsson**
stýrimaður, Hraunbæ 92,

andaðist á Hjúkrunarheimilinu Skógarbæ aðfaranótt 19. ágúst.

Þórdís Eggertsdóttir
Sigríður Birgisdóttir, Sigurður Hafsteinn Steinarsson
Hafþór Freyr Sigmundsson, Kristín Helga Ólafsdóttir
Ingibjörg Sigurðardóttir, Þórir Björn Sigurðarson, Steinar Orri Hafþórsson, Ólöf Hafþórsdóttir, Þórdís Hafþórsdóttir, Sigmundur Freyr Hafþórsson
og langafabörn.



†

*Elskulegi maðurinn minn, faðir, fósturfaðir, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,*

**Sigurður Ólafsson**
frá Kjarlaksvöllum,

lést miðvikudaginn 19. ágúst. Minningarathöfn fer fram frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 26. ágúst kl. 15.00. Jarðsett verður frá Staðarhólskirkju í Saurbæ í Dalasýslu laugardaginn 29. ágúst kl. 14.00. Við viljum koma fram sérstöku þakklæti til starfsfólks deildar B-2 á Landspítalanum í Fossvogi fyrir frábæra umönnun og hlýju í garð aðstandenda.

Guðrún Guðjónsdóttir
Helga Björg Sigurðardóttir | Reynir Guðbjartsson
Bára Kolbrún Guðmundsdóttir | Þorsteinn Hermannsson
Áslaug Harðardóttir
Guðjón Þór Ragnarsson
Guðrún Björg Ragnarsdóttir | Lárus Kristinn Ragnarsson

†

*Systir okkar,*

**Ásta Jósepsdóttir**
Pálshúsum, Garðabæ,

lést 16. ágúst. Jarðsett verður frá Garðakirkju fimmtudaginn 27. ágúst kl 11.00.

Guðjón Jósepsson
Ester Helgadóttir.



†

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Halldór Geir Lúðvíksson**
Erluhólum 1, Reykjavík,

lést laugardaginn 22. ágúst.

Lúðvík Thorberg Halldórsson | Jóna Sigríður Þorleifsdóttir
Guðríður Halldórsdóttir | Sveinn G. Óskarsson
Jóhanna Ósk Halldórsdóttir | Gísli Björnsson
barnabörn og barnabarnabörn.

**SEAN CONNERY ER 79 ÁRA Í DAG**

*„Mig langar meira en nokkuð annað að verða gamall maður með gott andlit, eins og Hitchcock eða Picasso.“*

***Sean Connery er skoskur leikari, þekktastur fyrir hlutverk sitt sem James Bond en hann var sá fyrsti sem lék njósnarann.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is



**FIÐLULEIKARI** Hulda Jónsdóttir hlaut styrk úr Styrktarsjóði Halldórs Hansen. Styrkinn mun hún nýta til að fjármagna nám sitt í Juilliard. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

HULDA JÓNSDÓTTIR: HLÝTUR STYRK

## Á leið í Juilliard

Hulda Jónsdóttir, átján ára fiðlunemi, hlaut á dögunum hálfrar milljónar króna styrk úr Styrktarsjóði Halldórs Hansen sem starfar undir væng Listaháskólans. „Það var mikill heiður og viðurkenning fyrir mig að vera valin en auk þess kemur styrkurinn sér mjög vel enda er ég á leið í mjög dýrt nám,“ segir Hulda sem mun frá og með haustinu stunda nám við hinn virta Juilliard-skóla í New York.

Hún hóf fiðlunámið ung, fór fjögurra ára gömul í Suzuki-deild Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar. Henni þótti alltaf gaman að læra á hljóðfærið en þegar hún var ellefu ára tók hún þá stóru ákvörðun að gera fiðluleik að ævistarfi.

Hulda var yngsti nemandi sem tekin var inn í Listaháskóla Íslands. Hún var þá aðeins fimmtán ára gömul. „Ég var búin með öll inntökuskilyrðin og LHÍ er með diplómaprógram fyrir fólk sem er komið á háskólastig í tónlistarnámi en er ekki búið með menntaskóla,“ útskýrir Hulda en hún var nú um daginn að ljúka menntaskóla en hún hefur stundað það í fjarnámi við Fjölbrautaskólann í Garðabæ.

Hulda fór að huga að framhaldsnámi erlendis strax síðasta haust. „Ég sótti um nokkra skóla og sendi út umsóknir.“ Í desember sendi hún út upptökur af spilamennsku sinni þar sem skólar á borð við Juilliard vilja heyra í nemendum, sem spila á fiðlu og píanó og öðrum greinum þar sem samkeppnin er mikil, áður en þeir bjóða þeim í inntökupróf. Huldu var boðið að koma og hún fór út í mars og spilaði fyrir inntökunefndina. „Það var alls ekki eins stressandi og ég bjóst við,“ segir hún glaðlega. Fyrir inntökuprófið var hún látin undirbúa tvo rómantíska kafla, og valdi hún kafla úr fiðlukonsert eftir Brahms. Einnig þurfti hún að geta spilað einleikskafla úr verki eftir Bach, Paganini etudu og tuttugustu aldar verk að eigin vali.

Hulda flytur út til New York núna í haust og leggjast flutningarnir vel í hana. „Þetta er pínu stress en samt meiri tilhlökkun.“ Framtíðin er því björt. Næst á dagskrá er að klára Juilliard og svo langar Huldu einnig að klára mastersgráðu. Einleikaraferill er heillandi en hún gerir sér grein fyrir að samkeppnin er mikil. „Helst myndi ég vilja blanda öllu saman og gert pínulítið af öllu, leikið einleik, kennt og spilað í hljómsveit,“ segir hún og brosir.

solveig@frettabladid.is



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**María Ágústsdóttir,**

lést á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Hlíð, Akureyri laugardaginn 22. ágúst. Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju mánudaginn 31. ágúst kl. 13.30.

Bergrós Sigurðardóttir
Þorgils Sigurðsson | Björk Sigurjónsdóttir
Hrafnhildur Sigurðardóttir | Gísli Pálsson
barnabörn og barnabarnbörn.

**BÆKLUNARLÆKNAR** sem eru sjálfstætt starfandi eru nú aðilar að rammasamningi milli Sjúkratrygginga Íslands og bæklunarlækna. Þeir sem leita til bæklunarlækna þurfa því ekki lengur að greiða læknismeðferð að fullu og óska síðan eftir endurgreiðslu. www.tr.is






# Meirapróf



ÖKU SKÓLINN Í MJÓDD

Upplýsingar og innritun í síma 5670300

NÝTT NÁMSKEIÐ HEFST 26. ÁGÚST




Sigrún Helga og dóttir hennar Brynhildur Inga Erlingsdóttir Lund hjóla reglulega úr Vesturbænum til móður Sigrúnar í Mosfellsbæ.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Hreyfing sem sparar fé

**Sigrún Helga Lund stundar heilsurækt um leið og hún kemur sér á milli staða en hún fer allra sinna ferða fótgangandi eða á hjóli. Hún vílar ekki fyrir sér að hjóla með alla fjölskylduna bæjarhluta á milli.**

Sigrún Helga Lund, stærðfræðingur og formaður Samtaka um bíllausan lífsstíl, fer um allt fótgangandi eða á hjóli. Hún á tvær ungar dætur og segir ekki nokkurt mál að vera bíllaus með börn.

„Leikskólinn er í göngufæri og við hjónin erum bæði í doktorsnámi í Háskóla Íslands, sem er skammt frá heimili okkar. Þegar við förum í búðina tökum við með okkur bakpoka auk þess sem við erum með körfur á hjólin. Ef við hjólum með stelpurnar erum við svo með tengihjól og stól auk þess sem sú eldri hjólar stundum sjálf.“

Sigrún Helga vílar það ekki fyrir sér að hjóla með fjölskylduna lengri vegalengdir og fer reglulega í matarboð til móður sinnar í Mosfellsbæ. „Um daginn var okkur svo boðið í mat á Vellina í Hafnarfirði og við hjóluðum sem leið lá úr Vesturbænum enda tekur það ekki nema um klukkutíma.

Hún nefnir margar ástæður fyrir því að hún kjósi að vera bíllaus. „Þegar maður er í doktorsnámi með tvö lítil börn þá gefst ekki mikill tími til að fara í ræktina og þá er tilvalið að hjóla á milli staða. Þá kemur þetta sérstaklega vel út fyrir budduna en á vef FÍB er að finna nokkur verðdæmi um hvað það kostar að reka bíl á ársgrundvelli. Þar má sjá að það kostar 916.000 að reka ódýrasta bílinn svo við spörum stórar upphæðir. Þess vegna hikum við ekki við að taka strætó og leigubíla ef þannig ber við.“

Sigrún Helga segir umhverfissjónarmið einnig vega þungt. „Það þarf ekki eitt tonn af stáli til að koma sér frá a til b. Þá finnst mér bílar taka allt of mikið landrými og umhverfið verður leiðinlegra fyrir vikið.“

Sigrún telur marga búa þannig að þeir geti hjólað í vinnuna á um fimmtán mínútum. „Ef það er ekki þeim mun lengra í vinnuna þá er fólk yfirleitt fljótara á hjóli en á bíl og þá sérstaklega á morgnana og í síðdegisumferðinni.“

Bíllaus lífsstíll er flestum fær að mati Sigrúnar en fjöldi fólks er í samtökunum. „Við erum að verða ársgömul og þetta hefur undið upp á sig. Það er þó ekki skylda að vera bíllaus en flestir aðhyllast þá hugmynd að hægt sé að koma sér á milli staða öðruvísi en á bíl. Nánari upplýsingar um samtökin er að finna á www.billaus.is.

*vera@frettabladid.is*


Stelpur Konur
Staðurinn - Ræktin
STOTT PILATES®

## STOTT PILATES
**Innritun hafin á haustnámskeið!**
**Sími 581 3730**

Frjáls aðgangur að opna kerfinu og tækjasal

STOTT PILATES æfingakerfið er frábær leið til að:
- Móta líkamann, bæta líkamsvitund og líkamsstöðu.
- Lengja vöðva og styrkja sérstaklega djúpvöðva maga og baks.
- Losa spennu, auka liðleika og bæta jafnvægi milli vöðvahópa.
- Losa um bakverki og hjálpa til við samhæfingu svo fátt eitt sé nefnt.

Kennt er 2x í viku í 9 vikur. Þriðjudaga og fimmtudaga kl 15:30 og 16:30.
**Nýr tími mánudaga og miðvikudaga kl 7:30.** Kennari: Agnes Amalía Kristjónsdóttir.
Byrjenda- og framhaldsnámskeið. **Verð kr. 32.400.**
Æfingakerfi byggt á pilatesæfingum Joseph Pilates.

**Barnagæsla - Leikland JSB**

**Velkomin í okkar hóp!**

DANSRÆKT JSB leggur línurnar

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732
jsb@jsb.is • www.jsb.is

EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun





**HANDÞVOTTUR** getur dregið verulega úr líkum á smiti. Þeir staðir þar sem mestar líkur eru á að mikið sé af sýklum eru til dæmis símar sem margir nota, afgreiðsluborð, lyftuhnappar og handrið í rúllustigum, handföng á innkaupakerrum, leiksvæði barna, líkamsræktartæki, pennar við afgreiðslukassa og margt fleira.



# Andleg heilsurækt

**Flestir hafa einhvers konar áhyggjur um þessar mundir og því mikilvægt að huga að andlegu heilsunni. Krónískur kvíði og áhyggjur er ástand sem sporna má við með örlítilli sjálfshjálp.**

Áhyggjur og kvíði geta heltekið mannshugann og leitt út í viðvarandi ástand sem hefur svo keðjuverkandi áhrif á líkamlega heilsu. Aðstæður margra eru breyttar í dag og fólk kynnist áhyggjum sem það hefur ekki haft áður. Nauðsynlegt er að gera sér grein fyrir því og sporna við því sem best má, því afleiðingarnar geta verið margvíslegar, ekki bara andlegar heldur hefur það áhrif á hjarta, blóðþrýsting, vöðvabólgu, húðina, öndunarfæravandamál og fleira til. Hér eru nokkur einföld en áhrifarík ráð:

■ Hafðu staðreyndir vandamálanna á hreinu. Hvað það er sem hafa þarf áhyggjur af og hvað ekki. Sumar áhyggjur eru einfaldlega byggðar á vöntun á upplýsingum eða röngum upplýsingum.

■ Settu upp aðgerðaplan. Þótt þér finnist þú ekkert geta gert til að vinna gegn ástandinu má alltaf finna eitthvað sem er skárra en að sitja með hendur í skauti.

■ Ekki bera áhyggjur þínar í hljóði. Að deila áhyggjum með þeim sem þú treystir getur verið ótrúlegur léttir og oft koma aðrir auga á lausnir sem maður sér ekki sjálfur.

■ Hreyfing er læknisfræðilega viðurkennd aðferð til að vinna gegn depurð og kvíða. Rannsóknir sýna að hreyfing, þrisvar í viku, getur unnið kraftaverk. Hreyfing sem inniheldur útiveru er þar á toppnum, göngutúr, fjallganga eða golfhringur til að mynda.

■ Hálftíma kyrrð á dag. Taktu þér tíma í að eiga stund þar sem ró og friður ríkir. Ef þú átt fullt heimili af gæludýrum og fólki farðu þá út og leitaðu uppi róluvöll eða lokaðu þig inni á baðherbergi og farðu í bað.

Að lokum:
Temdu þér hugarfar sem umbreytir vandamálum í verkefni. Líttu á allt sem á vegi þínum verður sem áskorun, þar sem þú átt kost á að sýna hvað í þér býr - í stað þess að bugast.

*juliam@frettabladid.is*



Reyndu að búa þannig um hnútana að þú fáir hálftíma stund án truflunar.

Fólínsýra er nauðsynlegt bætiefni. Hún er sérstaklega mikilvæg fyrir konur sem vilja eignast barn eða eru barnshafandi. Matvæli sem innihalda fólínsýru eru ölger, grænt grænmeti eins og spínat, fiskur, kjöt, baunir, hnetur, egg og innmatur.

**Ný og betri bætiefnabiblía**


FLOTT Í HAUST...
með Slendertone
dömu/herra belti
NÝTT
Flex Max kr. 27.900,-
Flex kr. 22.900,-
allt fyrir kroppinn
System kr. 33.900,-
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is
Sama verð um land allt - frí heimsending fyrir utan höfuðborgarsvæðið

Matargerð með ástúð og virðingu
Krúska er matstofa og verslun.
Í Krúsku er lögð áhersla á holla og vandaða matargerð.
Úrval af ferskum, framandi réttum og lífrænum vörum.
Verið velkomin!
KRÚSKA
VIÐ ELDUM FYRIR ÞIG
KRÚSKA • Suðurlandsbraut 12 • 108 Reykjavík • Sími: 557-5880 • www.kruska.is

Stelpur Konur 60+
Staðurinn - Ræktin
60+
Innritun hafin á haustnámskeið!
Sími 581 3730
Frjáls aðgangur að opna kerfinu og tækjasal
Líkamsrækt fyrir konur 60 ára og eldri
Lokuð 9 vikna námskeið sniðin að þínum þörfum.
2x í viku í 9 vikur, kl 9:30 mánudaga og miðvikudaga.
eða 18 vikur, kl 9:30 mánudaga og miðvikudaga.
Velkomin í okkar hóp!
DANSRÆKT JSB
leggur línurnar
Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732
jsb@jsb.is • www.jsb.is

Hefur þú viljann, þá hef ég uppskriftina ...

Lærðu að borða hollan og góðan mat
og taktu á aukakílóunum.
5 kíló á 5 vikum!
Sjá nánar á www.vigtarradgjafarnir.is
Íslensku Vigtarráðgjafarnir
vigtarradgjafarnir.is
865-8407

Ertu með eitthvað gott á prjónunum?
Sjálfboðaliðar í Kópavogsdeild Rauða krossins prjóna og sauma ungbarnaföt fyrir börn í neyð. Hópurinn, sem kallast Föt sem framlag, mun hittast næst og prjóna í sjálfboðamiðstöðinni Hamraborg 11, 2. hæð, miðvikudaginn **26. ágúst** kl. 16-18.
Á staðnum verða prjónar, garn og gott fólk sem hittist reglulega og lætur gott af sér leiða. Velkomið er að taka með sér eigið prjónadót. Þeir sem vilja gefa garn í verkefnið vinsamlega hafið samband. Kaffi á könnunni og með því.
Allar nánari upplýsingar í síma 554 6626.
Rauði kross Íslands
Kópavogsdeild
Sjálfboðamiðstöð Hamraborg 11 • opið virka daga kl.10-16 • sími 554 6626
kopavogur@redcross.is • redcross.is/kopavogur

Magadanshúsið
Faxafen 14
Happy Eyes Studio
Nýtt námskeið byrjar mánudaginn 7. september
Magadans fyrir:
*40+
*Krakka
*Meðgöngu
*Byrjendur
*Framhald
Bollywood
Latin Mix (Salsa/merengue/Samba)
S. 772 2345
Faxafen 14
Poledancing
Polefitness
Burlesque
Aerobic Striptease
magadans@magadans.is
www.magadans.is
skráðu þig núna
www.happyEyes.is

www.fristundir.is
Frístundir Ísland
fyrir alla
Kíktu á vefsíðu okkar!
*Fyrir upplýsingar um Haust 2009 námskeið.*
IS. Leitið að **bláa hnappnum** til að hjálpa ykkur.
ENG. Look for **the Blue Button** to help you.
POL. Szukajcie Państwo **Niebieskiego Znaczka** by uzyskać pomoc.





# skólar og námskeið

ÞRIÐJUDAGUR 25. ÁGÚST 2009




FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

FERÐAMÁLA SKÓLINN

STARFSTENGT FERÐAFRÆÐINÁM

## Ævintýralegur starfsvettvangur

Viltu starfa í frábærri atvinnugrein
– eða ertu starfandi í ferðaþjónustu!

Kynntu þér spennandi nám sem býður
upp á mörg tækifæri og möguleika.

**INNRITUN STENDUR YFIR!**

FERÐAMÁLASKÓLINN
ICELAND SCHOOL OF TOURISM



www.mk.is
Ferðamálaskólinn sími: 594 4020

# Listir og leikur

Skýrslan Aukið samstarf leikskóla við listaskóla og menningarstofnanir er komin út en kannað var hvernig samstarfi leikskóla við listaskóla og menningarstofnanir væri háttað og fundnar leiðir til að styrkja samstarfið. Í starfshópnum sem vann skýrsluna voru fulltrúar frá leikskólasviði og leikskólastjórum, menningar- og ferðamálasviði og frá Myndlistarskólanum í Reykjavík.

Helstu tillögur hópsins eru að komið verði á virku samstarfi milli leikskólasviðs, leikskóla, listaskóla og menningarstofnana, að upplýsingaferli frá listaskólum og menningarstofnunum til leikskóla verði bætt og gert markvissara, að lögð verði áhersla á þátttöku barna og virkt framlag þeirra til menningar í borginni og síðast en ekki síst að leikskólabörn öðlist fjölbreytt tækifæri til þess að upplifa menningarviðburði.

Hópurinn leitaði til aðila í leikskólum, listaskólum og menningarstofnunum og sendi út spurningakannanir til leikskóla og tónlistarskóla til að fá sem skýrasta mynd af því hvernig samstarfi er háttað í dag og hugmyndir fyrir framtíðina.

Skýrsluna má finna á vef Reykjavíkurborgar, www.rvk.is *-mmf*



Settar voru fram tillögur um virkt samstarf milli leikskóla og listaskóla.
NORDICPHOTOS/GETTY

**● UMHVERFISMÁLIN RÆDD** Einn þekktasti fræðimaður á sviði umhverfismála, Dr. Robert Costanza, er staddur hér á landi og gefst fólki kostur á að hlýða á fyrirlestur í Háskólanum á morgun, fimmtudag. Robert hefur dvalið hér og meðal annars kennt við alþjóðlega sumarskólann Breaking the barriers sem haldinn var hér við Háskóla Íslands í ágúst. Fyrirlesturinn fer fram í Öskju, sal 132, klukkan 16.00 en titill fyrirlestursins er: „Using the global recession as an opportunity to create a sustainable future". Costanza er hvað þekktastur fyrir greinar sínar um þau efnahagslegu verðmæti sem liggja í þjónustu vistkerfa en hann tók þátt í íslensku rannsóknarverkefni þar sem lagt er mat á mikilvægi þjónustu náttúrunnar á Íslandi. *-jma*




# Innritun
## í Tónskóla Eddu Borg

**Úr nógu er að velja fyrir fólk á ÖLLUM aldri:**

Forskóli
Píanó
Harmonika
Þverflauta
Klarinett

Fiðla
Selló
Kontrabassi
Slagverk
Trommur

Ný rythmísk deild
Hljómborð
Gítar
Bassi
Söngur

Skólinn verður settur í Seljakirkju laugardaginn **5. september kl. 14:00**. Skrúðganga frá Hólmaseli að **nýja húsnæðinu kl. 14:20**

Skrifstofan er opin alla virka daga frá kl. 13:00-17:00

**Frístundakort eru tekin upp í greiðslu skólagjalda.**

Erum á nýjum stað - Kleifarseli 18!

Tónskóli Eddu Borg
**Kleifarseli 18** • 109 Reykjavík • s. 557 3452
www.teb.is

Tónskóli Eddu Borg




Þeir Karl Guðni Garðarsson og Hörður Karlsson hönnuðu forritið ásamt hópi nemenda í Fjölbrautaskólanum við Ármúla.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Glósuforrit sem undirbýr nemendur fyrir próf

**Glósuforritið Recall er nýjung sem ætti að geta komið nemendum á öllum skólastigum að gagni en það var búið til af hópi nemenda í Fjölbrautaskólanum við Ármúla vorið 2008.**

„Forritið er hannað af námsmönnum með þarfir námsmanna í huga en markmiðið er að auðvelda þeim námið og spara tíma," segir Karl Guðni Garðarsson, einn af þremur úr hópnum sem hafa þróað forritið áfram.

„Það virkar þannig að nemandinn setur inn í það spurningar og svör og hefur þann kost að geta spurt hann út úr glósunum og undirbúið fyrir próf á fljótlegan og skilvirkan hátt."

Karl Guðni segir forritið útbúið fjórum mismunandi stillingum og er til dæmis hægt að láta það leggja fyrir nemandann próf þar til hann er með öll svörin rétt. „Þá er hægt að láta forritið spyrja út í fyrirfram ákveðinn tíma sem getur hentað þeim sem eiga erfitt með að halda einbeitingu." Karl er sjálfur lesblindur og segir hann forritið hafa reynst sér einkar vel.



Recall varð til í Fyrirtækjasmiðju í Ármúla en námskeiðið er þannig upp byggt að nemendur stofna fyrirtæki, hanna vöru og koma henni á markað. „Við stofnuðum fyrirtækið Memor sem fékk verðlaun sem besta fyrirtækið og með vörunni okkar Recall fengum við verðlaun sem bjartasta vonin. Sem besta fyrirtækið fengum við svo þátttökurétt í alþjóðlegri keppni fyrirtækjasmiðjunnar (Junior Achievement) sem var haldin í Stokkhólmi sumarið 2008."

Nemendum sem nota tölvur við nám hefur að sögn Karls Guðna fjölgað til muna síðustu ár auk þess sem mikið af námsefni er aðgengilegt á tölvutæku formi. „Þrátt fyrir það hefur lengi vantað glósuforrit sem er hannað með það að markmiði að auðvelda nemendum námið, spara tíma og bæta árangur," segir Karl Guðni. Hann, Hörður Karlsson og Magnús Már Hrafnsson ákváðu því að halda áfram að þróa Recall og koma því á markað. Forritið er nú komið út á ensku, sænsku og íslensku og er væntanlegt í verslanir innan skamms. Það má nálgast á slóðinni www.recall.is *-ve*

# Skartgripagerðin heillar

„Silfursmíðin er nýjung hjá okkur," segir Guðfinna Hjálmarsdóttir, eigandi verslunarinnar Litir og föndur. „Fólk getur komið og lært að smíða úr ekta silfri. Það er ekki dýrt að koma sér upp öllum græjum til þess að geta smíðað sína eigin skartgripi."

Guðfinna segist hafa verið með kynningu síðastliðinn laugardag á silfursmíðinámskeiðinu. „Við fengum mjög góðar viðtökur. Skartgripagerð er geysilega vinsæl og það blundar líka í mörgum að geta smíðað úr varanlegum, ekta efnum," segir Guðfinna og bætir við að silfur hafi verið tekið til sölu í versluninni fyrir skömmu. „Við erum alltaf með námskeið í kringum okkar vörur."



Guðfinna segist finna fyrir auknum áhuga á skartgripagerð að undanförnu.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Aðspurð segir Guðfinna námskeiðin taka þrjú kvöld og að hún búist við fólki yfir fermingu. Guðfinna segist hafa fundið fyrir auknum áhuga á skartgripagerð undanfarið. „Ég veit um talsvert marga sem til dæmis eru atvinnulausir sem eru að smíða fallega skartgripi og hafa selt þá á mörkuðum." *-mmf*

# 20% AFSLÁTTUR




## Af öllum skólatöskum 25.-28. ágúst



38% AFSLÁTTUR



**49 kr.**
Verð áður 79 kr.

30% AFSLÁTTUR



**279 kr.**
Verð áður399 kr.

35% AFSLÁTTUR



**129 kr.**
Verð áður 199 kr.

33% AFSLÁTTUR




A4

Skrifstofa og skóli | Smáratorgi 1 / Glerárgötu 34
Sími 515 5150 / www.a4.is



Samstillt par. Hundur og eigandi hans á hundanámskeiði hjá Hundaskólanum okkar.

# Námskeiðin veita afslátt af leyfisgjaldi

„Við kennum fyrst og fremst fólkinu að kenna hundinum sínum,“ segir Guðrún Hafberg hjá Hundaskólanum okkar þar sem hægt er að sækja ýmis hundanámskeið.

Guðrún hefur langa reynslu að baki enda hefur hún kennt hundaþjálfun í átján ár. Fyrst hjá Hundaskólanum á Bala og síðar hjá Hundaræktarfélagi Íslands. Hundaskólann okkar stofnaði hún fyrir nokkrum árum en hefur einbeitt sér eingöngu að honum í rúmt ár.

„Mest sóttu námskeiðin eru hvolpa- og grunnnámskeið. Það er fyrir allar tegundir hunda sem verða þó að hafa náð þriggja mánaða aldri en þá eru hvolpar búnir að fá tvær sprautur,“ segir Guðrún. Hún segir yfirleitt unga hunda á námskeiðunum en þó sé eitthvað um að fólk komi með eldri hunda. „Á námskeiðinu er farið í þann grunn sem allt annað byggir á. Hundurinn lærir að sitja, liggja, standa og koma,“ segir Guðrún en reynt er að kenna hundunum í gegnum leik og notuð er hvatning í formi góðgætis eða leikfangs. „Við látum þá vinna fyrir dótinu,“ segir hún og útskýrir að hundar hafi ekki rökhugsun eins og fólk heldur læri þeir með endurtekningu. „Ef hundur er látinn gera það sama oft og það er gert skemmtilegt þá sækir hann í að halda því áfram.“

Námskeiðin skiptast í bóklegt og verklegt. Í bóklega hlutanum er farið í hvatir, tegundabundna eiginleika, tjáningarform hunda og hvernig megi lesa í hegðun hundsins. „Þessi námskeið veita svo afslátt af hundaleyfisgjöldum,“ segir Guðrún og bendir einnig á að mörg verkalýðsfélög niðurgreiði þessi námskeið eins og tómstundanámskeið.

Í Hundaskólanum okkar er einnig boðið upp á hlýðninámskeið sem byggir þá á grunni hvolpanámskeiðsins. Auk þess kennir Guðrún fólki að sýna hundinn sinn á sýningum.

Guðrún hefur mjög gaman af vinnu sinni. „Hundar eru svo miklir vinir manns,“ segir hún en stór hluti af vinnu hennar er einnig að eiga við og kenna fólki. „Árangurinn er auðvitað mismikill hjá fólki en hvert skref er ánægjulegt. Það er svo gaman að sjá þegar fólk er farið að skilja hundinn sinn. Þá fær það miklu meiri ánægju af honum.“

SOVÍ

Kennsla fer fram á Akureyri og í Reykjavík

NUDDNÁM

NÁM Í SVÆÐA- OG VIÐBRAGÐSMEÐFERÐ
Veturinn 2009 – 2010

Kennsla utan almenns vinnutíma
Upplýsingar á www.nudd.is og
í símum 696-0970 // 895-7333

*Svæða- og viðbragðsmeðferðaskóli Íslands*

# Kraftur og gleði í Opna háskólanum í HR

**Opni háskólinn, hluti af Háskólanum í Reykjavík, fer af stað af miklum krafti í haust eins og kemur fram á nýrri vefsíðu www.opnihaskolinn.is.**



Guðrún Högnadóttir framkvæmdastjóri Opna háskólans í Háskólanum í Reykjavík, segir öll námskeið skólans hagnýt fyrir atvinnulífið. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

„Námskeiðin í diplómanáminu eru öll sérstaklega hagnýt fyrir atvinnulífið, með viðurkenndri og framsækinni þekkingu og eru á háskólastigi,“ útskýrir Guðrún Högnadóttir, framkvæmdastjóri Opna háskólans. „Í mannauðsstjórnuninni, sem kennd er bæði í Reykjavík og í fjarnámi, sækir maður sér færni sem nýtist beint í starfi, en safnar um leið háskólaeiningum sem geta nýst við hvaða háskóla sem er,“ útskýrir hún.

Nú þegar hafa fleiri hundruð nemendur sótt námskeið og viðburði Opna háskólans í ágúst. Þar ber helst að nefna námskeið um jákvæða sálfræði, vinnustofu um markþjálfun, nám fyrir viðurkennda bókara, þjálfunarnámskeið fyrir frumkvöðlakennara frá Úganda og sérsniðin námskeið fyrir fyrirtæki.

Opni háskólinn er sífellt að bæta við námsmöguleikum og diplómanámið í almannatengslum og markaðssamskiptum er ein þeirra nýjunga. „Við vinnum það með aðkomu Almannatengslafélags Íslands og það hefur vakið mikla athygli,“ segir Guðrún, en sambærilegt nám hefur ekki verið í boði hér á landi áður.

Nemendur í Opna háskólanum koma úr öllum áttum. „Við þjónum öllum, frá ellefu ára börnum og upp í æðstu stjórnendur landsins, fólk sem getur hafa lokið doktorsnámi frá Harvard fyrir mörgum árum, en kemur til okkar til að bæta enn meira við sig,“ útskýrir Guðrún. Skólinn hefur upp á síðkastið staðið fyrir afar vinsælum námskeið um ábyrgð og árangur stjórnarmanna. „Við höfum fengið fjölda íslenskra stjórnarmanna til að fara yfir lagaumgjörðina og fjalla um stöðu og siðferðislega ábyrgð stjórnarmanna. Það er sérstaklega ánægjulegt að sjá fyrirtæki á borð við Íslandsbanka, Kaupþing og Landsvirkjun senda starfsfólk sitt á slík námskeið,“ segir Guðrún. Frumkvöðlastarfsemin er áberandi í starfi Opna háskólans. „Tímarnir okkar einkennast af fagmennsku, krafti og gleði. Við erum með framúrskarandi kennara, og námið er unnið í raunhæfum verkefnum og leikjum sem henta nemendum okkar, frekar en sem löng runa fyrirlestra,“ segir Guðrún.

# Finnskan kom á óvart

**Erla Elíasdóttir stundaði nám í finnsku við Háskóla Íslands og er nú á leið til Finnlands í meistaranám. Hún segir finnsku vera skemmtilegt tungumál og námið persónulegt.**



Erla Elíasdóttir var annar tveggja nemenda sem útskrifuðust úr HÍ í vor með finnsku sem aðalgrein. Hún segir finnskuna vera mjög skemmtilegt tungumál. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Erla Elíasdóttir útskrifaðist í vor með BA-gráðu í finnsku frá Háskóla Íslands. Upphaflega hóf hún nám í bókmenntafræði og segir tilviljun hafa ráðið því að hún endaði í finnskunámi. „Ég hafði verið í skiptinámi og var að velja mér áfanga fyrir næsta ár í HÍ og rak þá augun í finnskukúrs og ákvað að prófa. Ég fann mig svo vel í því námi að ég endaði með að útskrifast með finnsku sem aðalgrein,“ segir Erla, en hún var annar tveggja nemenda sem útskrifuðust með finnsku sem aðalgrein.

Aðspurð segir Erla að auðvelt sé að læra finnsku. „Þetta er mjög skírt og reglulegt tungumál og Íslendingar eiga auðvelt með að ná réttum framburði. Það sem er aftur á móti erfitt við finnskuna er hvað þetta er ólíkt öðrum tungumálum, bæði í uppbyggingu og orðaforða, þannig það tekur tíma að koma sér inn í tungumálið.“ Kennsla fer að mestu fram á ensku á meðan nemendur eru að læra grunninn í tungumálinu, en undir lokin fer öll kennsla fram á finnsku. Að sögn Erlu var námið mjög persónulegt, enda nemendur fáir. „Þetta er auðvitað mun persónulegra en í mörgum öðrum fögum enda voru nemendurnir bara tveir. Það eru margir sem halda að finnskunám sé mjög ópraktískt en ég trúi því að maður finnur sér alltaf eitthvað til að gera.“ Erla heldur til Finnlands nú í haust þar sem hún mun leggja stund á meistaranám í finnsku við Háskólann í Turku. Hún segist hlakka mikið til Finnlandsdvalarinnar enda séu Finnar gott fólk og menningin einstök. - sm

# SÖNGSKÓLI
## Maríu Bjarkar



**María Björk**
*Skólastjóri / Söngkona*

**Regína Ósk**
*Yfirkennari / Söngkona*

**Guðbjörg**
*Söngkona*

**Lísa**
*Söngkona*

**Sessý**
*Söngkona*

**Guðrún Árný**
*Söngkona*

**Ágústa Ósk**
*Söngkona*

- 15 ára reynsla
- Tökum frístundakortið
- Erum enn með besta verðið

***Nýtt***
*14 ára og eldri taka upp söng sinn á geisladisk í fullkomnu hjóðveri*

Haustönn að hefjast

Innritum alla helgina

1. Forskóli 3-5 ára
2. Börn 5-12 ára
3. Unglingar 13-15 ára
4. Fullorðins námskeið
5. Einkatímar



Gestir á námskeiði



Ingó

Jóhanna

Skráning og upplýsingar: **www.songskolimariu.is**

Sími: 588 1111 & 897 7922 • Fákafeni 11 • songskolimariu@songskolimariu.is

Nú eru allir Söngvaborgar DVD diskarnir og "Is it true" með Jóhönnu komnir í verslanir




Auglýsing · össi · 772 6262



Bára Sigfúsdóttir stundar alhliða dansnám í einum virtasta dansskóla heims. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Heilluð í inntökuprófunum

**Bára Sigfúsdóttir leggur stund á dansnám við The Performing Arts Research and Training Studios, eða P.A.R.T.S. í Brussel. „Ótrúlega heillandi nám,“ segir Bára. Hún lýkur námi næsta vor.**

„Ég varð mjög hrifin strax og ég fór í inntökuprófin,“ segir Bára, sem áður hefur lokið diplómanámi við Listaháskóla Íslands. „Við erum í tæknitímum fyrir hádegi og jóga á morgnana. Eftir hádegi eru mismunandi námskeið. Maður er kannski í spunakúrsi í tvær vikur og svo vorum við í leiklistarkúrsi í fimm vikur. Ég er í söngtímum einu sinni í viku og rythmatímum. Svo eru styttri kúrsar, vikulangir, sem eru fræðilegir. Við lærum danssögu, heimspeki og félagsfræði eða heimspekilega nálgun að henni.“

Lögð er áhersla á heilsu. „Í hádeginu fáum við macro-biotíska máltíð. Hugsjón Önnu Teresu De Keersmaeker, sem stofnaði skólann, er að ef þú ætlar að verða góður danslistamaður þá þarft þú að huga að öllu svo þú getir fengið eins mikið út úr náminu og hægt er. Á kvöldin og um helgar er maður mikið í skólanum að vinna.“

Tekið er inn annað hvert ár og komast 35 nemendur víðs vegar að úr heiminum að hverju sinni. Þá býður skólinn einnig upp á tveggja ára danshöfundanám.

En hvers vegna varð P.A.R.T.S. fyrir valinu? „Fyrir utan það að þetta er kannski besti skóli í heiminum til að læra nútímadans, þannig að það var náttúrlega draumur að komast inn, þá var Erna Ómars að læra þarna. Það spilaði inn í að maður fór að kynna sér þetta. Það eru svo margir sem sækja um, ég hélt aldrei að ég kæmist inn.“

Hvernig er í Brussel? „Mér finnst það æðislegt og ég hugsa að ég verði þar áfram eftir nám, allavega í bili. En svo langar mig auðvitað að gera eitthvað á Íslandi og ég mun gera það. Akkúrat núna er tímabil þar sem það heillar mig meira að vera úti. Ég er búin að kynnast svo mörgu fólki sem mig langar að vinna með.“

*- kbs*

# Aðventistar bjóða upp á ókeypis námskeið

**Boðið verður upp á spennandi námskeið í sjö greinum í Suðurhlíðarskóla í Fossvogi á tveimur næstu vikum. Þau taka tvö til fjögur kvöld hvert og eru þátttakendum að kostnaðarlausu**



Vigdís Linda Jack er ein þeirra sem kenna á ókeypis námskeiðum aðventista í Suðurhlíðarskóla. Þar er ýmislegt í boði, allt frá mexíkóskri matreiðslu og slökunarnuddi, til spænsku og prjóns. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Mexíkósk matreiðsla, enska, spænska, prjón, heilsumatreiðsla, slökunarnudd og fjármál heimilisins eru greinarnar sem kenndar verða í Suðurhlíðarskóla. Það er fólk úr kirkju sjöunda dags aðventista sem stendur að námskeiðunum og í þeim hópi er Vigdís Linda Jack sem lýsir tilganginum svo. „Við viljum bjóða fólki sem kannski hefur ekki efni á að fara á námskeið eða bara leiðist heima og langar að koma og gera eitthvað skemmtilegt.“ Hún segir 10 til 12 sjálfboðaliða í þeim hópi sem haldi námskeiðin. Hann hafi boðið upp á aðstoð í vor við garðahreinsun, gluggaþvott og ýmislegt fleira. „Svo vorum við búin að lofa fólki að vera með ókeypis námskeið og þau byrjuðu í gær. Þetta eru kvöldnámskeið sem standa frá 20 til 21.30 og við verðum með þau í tvær vikur núna. Þau eru ætluð til að koma fólki af stað. Spænskan er fjögur kvöld og enskan líka en matreiðslan, slökunarnuddið og prjónanámskeiðið tvö kvöld.“

Vigdís Linda segir fimm úr hópnum sjá um kennsluna. Aðrir haldi utan um námskeiðin, bjóði upp á léttar veitingar og fleira sem gera þurfi. En hvað með hráefnið, hver borgar það?

„Í eldamennskunni verður það þannig að allir fá að smakka en það verður ekki heil máltíð fyrir hvern og einn. Þannig að við eyðum ekki miklu þar. Annaðhvort leggjum við til hráefnið sjálf eða kirkjan. Í prjónakennslunni á fólk að koma með sitt eigið garn og prjóna en við verðum með uppskriftir ef þær vantar. Þannig verður ekki mikill kostnaður þar heldur.

En fyrst allt er frítt, býst hún þá ekki við að hálf þjóðin mæti?

„Ég veit það nú ekki. Við erum með heilan barnaskóla sem aðventistar eiga og getum tekið á móti æði mörgum. Það er Suðurhlíðarskóli, beint fyrir neðan Fossvogskirkjugarð. Þar er skólaeldhús með þremur eldavélum, fullt af skólastofum og salur þannig að aðstaðan er góð.“

*gun@frettabladid.is*

● **NÝR DANSKENNARI** „Við erum að fara að funda með einum danskennara og búin að funda með öðrum,“ segir Hörður Heiðar Guðbjörnsson, framkvæmdastjóri ÍR en þar hefur verið starfrækt dansdeild undanfarin ár. Þrír danskennarar létu af störfum fyrir skömmu. Dansdeildinni bárust þrjár umsóknir og mun ákvörðun liggja fyrir á næstu dögum. „Við komum til með að ráða einn en mögulega annan með honum.“

Með mannabreytingunum ákvað dansdeildin, að sögn Harðar, að auka dansúrvalið og fékk til liðs við sig dansarann Natöshu til að kenna á breik- og hip hopnámskeiðum. „Allar skráningar á það námskeið fara fram hjá henni,“ segir Hörður.

„Við erum að henda upp æfingatöflu núna þannig að við erum ekki búin að gefa þær út,“ segir Hörður en bætir við að þó sé þegar búið að ákveða hvenær námskeið Natöshu fara fram. Aðspurður segir Hörður dansnámskeiðin vera hugsuð fyrir aldurinn frá sex til fjórtán ára. „En hipphoppið og breikið verður fyrir eldri hópa líka.“



*- mmf*





Börnin kynnast dýrunum og mörg þeirra vingast við þau.

# Fræðst um dýrin

Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn býður upp á námskeið fyrir grunnskóla á hverju ári. Þangað geta kennarar komið með bekkina sína og fræðst um dýrin. Ólík námskeið eru í boði eftir aldri. Þannig fá nemendur þriðja bekkjar dýrafræðslu þar sem lögð er áhersla á skynjun og skynfæri. Nemendur í 4. og 5. bekk geta sótt námskeið um dýr í sjó og vötnum.

Nemendur í sjötta bekk geta tekið þátt í vinnumorgni þar sem þeir hjálpa til við umhirðu dýranna og fá um leið ítarlega fræðslu um dýrin og landbúnaðarstörf. Elstu krakkarnir í unglingadeildum geta síðan komið og fræðst um villt íslensk spendýr.

Allir aldurshópar geta svo komið í garðinn og fengið leiðsögn um það sem fyrir augu ber.

Nánari upplýsingar er hægt að nálgast á www.mu.is



Stór og smá dýr má sjá í húsdýragarðinum.

● **ÍSLENSKA FYRIR ÚTLENDINGA** Íslenskunámskeið fyrir útlendinga hjá Mími símenntun hefst um miðjan september. Skráningin hófst í gær. Námskeiðin eru á fimm stigum auk sérstakra tal- og ritunarnámskeiða. Könnun á íslenskukunnáttu fyrir væntanlega nemendur verður haldin fimmtudaginn 26. ágúst í Skeifunni 8 frá klukkan 16 til 18 en nauðsynlegt er að skrá sig í könnunina.



Nánari upplýsingar má nálgast á www.mimir.is

# Námskeið í boði víðs vegar um Vesturland

Símenntunarstöð Vesturlands stendur fyrir fjölda skemmtilegra námskeiða víðs vegar um Vesturlandið í vetur, einkum í handverki.

Má þar nefna námskeið í skartgripagerð, svo sem í meðferð silfurleirs sem haldið verður í Stykkishólmi þann 19. september. Annað námskeið verður í Búðardal þann 24. september en þar verður kennt að gera víkingakeðjur með fornum mynstrum að hætti víkinganna.

Þeir sem vilja svo kynnast þurrflóka geta skellt sér á námskeið sem haldið verður að Brúarlandi á Mýrum í nóvember þar sem kennt verður að gera flókakúlur úr þurrflóka í hálsmen og armbönd.

*- jma*



Þurrflóki og silfurleir er meðal efniviðar sem í boði verður á námskeiðum Símenntunarstöðvar Vesturlands.





bhs.is
bifrost.is
fa.is
fb.is
fg.is
fiv.is
fnv.is
frae.is
fsh.is
fss.is
fsu.is
fva.is
hi.is
hr.is
idan.is
idnskolinn.is
klak.is
misa.is
mk.is
simey.is
tskoli.is
unak.is
va.is
vma.is

2012 tækifæri

Iðnaðurinn árið 2012 óskar eftir vel menntuðu fólki til starfa.

Á næstu árum verða vaxtarsprotar íslensks atvinnulífs í áliðnaði, byggingariðnaði, listiðnaði, líftækni, matvælaiðnaði, málm- og véltækni, prentiðnaði og upplýsingatækni.

Nám í verkmenntaskólum, háskólum og öðrum menntastofnunum er skynsamleg leið til að búa sig undir fjölbreytt tækifæri.

*Mótum eigin framtíð – Núna er rétti tíminn!*

*Samtök iðnaðarins – www.si.is*

SI Samtök iðnaðarins

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 09-0086

## Arkitektúr - Hönnun - Listasaga

**Vilt þú fá innsýn í spennandi heim arkitektúrs,hönnunar og listasögu? Ný námskeið á haustönn að hefjast!**








Guðmundur Gunnlaugsson arkitekt FAÍ, sem hefur hannað yfir 2000 íbúðir og önnur mannvirki á yfir 25 ára ferli, heldur lífleg 8 vikna námskeið, sem gefa spennandi innsýn í heim hönnunar og mannvirkjagerðar. Yfirlit yfir stíla og stefnur, í alþjóðlegum sem innlendum arkitektúr, sagan rakin í áhugaverðum dæmum og við skoðum létt hönnunarverkefni saman. Gjarnan eitthvað sem tengist aðstæðum heima eða á vinnustað, t.d. litasamsetningu og lýsingu. Tilvalinn fyrsti undirbúningur fyrir hönnunarnám, en líka fyrir alla þá sem hafa áhuga á manngerðu umhverfi. *Þess má geta að Guðmundur fékk nú í ágúst ásamt samstarfsfólki hönnunarverðlaun Kópavogs fyrir fjölbýlishúsin í Lundi.*



Guðmundur Gunnlaugsson
Arkitekt FAÍ
Kennslustaður:
Stórhöfði 17 110 R.vík

Frá kl. 20-22 einu sinni í viku í 8 vikur. Innritun í síma: 567-7735 / 898-7894.
Verð kr. 25.000

Gestaspjall
Landslagsarkitekt.
Lýsingarhönnuður.

Umsögn nemanda:
Frábært námskeið! Tímarnir sem voru í fyrirlestrarformi með ótal myndum voru mjög skemmtilegir og við ræddum mikið saman. Eg fékk mikið út úr þessum tímum þar sem námskeiðið fór mjög vítt yfir þetta frábæra fag. Eg er mjög ánægð með að hafa tekið þátt.
Berglind Berndsen, innanhússarkitekt FHI

## Hvað gerðist á Kalø?

Horfðu til baka!

Norræna upplýsingaskrifstofan á Akureyri efnir til ritgerðarsamkeppni fyrir Kalø-fara undir yfirskriftinni „Lífsreynsla á Kalø."

Með Kalø-förum er átt við ungmenni sem tóku þátt í dönskunámskeiðinu „Kan man lære dansk" á árunum 2004-2008.

Umfjöllunarefnið er dönskunámskeið á Kalø, sú reynsla sem Kalø-farar öðluðust og lærdómurinn sem fékkst. Hverju skilaði dvölin?

Var þetta þroskaför?

Hvað kom á óvart?

Kalø-farar eru hvattir til að setjast niður, leika sér að orðum og rifja upp ævintýrin og segja lífsreynslusögu sína af Kalø. Hvernig var að mæta nýju tungumáli? Er það reynsla til framtíðar sem Kalø-farar búa að?

Skilafrestur ritgerða er 1. október 2009.
Nánari upplýsingar varðandi skil er að finna á heimasíðu skrifstofunnar www.akmennt.is/nu

Þriggja manna dómnefnd mun velja úr innsendum ritgerðum og veitt verða verðlaun fyrir bestu ritgerðirnar.

Norræna tungumála- og menningaráætlun Nordplus styrkti verkefnið.

norden
Norræna upplýsingaskrifstofan á Akureyri

# Lestrarfærni á breytingaskeiði

**Breytingar á lestrarfærni ungmenna eru á meðal þess sem nýja PISA 2006-könnunin leiddi í ljós, en ráðstefna á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar um niðurstöður Norðurlandanna, Northern Lights on PISA, var haldin í Reykjavík 17. og 18. ágúst síðastliðinn.**



**Júlíus segir að þó kannanir sýni að lestrargetu fari hnignandi á Íslandi megi ekki túlka þær niðurstöður svo að lestrarfærnin sé á niðurleið, heldur að hún sé á miklu breytingarskeyði.** FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

PISA-könnunin er framkvæmd í öllum OECD-löndunum og nær til frammistöðu 15 ára grunnskólanemenda í lestri, stærðfræði og náttúrufræði. Eins og áður koma Finnar allra best út úr könnuninni. „Þeir eru ekki bara aðeins betri, heldur miklu, miklu betri en restin," segir Júlíus K. Björnsson hjá Námsmatsstofnun, sem var á meðal ráðstefnugesta og flutti ásamt fleirum erindi um rafrænar prófanir. „Svíþjóð er svona mitt á milli og svo eru Noregur, Danmörk og Ísland á svipuðum stað, um eða rétt undir meðaltali," útskýrir hann.

Júlíus segir enga einfalda skýringu að finna á frammistöðu Finnanna. „Margt bendir til þess að kennsla og skólaganga hafi allt annað vægi í finnsku samfélagi en til dæmis hér á landi. Í litlum þorpum úti á landi eru það læknirinn, kennarinn og presturinn sem teljast mikilvægastir. Á Íslandi hefur kennarinn varla fengið að vera með í þeim hópi," segir hann og kímir. Það er kennaramenntun í Finnlandi á öðru plani en til að mynda hér á landi.

„Finnar hafa gert þá kröfu til grunnskólakennara frá árinu 1975 að þeir hafi fimm ára háskólanám, meistarapróf, að baki. Þá eru yfir 90 prósent finnskra grunnskólakennara, sem kenna sérgreinar, með háskólapróf í sömu greinum, sem er nokkuð sem kennarar á Íslandi fá ekki tækifæri til," útskýrir Júlíus. „Kennaranám hér er þannig uppbyggt að menn sérhæfa sig í ákveðnu sviði, en vegna þess hve skólar okkar eru litlir og dreifðir neyðast íslenskir kennarar oft til að kenna efni sem þeir hafa ekki sérhæft sig í."

**LESTRARFÆRNI TEKUR BREYTINGUM**

Á meðal þess sem PISA-könnunin nær til er lestrargeta nemenda, en þróun hennar hefur valdið nokkrum áhyggjum upp á síðkastið.

„Tilgangurinn með þessu öllu saman er ekki bara að bera saman þau sextíu, sjötíu lönd sem taka þátt í könnuninni, heldur líka að fylgjast með framvindu og þróun, og flest bendir til þess núna að lestrargetu fari hnignandi," segir Júlíus. „Sú hnignun er mismikil eftir löndum, en mjög marktæk hér hjá okkur," bætir hann við.

Hann vill þó ekki túlka þær niðurstöður svo að lestrarfærni íslenskra barna sé á niðurleið, heldur að hún sé á miklu breytingaskeiði. „Þegar krakkar eru spurðir um lestrarvenjur sínar segja unglingsstrákar að þeir lesi ekkert. Ef þeir eru spurðir um netnotkun segjast þeir hins vegar nota netið mikið, en þeir virðast ekki telja það með sem lestur," bendir Júlíus á. Stúlkur hafa náð í skottið á strákum hvað varðar netnotkun, en þeir hafa haft töluvert forskot í þeim efnum á síðustu árum. „Stelpur nota netið alls ekki minna en strákar, en á annan hátt. Með tilkomu allra þessara netsamskiptatækja, eins og MSN og Facebook, hafa þær náð strákunum," segir Júlíus.

Með aukinni netnotkun og því sem má túlka sem breytingu á skilgreiningu lesturs segir Júlíus afar mikilvægt að vera vakandi fyrir skilgreiningu á lestrarfærni. „PISA-könnunin er alls ekki slæm, sú besta sem við höfum, en skilgreiningar á færni og notkun eru að breytast hratt, alveg eins og öll meðferð hins ritaða máls," segir Júlíus. „Næstu niðurstöður úr könnuninni, sem var framkvæmd í vor, koma í desember 2010 og þá ættum við að fá mjög góðar vísbendingar um hvort lestrarfærni hafi hrakað eða ekki. Það gæti farið á báða vegu," segir hann.

● **LJÓSMYNDANÁMSKEIÐ** Ýmis ljósmyndanámskeið eru haldin á vegum www.ljosmyndari.is. Fyrir síðunni stendur ljósmyndarinn Pálmi Guðmundsson sem kennir á námskeiðunum sem haldin eru á Völuteig 8 í Mosfellsbæ.

Hægt er að velja milli styttri og lengri námskeiða bæði fyrir byrjendur og lengra komna. Allt frá eins dags myndatökunámskeiði upp í sex daga ítarlegt námskeið fyrir eigendur stórra stafrænna myndavéla.

Á vefsíðunni er einnig í boði að kaupa gjafabréf og því er hægt að gleðja áhugamenn um ljósmyndun með góðu námskeiði á afmælisdaginn.

Ljósmyndun má einnig stunda í fjarnámi og hefur nýr vefur, www.fjarnamskeid.is, verið opnaður.

Nánari upplýsingar á www.ljosmyndari.is




**Gjafakort á ljósmyndanámskeið er góð hugmynd fyrir þá sem vantar góða tækifærisgjöf fyrir ljósmyndaáhugamenn.**



Námskeið í prjónaskap, rússnesku og ljóðum latínulandanna er meðal þeirra námskeiða sem í boði verða hjá Námsflokkum Hafnarfjarðar.

# Námskeið um Ísland og ESB

Auk hinna hefðbundnu námskeiða í tungumálum bjóða Námsflokkar Hafnarfjarðar, Miðstöð símenntunar í Menntasetrinu við Lækinn, upp á námskeið í takt við breyttan tíðaranda. Þannig verða námskeið þar sem kennt verður að prjóna, textílsaumur og matargerð á dagskrá. Í október mun Þorsteinn Brynjar Björnsson Evrópufræðingur svo kenna námskeið sem ber heitið Ísland og ESB og geta nemendur þar fræðst um Evrópusambandsfræðin nokkrar kvöldstundir. Fyrir spænskumælandi fólk er svo áhugavert námskeið - Ljóð latínulandanna - í boði í vetur. *- jma*



Skólavefurinn hefur notið mikilla vinsælda, meðal annars hjá krökkum á leið í samræmdu prófin.

# Skólavefurinn kominn á fullt skrið á ný

Skólavefurinn er nú að hefja fimmta starfsár sitt á vefslóðinni www.skolavefurinn.is og hyggst byrja haustið með stæl - nýju notendaviðmóti og einnig mun efni verða sett inn í stærri skömmtum vikulega, í stað minni skammta daglega. Þannig fær efnið einnig að dvelja lengur á forsíðunni hverju sinni. Skólavefurinn þjónustar kennara og nemendur, allt frá leikskólum til framhaldsskólastigs. Þar er boðið upp á alls kyns þjálfunarefni fyrir nemendur, óháð því hvar þeir standa sem og kennsluhugmyndir fyrir kennara og fleira til. Um 2.000 heimili eru með áskrift að vefnum og fjölgar þeim jafnan þegar líður á skólaárið. Að sögn talsmanna skólavefsins er áhuginn á að fá aukaaðstoð ekki síst mikill meðal nemenda sem þreyta munu samræmdu prófin í vetur.

# Aldrei fleiri í ferðamáladeild Hóla

Metaðsókn er að ferðamáladeild Háskólans á Hólum. Kennsla við önnina hefst í næstu viku og þá mun 51 nýnemi hefja nám á þrem námsbrautum. Diplóma í ferðamálafræði, diplóma í viðburðastjórnun og BA-nám í ferðamálafræði.

Allar námsbrautirnar eru boðnar í fjarnámi með staðbundnum lotum. Nemendur geta líka stundað staðbundið nám og búið í háskólaþorpinu. Um síðustu áramót brugðust íslenskir háskólar við áskorun um að taka nemendur inn í nám um áramót vegna óvissunnar á vinnumarkaði. Fyrir þá sem hyggjast hefja nám á ferðamáladeild Hóla á vorönn er umsóknarfrestur til 30. október.

Allar nánari upplýsingar má nálgast á vefsíðunni www.holar.is



Háskólinn á Hólum býður upp á ferðamáladeild.








# Það er leikur að læra

Innritun í kvöld- og fjarnám

| Kvöldskóli | Fjarnám | Diplómanám |
| --- | --- | --- |
| Byggingatækniskólinn | Byggingatækniskólinn | Endurmenntunarskólinn |
| Raftækniskólinn | Fjölmenningarskólinn | • Rekstur og stjórnun í atvinnulífinu |
| Tæknimenntaskólinn | Upplýsingatækniskólinn | - Útvegsrekstrarfræði |
| Véltækniskólinn | Skipstjórnarskólinn | - Flugrekstrarfræði |
| Meistaraskólinn | Raftækniskólinn | - Almenn lína í rekstri og stjórnun |
| | Véltækniskólinn | - Rekstrarfræði |
| | Meistaraskólinn | • Lýsingarfræði |
| | | • Lýsingarhönnun |

zetor

**Lækkað verð vegna nýrrar reglugerðar**

**Innritun lýkur 26. ágúst.**

Aðstoð við innritun 26. ágúst frá kl. 16:00 – 19:00.

Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins

Innritun fer fram á **www.tskoli.is**



Skólatöskur sáust ekki á baki nemenda fyrr en seint á síðustu öld.

**● HLIÐARTASKAN UNDANFARI SKÓLATÖSKUNNAR** Bakpokinn er fjörgamalt fyrirbrigði en fyrstu veiðimenn jarðarinnar notuðu bakpokann til að bera bráð sína heim í.

Fyrstu töskurnar sem notaðar voru undir skóladót voru ekki bakpokar heldur var líklega notast við hliðartöskur úr leðri, eins konar skjalatöskur, sem urðu tískufyrirbrigði á 17. öld. Bakpokinn tók svo við af þeim á 20. öld sem geymsla undir skólabækurnar. Það var árið 1910 sem orðið „bakpoki“ birtist fyrst í enskri tungu þegar hermenn fóru að nota þá undir útbúnað sinn. Árið 1938 birtist grein í Alþýðublaðinu um Parísartískuna þar sem segir að bakpokar sjáist nú á götunum en þeir hafi aldrei sést áður í slíku magni. Bakpokar voru ekki notaðir hér á landi undir skóladót fyrr en á 7. áratug síðustu aldar.

vísir.is
„...ég sá það á vísi“



Þór og Sigurður Oddur fengu hugmyndina að námskeið.is þegar þeir voru báðir í námi í Danmörku. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Öll námskeið á einum stað

**Námskeið.is er vefsíða sem reynir að halda utan um flest þau námskeið sem í boði eru á landinu.**

Síðan var stofnuð fyrir tæpum tveimur árum af þeim Þór Sigurðssyni og Sigurði Oddi Sigurðssyni. „Á bak við síðuna liggur mikil hugmyndavinna, forritun og vinna, en við erum fyrst núna að verða nokkuð sáttir við síðuna,“ segir Þór en um þessar mundir stendur yfir vinna við markaðssetningu síðunnar.

Hugmyndin að síðunni fæddist þegar þeir félagar voru í námi í Danmörku. „Við höfðum báðir mikinn áhuga á netfyrirtækjum og sáum mikla möguleika í netinu sem enn ætti eftir að nýta.

Heimasíða þeirra er fyrir alla sem bjóða upp á einhvers konar námskeið eða fyrirlestra, allt frá fjármálanámskeiðum til dansnámskeiða. Þeir sem ákveða að kynna námskeið sín fá eigið svæði á síðunni sem þeir geta breytt að vild. Það kostar námskeiðshaldara 2.500 krónur að halda úti svæði á síðunni. Hann fær notendanafn og lykilorð inn á sitt svæði og þar getur hann breytt dagsetningum, sett inn lógó, myndir, link og texta og er allt notendaumhverfið einfalt og þægilegt.

Þór segir umfang síðunnar vaxa hratt og fái þeir margar fyrirspurnir á degi hverjum.

Nú þegar eru um 200 skráðir á síðuna sem margir hverjir bjóða upp á fjölda námskeiða. Einnig eru tenglar á ýmis skemmtileg erlend námskeið. Heimsóknum hefur fjölgað ört þrátt fyrir litla kynningu og hefur umferð um síðuna aukist um 120 prósent á einu ári.

Er eitthvað vinsælla en annað? „Flóran er mjög fjölbreytt en framboð námskeiða er mjög árstíðaskipt. Á sumrin er meira um útinámskeið, siglinganámskeið, ferðatengd námskeið, námskeið fyrir krakka, íþróttanámskeið og ýmislegt þess háttar mjög vinsælt. Á haustin koma inn tungumálanámskeið, námsaðstoðarnámskeið, dans námskeið, jóganámskeið, líkamsrækt, hugrækt og margt, margt fleira en það sem kemur kannski mest á óvart er hve mikið er spurt um ýmiss konar saumanámskeið og matreiðslunámskeið,“ svarar Þór.

Og hvað næst? „Við munum halda áfram að bæta inn nýjum hlutum á síðuna og halda þróun hennar áfram auk þess sem ný námskeið bætast við á hverjum degi,“ segir hann.

-sg

NÁMSKEIÐ
handverk—heimilisiðnaður—handavinna

Textílsetur Íslands,
Kvennaskólanum
Blönduósi
24.—27.október.

prjón
hekl
gimb
spuni





TEXTÍLSETUR ÍSLANDS
· Kvennaskólanum ·
Árbraut 31 · Blönduósi
452 4300 894 9030
textilsetur@simnet.is
·www.textilsetur.is

# Fær óskipta athygli kennara

**Í Grunnskólanum á Borðeyri eru tólf nemendur á aldrinum sex til þrettán ára og er Jón Ómar Hannesson einn af þeim.**



Jón Ómar fer með skólabíl í skólann. MYND/ÚR EINKASAFNI

Jón Ómar Hannesson býr að Kolbeinsá 1 og sló blaðamaður á þráðinn til hans til að forvitnast um það hvernig það er að vera í jafn fámennum skóla og í Grunnskólanum á Borðeyri.

„Mér finnst það bara gaman og kennararnir hafa nægan tíma til að sinna okkur krökkunum,“ segir Jón Ómar sem er á tíunda ári. „Það er ein stelpa sem er jafn gömul mér en hinir krakkarnir eru ýmist yngri eða eldri.“

Jóni Ómari gengur vel í skóla og finnst honum skemmtilegast í smíðum , stærðfræði, íþróttum og sundi. En ertu búinn að ákveða hvað þú ætlar að verða þegar þú verður stór? „Ekki alveg en kannski ætla ég að verða bóndi eins og mamma og pabbi.“ Jón Ómar fer í skólann með skólabíl og hefur gaman af því. „Ég hleyp alltaf niður að póstkassa þar sem hann bíður eftir mér.“

Móðir Jóns Ómars, Kristín Guðbjörg Jónsdóttir, er afskaplega ánægð með skólann. „Það er ekki mikil hætta á að börnin týnist og ég held að það séu forréttindi að fá að vera í skóla þar sem haldið er jafn vel utan um hvert barn fyrir sig. En eru einhverjir ókostir? „Það er helst að það sé svolítið langt að sækja íþróttir og sund en börnin fara í sund á Hvammstanga. Ef þau kjósa að læra á önnur hljóðfæri en flautu eða píanó þurfa þau auk þess að sækja það lengra, en mér finnst kostirnir þó fleiri en gallarnir.“

Katrín Kristjánsdóttir, kennari Jóns Ómars, segir andrúmsloftið í skólanum dásamlegt. „Við skiptum nemendunum í yngri og eldri deild og eru sex í hvorri. Fyrsti og fjórði bekkur eru saman og svo fimmti, sjötti og sjöundi.“ Katrín segir skólann búa svo vel að geta boðið upp á eins konar forskóla en elstu börnin í dagvistuninni fá tvo tíma í skólanum á dag sem setur skemmtilegan lit á skólastarfið og auk þess er tónlistarskóli innan veggja skólans. „Hér erum við svo með menntaða kennara í öllum stöðum og geri aðrir betur.“

-ve



Rósa Guðný Þórsdóttir, leikstjóri hjá Stúdíó Sýrlandi ásamt Valtý Má Mikaelssyni, 11 ára, og Ragnheiði Ingunni Jóhannsdóttir, 9 ára, en þau hafa meðal annars talsett fyrir Einsa og Rún í barnaefninu Litlu snillingunum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Læra að talsetja teiknimyndir

**Stúdíó Sýrland hefur síðastliðin fjögur ár boðið upp á námskeið fyrir börn og unglinga þar sem þeim eru kynntir heimar íslenskrar talsetningar í kvikmyndum og sjónvarpsefni. Síðasta vetur var námskeiðum fyrir fullorðna einnig bætt við og var aðsóknin vonum framar.**

„Við skiptum þátttakendum niður í hópa sem eru ekki of stórir þannig að allir fá þokkalega athygli. Á barnanámskeiðunum byrjum við á að hittast í klukkutíma og fara yfir námskeiðið með foreldrum og síðan tekur við fjögurra vikna námskeið þar sem við förum í skemmtilegar leiklistaræfingar, framsögn og upplestur. Við æfum okkur í stúdíói og krakkarnir fá að talsetja eina teiknimynd sem þau fá svo á DVD-diski að loknu námskeiði,“ segir Rósa Guðný Þórsdóttir, leikstjóri hjá Stúdíó Sýrlandi, og bætir við að þau sem treysti sér til að syngja lag í upptökunum geri það einnig.

Talsetningum lýkur þó ekki fyrir alla á þessu námskeiði því þó nokkrir sem sótt hafa námskeiðin hafa fengið frekari verkefni við talsetningar hjá Stúdíó Sýrlandi, einkum yngri hópurinn. „Við þurfum mjög oft að fá börn til liðs við okkur í talsetningunum og þau hafa allnokkur fengið verkefni eftir að hafa komið í raddprufur. Talsetningarhluti fyrirtækisins Stúdíó Sýrlands sér um að talsetja allt barnaefni fyrir Ríkissjónvarpið og Stöð 2 ásamt talsetningu bíómynda, þannig að það eru mörg verkefni á okkar borði.“

Krakkar fædd 2001 og eldri eru velkomin á námskeiðin en þeim er skipt niður í hópa eftir aldri. Námskeiðin eru tvisvar í viku fyrir börn og unglinga en einu sinni í viku hjá fullorðnum og þá á laugardögum. *-jma*

# Nýr rektor við Háskólann á Akureyri

„Stærstu fréttirnar eru þær að núna er nýr rektor að hefja sitt fyrsta skólaár. Hann heitir Stefán B. Sigurðsson og starfaði áður sem forseti læknadeildar HÍ,“ segir Dagmar Ýr Stefánsdóttir, markaðs- og kynningarstjóri Háskólans á Akureyri.

Aldrei hafa jafn margir nýnemar skráð sig til náms í skólanum og í haust. Þeir eru um 700 talsins og rúmlega tvöfalt fleiri en brautskráðir nemar síðasta vor. „Auðvitað vitum við ekki enn hversu margir skila sér,“ tekur Dagmar fram en nýnemadagar skólans hefjast einmitt í dag svo að með kvöldinu kunna þessar tölur vera farnar að skýrast.

Mesta fjölgunin er í hjúkrunarfræði og umhverfis- og orkufræði en samtals skiptast nýnemarnir á 13 greinar á þremur fræðasviðum.

Skyldu flestir vera af Norðurlandi? „Miðað við reynslu undanfarinna ára er stærsti hluti nemendahópsins úr okkar nánasta umhverfi en annar stærsti hlutinn úr Reykjavík. Það eru allt-af 20-30% af höfuðborgarsvæðinu.



Stefán B. Sigurðsson er nýr rektor Háskólans á Akureyri.

Við höfum stúdentagarða á fimm stöðum í bænum og þar er tekið við umsóknum. En nú er örugglega hægara að fá húsnæði hvar sem er á viðráðanlegu verði.“ *-gun*




**BYGGJUM FRAMTÍÐINA NÚNA**

Framundan er tími breytinga. Það sem var kemur ekki aftur og hvað verður er í okkar höndum. Mikilvægt er að vera vakandi fyrir þeim áskorunum og ógnunum sem felast í þeirri stöðu sem núna er uppi. Áskoranir okkar allra eru að:

- horfa til framtíðar og sjá tækifærin sem eru og geta orðið
- læra af fortíðinni og byggja á því sem vel reyndist
- byggja upp góðan starfsanda og jákvæðni með hreinskilni og heiðarleika
- hlúa að uppbyggingu, krafti og metnaði
- hugsa raunhæft og horfa út fyrir rammann
- treysta hvert öðru, aðstoða og vinna saman
- leggja strax af stað, framtíðin er okkar

Þekkingarmiðlun leggur öllum þeim lið sem vilja byggja upp framtíðina. Okkar leiðarljós eru ábyrgð, metnaður, fagmennska og þjónusta og hjartsláttur í öllu er lýtur að viðskiptavinum okkar og samfélagi.

Líttu við á heimasíðunni okkar www.thekkingarmidlun.is og hikaðu ekki við að hafa samband í netfangi ingrid@thekkingarmidlun.is eða s. 892 2987

ÞEKKINGARMIÐLUN

**ENSKA ÁN ERFIÐIS**




Frábær leið til þess að læra ensku þegar þér hentar, hvar sem þú ert Heima, í sumarbústaðnum eða í bílnum

**Hlusta:** Nám á 18 geisladiskum með enskum og íslenskum kennurum. Nemandinn hlustar á geisladiskana og nýtir þannig heyrnaminni sitt.

**Lesa:** Vinnubók með ensku og íslensku textunum hlið við hlið. Nemandinn nýtir þannig sjónminni sitt og tengir jafnframt við eldri námsaðferðir.

**Tala:** Nemandinn les upphátt með kennurunum og leiðréttir þannig framburð sinn, jafnframt nýtir hann tilfinningaminni sitt og færni í að tala ensku.

**Aðstoð:** Nemandinn getur haft samskipti við kennara símleiðis eða með tölvupósti

** Námskeiðið hefur reynst mjög vel fyrir nemendur eldri en 25 ára.*

**Nánari upplýsingar í síma 540-8400 eða 820-3799** Tungumál.is

:fá FJÖLBRAUTASKÓLINN VIÐ ÁRMÚLA

**FJARNÁM**



**Skráning á haustönn fer fram 1. – 7. september á slóðinni www.fa.is/fjarnam**

# Mikill áhugi fyrir Reiðmanninum

Reiðmaðurinn er tveggja ára námskeiðaröð á vegum Endurmenntunar Landbúnaðarháskóla Íslands en um er að ræða stigskipt nám í reiðmennsku, hrossarækt og almennu hestahaldi. Á vef LBHÍ segir að mikill áhugi sé fyrir þessu námi en ríflega fjörutíu manns byrjuðu í náminu haustið 2008 á Mið-Fossum sem er hestamiðstöð LbhÍ í Borgarfirði og klára sitt annað ár í vetur.

Ákveðið var að bjóða upp á þetta nám nú í vetur á tveimur nýjum stöðum – annars vegar í Dallandi í Mosfellsbæ og hins vegar í Rangárhöllinni á Gaddstaðaflötum við Hellu. Áhuginn var svo mikill að nú þegar er orðið fullt á báðum stöðum. Kennarar verða Halldór Guðjónsson í Dallandi og Ísleifur Jónasson í Rangárhöllinni.

Námið er unnið í samvinnu við Félag hrossabænda og Landssamband hestamannafélaga. Sá mikli hljómgrunnur sem námið hefur fengið þykir sýna að þörf sé fyrir kennslu á þessu sviði.



Tveggja ára námskeiðaröð á vegum Endurmenntunar LBHÍ, Reiðmaðurinn, á miklum vinsældum að fagna.



Auka má notkun upplýsingatækni í kennslu með frjálsum hugbúnaði.

# Frjáls hugbúnaður í skólunum

Unnið hefur verið að því í sumar í samstarfi menntamálaráðuneytisins og áhugafólks um frjálsan hugbúnað á Íslandi að huga að leiðum til að auka notkun frjáls hugbúnaðar í skólakerfinu. Ástæðan er tvíþætt annars vegar að auka þekkingu og færni nemenda þegar kemur að upplýsingatækni en einnig hefur reynsla einstakra skóla gefið til kynna að nokkur sparnaður náist ef skipt er yfir í frjálsan hugbúnað.

Menntamálaráðuneytið hefur hug á að starfa með skólum að því að veita upplýsingar um og greiða fyrir aðgengi að frjálsum og opnum hugbúnaði vegna þess að skólar eru misjafnlega langt komnir í að nýta frjálsan hugbúnað. Þá hefur menntamálaráðuneytið hug á því að skapa miðlæga upplýsingaveitu í samstarfi við Félag um stafrænt frelsi sem auðveldar skólum að deila reynslu sinni og styrkja hver annan.

Nánari upplýsingar má finna á www.menntamalaraduneyti.is

*- mmf*



Hússtjórnarskólinn er vel sóttur í ár, enda áhugi fólks á heimilisiðn mikill.

# Biðlisti í Hússtjórnarskólann

Skólahald í Hússtjórnarskólanum hófst í gærmorgun en sem fyrr er afar góð aðsókn að skólanum. Hér áður fyrr var nokkuð um það að stúlkur væru sendar í skólann, en þær sem sitja nú námsbekk í skólanum koma þangað allar sjálfviljugar. Skólinn býður upp á 15 heimavistarherbergi. Hægt er að skrá sig á biðlista fyrir vorönn og betra að gera það fyrr en seinna enda skólinn afar vinsæll. Meðal kennslugreina í skólanum má, auk matreiðslu og þrifa, nefna fatasaum, vélsaum og útsaum, prjón og hekl og vefnað. Nemendur sauma til dæmis skírnarkjóla og barnarúmföt.

*-jma*



# Hollustudrykkir teknir saman í bók

**Út er komin hjá Sölku forlagi bókin Endalaus hollusta en í henni má finna heila glás af ávaxta- og grænmetisdrykkja-uppskriftum.**

Bókin er ekki hugsuð sem neinn kúr heldur má finna hollar og óhollari gerðir drykkja. Í henni má finna bæði leiðbeiningar um hvernig má blanda drykki og hvernig samsetningar henta vel. Einnig er heilmikill fróðleikur í bókinni um næringargildi drykkjanna sem og fróðleikur um það hvað efnin gera fyrir líkamann. Í bókinni eru drykkir úr alls kyns hefðbundnum ávöxtum en líka drykkir úr lauk, rauðri kartöflu og sykurbaunum. *- jma*


Ávaxtasafabækur eru mjög vinsælar um þessar mundir en út er komin ný bók, Endalaus hollusta.

# Árleg magavika sett í Bretlandi

**Hin breska magavika var sett í ellefta skipti í gær og stendur fram á sunnudag.**

Í tilefni af setningu vikunnar voru kynntar niðurstöður rannsóknar sem gerð var á meðal tvö þúsund Breta og miðaði að því að auka vitneskju um meltingarsjúkdóma. Drykkjarvöruframleiðandinn Yakult framkvæmdi rannsóknina. Niðurstöðurnar sýndu að sjö prósent Breta hafa verið á internetinu á klósettinu, 33 prósent verið í símanum og einn af hverjum tuttugu Bretum borðar jafnvel og drekkur á meðan. Færri vissu þó að það að sitja of lengi getur haft áhrif á heilsuna.

Yakult segir að átján prósent þeirra sem tóku þátt í rannsókninni hafi fundið fyrir krampa og náladofa eftir langa setu á klósettinu en 65 prósent vissu ekki að þessi þráseta getur valdið gyllinæð.

Simon Gabe læknir við St. Marks Spítala sagði: „Margar ástæður eru fyrir því að einhverjir sitji lengi á klósettinu. Í flestum tilvikum er það skaðlaust en þó eru vandamál því fylgjandi, meðal annars gyllinæð.“ *- mmf*


Fjórtán prósent Breta hugsa um næstu máltíð á klósettinu.
NORDICPHOTOS/GETTY















## Óska eftir að kaupa
**íslensk enskt lingapon tungumála námskeið.**

Sem er útgefið ár **1976, 1977 eða 1978** en ekki English Course.
En útgáfuárið er auðfundið fremst í bókum , námskeiðið sem mig vantar er alíslenskt og var á sínum tíma mikið auglýst, lærið ensku á 40 tímum, án efa eiga margir námskeiðið á vísum stað uppí hillu.

**Vinsamlega hringið strax og þú lest auglýsinguna, ég slökkvi á gemsanum eftir að ég hef fengið námskeiðið. Ég borga 40,000.- fyrir námskeiðið. Ómar s. 865-7013**

BREIÐABLIK

## Sundþjálfarastarf

Breiðablik sunddeild óskar eftir að ráða sundþjálfara til starfa fyrir yngri hópa félagsins.

**Nánari upplýsingar veitir yfir-þjálfari sunddeildar Breiðabliks,** Magnús Már Ólafsson: 899 4665/magnusmarolafsson@gmail.com og Ingólfur Hjörleifsson, formaður stjórnar sunddeildar: 862 8339/ingolfur@jl.is.

**Vefur Breiðabliks sunddeildar er á www.breidablik.is.**




Bifreið af gerðinni Audi A4 árgerð 1995 var stolið við Ingólfsstræti í Reykjavík þann 17. maí síðastliðinn. Skráningarnúmer bifreiðarinnar er TL 048 og er hún ljósgrá að lit og sambærileg bifreiðinni á myndinni. **Þeir sem mögulega geta veitt upplýsingar um málið er beðnir um að hafa sambandi við Svein Fjalar á netfangið sveinna@vis.is eða í síma 560-5322. Vegleg fundarlaun í boði.**

## Útboð

Félag bókagerðarmanna óskar eftir tilboðum í þakviðgerðir á Hverfisgötu 21 Rvík. Skilafrestur tilboða er til 3. sept.

Helstu verkliðir
- Bárustál 240 fm
- Þakgluggar 4 stk.

Bjóðendur sendi beiðni um útboðsgögn á stadalhus@xnet.is eða í síma 581-3141 ásamt upplýsingum um póstfang viðkomandi.
Tilboð verða opnuð 3. sept kl. 10.

www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

## Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar
## Laus kennarastaða

***Áslandsskóli***
Umsjónarkennsla á yngsta stigi
Staðan er laus nú þegar vegna forfalla.

Allar upplýsingar veitir skólastjóri Leifur S. Garðarsson í síma 585 4600/664 5501 leifur@aslandsskoli.is

Fræðslustjórinn í Hafnarfirði




NOKKUR ORÐ
Sara McMahon

# Þegar synt er á móti straumnum

Nú er yfirstaðin hin svokallaða Menningarnótt Reykjavíkur, sem haldin var hátíðleg í fjórtánda sinn í ár. Ég og systir mín ákváðum að taka þátt í menningunni í ár eins og fyrri ár og byrjuðum að þræða sem leið lá á milli kyrrstæðra bíla sem búið var að leggja þvers og kruss, á milli barnavagna, ferðamanna, hunda og unglingahópa þar til við komumst á markaðinn á Óðinstorgi. Þaðan lá leið okkar á Listasafn Reykjavíkur og aftur heim, með stuttri viðkomu í Ingólfsstræti til að hlýða á tónleika hljómsveitarinnar Retro Stefson.



Ég mundi ekki telja mig mannfælna og systir mín mun seint teljast ófélagslynd stúlka, en hvorug höfðum við gaman af því að ganga um miðbæinn í slíku mannhafi, þar sem maður var annaðhvort með eða á móti straumnum. Athyglinni var ekki beint að list og menningu heldur höfðum við hugann allan við það að ganga ekki á fólkið sem var alls staðar í kringum okkur.

Menningardagur okkar systra endaði sem sagt á því að við fórum heim í kotið, helltum upp á kaffi og sökktum okkur niður í lestur gamalla tímarita.

Áður fannst mér sem ég væri skyldug til þess að taka menningardaginn með trompi og skoða allt sem í boði var, ná góðum stað til að fylgjast með flugeldunum og skemmta mér svo fram á rauða nótt. Það sama á við á þjóðhátíðardaginn og Þorláksmessukvöld, þá leggur maður það á sig að henda sér út í mannhafið og taka þátt í öllu gamninu. Næsta ár hugsa ég að ég muni hafa opið hús fyrir alla þá vini og fjölskyldumeðlimi sem, eins og ég, þola ekki lengur við í mannhafinu.

# myndasögur

## Pondus
Eftir Frode Overli




## Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán
Eftir Kirkman/Scott







Í túninu HEIMA

# Fjölskylduhátíð í Mosfellsbæ

## Í TÚNINU HEIMA - BÆJARHÁTÍÐ MOSFELLSBÆJAR 27.-30. ÁGÚST.

**Tónlist, leiklist, myndlist, listflug, útimarkaðir, sölu- og markaðstorg, Skoppa og Skrítla, varðeldur, brekkusöngur og margt fleira.**

**Fimmtudagur 27. ágúst**
Mosfellsbær skreyttur, bæjarleikhúsið sýnir Fúttlúz.

**Föstudagur 28. ágúst**
Setningarhátíð á Miðbæjartorgi, karnivalskrúðganga, brekkusöngur og varðeldur.

**Laugardagur 29. ágúst**
Hátíðardagskrá í íþróttahúsi, Skoppa og Skrítla skemmta kl. 13, Regnbogahlaupið, Boot Camp keppnin, flugsýning og karamellukast, götugrill, útimarkaðir og margt fleira á dagskrá.
Flugeldasýning, listflug og stórtónleikar á Miðbæjartorgi - Bubbi og Egó, Paparnir ofl.
Stórdansleikur að Varmá að loknum tónleikum.

**Sunnudagur 30. ágúst**
Fornbílasýning, golfmót í Mosfellsdal, leiksýning, púkamót í mótorkrossi, stofutónleikar á Gljúfrasteini.
Hátíðardagskrá í íþróttahúsi - Stórsveit Reykjavíkur ásamt Ragga Bjarna og Kristjönu Stefáns kl. 15.

Sölu- og markaðstorg í Íþróttahúsinu að Varmá alla helgina.
Útimarkaðir í Álafosskvos og Mosfellsdal laugardag.
aa
Fjör fyrir alla fjölskylduna

Nánari upplýsingar og dagskrá á **www.mos.is**



MOSFELLSBÆR

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| THE GOODS: LIVE HARD, SELL HARD | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| TAKING OF PELHAM 123 | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| TAKING OF PELHAM 123 LÚXUS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| G.I. JOE | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| KARLAR SEM HATA KONUR | kl. 5 - 10.10 | 16 |
| ÍSÖLD 3 3D ÍSLENSKT TAL | kl. 3.30 D (850 KR) | L |
| ÍSÖLD 3 ÍSLENSKT TAL | kl. 3.30 | L |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| THE TIME TRAVELER'S WIFE | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| STELPURNAR OKKAR | kl. 6 - 8 | L |
| G.I. JOE | kl. 6.30 - 9 | 12 |
| FUNNY GAMES | kl. 10 | 18 |
| KARLAR SEM HATA KONUR | kl. 6 - 9 | 16 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| TAKING OF PELHAM 123 | kl. 5.45 - 8 - 10.10 | 16 |
| G.I. JOE | kl. 5.45 - 8 | 12 |
| KARLAR SEM HATA KONUR | kl. 5.20 | 16 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 500 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| THE TIME TRAVELER'S WIFE | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| TAKING OF PELHAM 123 | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| MY SISTERS KEEPER | kl. 8 - 10.20 | 12 |
| CROSSING OVER | kl. 5.30 | 16 |
| KARLAR SEM HATA KONUR | kl. 7 - 10 | 16 |

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| THE GOODS | kl. 6, 8 og 10 | 12 |
| THE TAKING OF PELHAM 123 | kl. 5.50, 8 og 10.10 | 16 |
| G.I.JOE: THE RISE OF COBRA | kl. 3.40, 5.45, 8 og 10.20 | 12 |
| ÍSÖLD 3 - Íslenskt tal | kl. 3.50 | L |
| ÍSÖLD 3 - 3D - Íslenskt tal | kl. 4 | L |

ÞRIÐJUDAGSBÍÓ Í SAMBÍÓUNUM Í DAG KR. 500
GILDIR EKKI Í VIP, Á ÍSLENSKAR MYNDIR OG Á MYNDIR Í 3D




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| DRAG ME TO HELL | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 16 |
| DRAG ME TO HELL | kl. 8 - 10:20 | VIP |
| PUBLIC ENEMIES | kl. 5 - 8 - 10:50 | 16 |
| G-FORCE - 3D M/ ísl. Tali | kl. 4(3D) - 6(3D) | L |
| G-FORCE - 3D M/ ísl. Tali | kl. 3:40 | L |
| THE PROPOSAL | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20 | L |
| HARRY POTTER | kl. 5 - 8 - 10 | 10 |
| HARRY POTTER | kl. 5 | VIP |
| BRUNO | kl. 11 | L |
| THE HANGOVER | kl. 8 | 14 |

SKRÁÐU ÞIG Í FRÍÐINDAKLÚBB SAMBÍÓANNA Á HTTP://FACEBOOK.SAMBIOIN.IS

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| DRAG ME TO HELL | kl. 8:20 - 10:30 | 16 |
| PUBLIC ENEMIES | kl. 8:20 - 11 | 16 |
| G-FORCE - 3D M/ ísl. Tali | kl. 4(3D) - 6(3D) | L |
| G-FORCE - 3D M/ Ensk. Tali | kl. 6(3D) | L |
| THE PROPOSAL | kl. 3:40D - 8:20D - 10:40D | L |
| HARRY POTTER | kl. 5 | 10 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| DRAG ME TO HELL | kl. 8 - 10 | 16 |
| THE PROPOSAL | kl. 8 | L |
| PUBLIC ENEMIES | kl. 10 | 16 |
| HARRY POTTER | kl. 5 | 10 |
| G-FORCE M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |


# DJ-veisla á Nasa

Þrettán erlendir plötusnúðar og einn íslenskur þeyta skífum á Nasa á föstudaginn. Á meðal þeirra eru Skream, Kanio, Equalizers og Solarity. Allir plötusnúðarnir spiluðu nýverið á Glastonbury-hátíðinni á Englandi og vöktu þar mikla lukku. Þeir eru hluti af DO-ONE sem er einn heitasti raftónlistarhópurinn í London um þessar mundir og er mjög framarlega í klúbbasenunni þar í borg. Hópurinn er einnig hluti af samtökunum ATG (Ahead of the Game).

„Þetta eru langstærstu erlendu DJ-tónleikarnir á Íslandi. Ég held að það hafi aldrei verið jafnmikið af plötusnúðum á einu kvöldi,“ segir skipuleggjandinn Friðrik Ólafsson, sem hefur undirbúið atburðinn síðastliðna fjóra til fimm mánuði, í samstarfi við ATG. „Það verður opið frá klukkan níu um kvöldið og þeir ætla að keyra á fullu til sex um morguninn á báðum hæðum,“ segir hann og lofar brjálaðri stemningu. Miðasala á tónleikana fer fram á Midi.is og í Skífunni. Forsöluverð er 2.500 kr. en miðaverð við inngang verður 3.000 kr. -fb


**STUÐ Á NASA** Alls munu þrettán erlendir plötusnúðar þeyta skífum á Nasa á föstudagskvöld.

# Tarantino í efsta sætið

**Stríðsmynd Quentins Tarantino, Inglorious Basterds, fór beint í efsta sæti aðsóknarlistans vestanhafs um síðustu helgi. Tekjur myndarinnar námu rúmum 36 milljónum dollara, eða um 4,6 milljörðum króna, og tók hún þar með efsta sætið af geimverumyndinni District 9. Þetta eru bestu viðtökur við nokkurri mynd Tarantinos á ferli hans og sló myndin met Kill Bill 2 frá árinu 2004. Þetta góða gengi kemur sér einnig vel fyrir framleiðendurna Harvey og Bob Weinstein sem hafa lítið grætt á myndum sínum síðan þeir stofnuðu nýtt fyrirtæki árið 2005. Áður höfðu þeir þénað stórvel á myndum á borð við Shakespeare In Love, Chicago og Tarantino-myndinni Pulp Fiction.**

# Vel mætt á Hjálmamynd

**Heimildarmynd um hljómsveitina Hjálma var frumsýnd á föstudaginn var. Myndin er eftir Bjarna Grímsson og Frosta Jón Runólfsson og fjallar um för hljómsveitarinnar til Jamaíka.**

Heimildarmyndin Hærra ég og þú var frumsýnd í Austurbæ á föstudaginn var. Myndin var tekin upp í maí á þessu ári á meðan meðlimir hljómsveitarinnar Hjálma dvöldu á Jamaíka við upptökur. Líkt og myndirnar bera vitni um þá var margt um manninn á frumsýningunni. - sm


**AÐDÁENDUR** Ásgeir Örn Hallgrímsson og Hanna Borg Jónsdóttir voru á meðal frumsýningargesta. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


**EFTIRVÆNTING** Þær stöllur Ellen Guðmundsdóttir og Britta Magdalena Ágústsdóttir mættu saman á frumsýningu myndarinnar.


**KRUMMI OG SIGRÚN** Tónlistarmaðurinn Krummi lét sig ekki vanta á sýninguna. Hér er hann ásamt Sigrúnu Hólmgeirsdóttur.


**ÁSDÍS DÖGG OG FANNEY BJÖRG** Ljósmyndari Fréttablaðsins náði að smella mynd af vinkonunum áður en sýning hófst.




# Tvíkynhneigður kennari slær í gegn



**SIGURSTRANGLEGUR** Danyl Johnson söng sig inn í hug og hjörtu Breta í fyrsta þætti nýrrar X-Factor-seríu og Simon Cowell fullyrti að frammistaða hans væri besta fyrsta prufa sem hann hefði séð.

X-Factor-söngþættirnir hafa notið gífurlegra vinsælda í Bretlandi og hófst sjötta þáttaröðin þar í landi á laugardaginn. Fyrstu þættirnir eru yfirleitt misgóðir og bjuggust fáir við að sjá hugsanlegan sigurvegara stíga á svið í fyrsta þættinum. Það ætlaði því allt um koll að keyra þegar 27 ára dans- og leiklistarkennari að nafni Danyl Johnson söng Joe Cocker-útgáfuna af With a Little Help From My Friends. Tilþrifin voru slík að hann náði áhorfendum í salnum á sitt band á fyrstu sekúndum lagsins og söng sig inn í hug og hjörtu dómaranna Simons Cowell, Dannii Minogue, Louis Walsh og Cheryl Cole sem stóðu öll upp til að klappa honum lof í lófa. Cowell, sem er þekktur fyrir hreinskilni og dómhörku, fullyrti að frammistaða Danyls væri besta fyrsta prufa sem hann hefði séð síðan hann hóf að dæma í American Idol 2001.

Í viðtali við Daily Mirror segist Danyl ekki eiga orð yfir viðbrögðunum sem hann fékk, en hann beið í fjórtán klukkutíma eftir að komast í prufurnar í O2 Arena í London. Aðspurður segist hann vera á lausu og ætla að einbeita sér alfarið að keppninni á komandi vikum, en hann fer ekki leynt með tvíkynhneigð sína og segir nægan tíma til að hitta draumaprinsinn eða -prinsessuna síðar. Mörg hundruð þúsund manns hafa þegar horft á upptökuna af prufu Danyls á Youtube og er hann af mörgum talinn vera „næsta Susan Boyle“ sem sló svo eftirminnilega í gegn í þættinum Britain‘s Got Talent. -ag

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Þriðjudagur 25. ágúst 2009**

### ➜ Tónleikar

**20.30** Píanóleikararnir **Snorri Sigfús Birgisson** og **Anna Guðný Guðmundsdóttir,** ásamt slagverksleikaranum Pétri Grétarssyni, halda tónleika á **Listasafni Sigurjóns Ólafssonar** á Laugarnestanga.

### ➜ Jazzhátíð

**21.00** Trompetleikarinn **Snorri Sigurðarson og hljómsveitin OC/DC,** leika tónlist eftir Ornette Coleman á tónleikum í **Rósenberg** við Klapparstíg. Jazzhátíð Reykjavíkur stendur yfir til 1. september. Nánari upplýsingar á **www.jazz.is.**

### ➜ Kvöldganga

**19.15 Þórir Stephensen** leiðir göngu um Viðey og segir frá þeim höfðingjum sem þar hafa búið allt frá því klaustur var stofnað 1225. Siglt verður frá **Skarfabakka** kl. 19.15. Nánari upplýsingar á www.reykjavik.is.

### ➜ Sýningar



Í menningarmiðstöðinni **Gerðubergi** við Gerðuberg 3-5, hefur verið opnuð sýning á pólitískum skopmyndum **Halldórs Baldurssonar**. Opið virka daga kl. 11-17 og um helgar kl. 13-16.

Í **Skaftfelli,** Menningarmiðstöð á Seyðisfirði standa yfir þrjár sýningar. Í Aðalsal sýnir **Kristján Steingrímur Jónsson,** á Vesturvegg sýna **Kristín Arna Sigurðardóttir** og **Þórunn Gréta Sigurðardóttir** og í verkefnarýminu Bókabúðinni sýnir **Þórunn Hjartardóttir**. Opið alla daga kl. 12-22.

Í **Galleríi Fold** við Rauðarárstíg hafa verið opnaðar tvær sýningar. **Haraldur Bilson** sýnir í Forsal Gallerísins en **Erlingur Jón Valgarðsson (Elli)** sýnir í Hliðarsal. Opið mán.-fös. kl. 10-18, lau. kl. 11-16 og sun. kl. 14-16.

### ➜ Síðustu Forvöð

Sýningu á verkum eftir **Piotr Nathan** í **Gallerí klaustri** á Skriðuklaustri (701 Egilsstaðir), lýkur á miðvikudag. Opið alla daga kl. 10-18.

### ➜ Leikrit



**20.30 Ferðaleikhúsið / Light Nights** sýnir verkið **„Visions from the Past“** eftir Kristínu G. Magnús í Iðnó við Vonarstræti. Flutningur fer fram á ensku. Þetta er síðasta sýning. Nánari upplýsingar á **www. lightnights. com.**

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**


# Bodrum - Tyrkland

**19. sept. - 9 nátta ferð**

**frá kr. 139.900**

**Ótrúleg sértilboð!**
**Með öllu inniföldu**

***Aðeins örfá sæti í boði!***

Heimsferðir bjóða frábært sértilboð til Bodrum, eins eftirsóttasta áfangastaðar Tyrklands, 19. september í 9 nætur. Í boði er gisting á völdum hótelum með „öllu inniföldu“, þ.e. Hotel Eken Resort, L'Ambiance Resort og á lúxushótelinu La Blanche Resort & Spa.

L'Ambiance Resort er gott og notalegt hótel sem líkað hefur mjög vel meðal gesta okkar, Eken Resort er gott og vel staðsett hótel og La Blanche Resort & Spa er sannkallað lúxushótel þar sem allur aðbúnaður er eins og best verður á kosið. Athugið að í heimflugi er millilent í London.

„Allt innifali“ sem felur m.a. í sér morgun-, hádegis- og kvöldverð auk innlendra óáfengra og áfengra drykkja frá morgni til kvölds (ca. til kl. 23-24, mismunandi eftir gististöðum). Fyrir ýmsa þjónustu á hótelunum þarf að greiða sérstaklega.



**Kr. 139.900 - með „öllu inniföldu“ í 9 nætur**

Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli með “öllu inniföldu” í 9 nætur á Hotel Eken Resort. Gisting á L'Ambiance Resort kr. 10.000 aukalega. Gisting á La Blanche Resort & Spa kr. 45.000 aukalega. Athugið að í heimflugi er millilent í London.

Heimsferðir

**Skógarhlíð 18 • sími 595 1000**
**Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is**

Ferðaskrifstofa – Leyfishafi Ferðamálastofu

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.



**Auglýsingasími**

**512 50 50**




– Mest lesið








**Mótettukór Hallgrímskirkju**

Mótettukórinn getur bætt við sig nokkrum góðum söngvurum í allar raddir.

Áheyrnarprufur fara fram dagana 31. ágúst og 1. september 2009.

Skráningar í síma 510 1000.

Mótettukór Hallgrímskirkju

## > Guðrún Sóley með heilahristing?

Guðrún Sóley Gunnarsdóttir varð fyrir slæmu samstuði við leikmann franska landsliðsins í leiknum í gær. Sú franska þurfti að fara af velli alblóðug í andlitinu en Guðrún Sóley harkaði af sér og kláraði leikinn. Reynir Björn Björnsson, læknir landsliðsins, sagði við Fótbolta.net eftir leik í gær að Guðrún Sóley hefði kvartað undan svima og ógleði í hálfleik en hefði treyst sér til að klára leikinn. Af þeim ástæðum kom hún aðeins of seint í síðari hálfleikinn.



sport

sport@fr[illegible]bladi[illegible]

HÓLMFRÍÐUR MAGNÚSDÓTTIR: SKORAÐI FYRSTA MARK ÍSLANDS Á STÓRMÓTI EFTIR AÐEINS FIMM MÍNÚTUR:

# *Leiðinlegt að svona gott lið þurfi tvö víti*

Hólmfríður Magnúsdóttir lofaði marki fyrir leikinn á móti Frökkum og stóð við það. „Ég stend alltaf við orð mín. Ég gef ekki oft loforð en ég fann það á mér að ég myndi skora í þessum leik. Ég vil meina að þetta hafi gengið vel í byrjun leiks en svo fá þær gefins víti," sagði Hólmfríður eftir leikinn.

„Það þarf allt að ganga upp hjá okkur í þessum leikjum en það er leiðinlegt að svona gott lið þurfi tvö víti til þess að vinna okkur. Þær voru samt betri í dag og það féll líka allt með þeim," sagði Hólmfríður.

„Auðvitað ætlum við okkur mikið því við erum komnar hingað til að gera einhverja hluti en ekki til að vera með. Við munum rífa okkur upp, undirbúningurinn fyrir Noregsleikinn er strax að byrja og við munum læra af þessum leik og taka það með í næsta leik," sagði Hólmfríður.

„Við verðum bara að vinna Noreg til þess að eiga möguleika í riðlinum sem við ætlum okkur að gera. Það markmið hefur ekkert breyst," sagði Hólmfríður.



„Ég held að allir hafi haldið að það væri að byrja eitthvert ævintýri þegar við komumst yfir en svo vorum við skotnar niður á jörðina," sagði Margrét Lára Viðarsdóttir sem lagði upp markið fyrir Hólmfríði.„Við féllum svolítið til baka í kjölfarið á markinu og ég veit ekki hvort við höfum haldið að þetta væri komið," sagði Margrét sem lét verja frá sér víti í leiknum. „Þetta var bara léleg vítaspyrna og það er gríðarlega svekkjandi að hafa klúðrað vítinu. Ég á að klára svona færi en svona getur gerst og maður verður bara að bíta í það súra epli. Maður verður bara að koma sterkari til baka og sýna úr hverju maður er gerður."

**Ísland 1-3 Frakkland**

Ratina Stadium. Áh: 1.460 — Natalia Avdonchenko (3)

*1-0 Hólmfríður Magnúsdóttir (6.)*
*1-1 Camille Abily, víti (18.)*
*1-2 Sonia Bompastor, víti (53.)*
*1-3 Louisa Necib (67.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 6–20 (2–13) |
| Varin skot | Þóra 10 – Bouhaddi 1 |
| Horn | 4-2 |
| Aukaspyrnur fengnar | 5-7 |
| Rangstöður | 2-0 |

Þóra B. Helgadóttir:

## 2-2 hefði verið sanngjarnt

**FÓTBOLTI** Þóra Björg Helgadóttir stóð sig vel í íslenska markinu á móti Frökkum en gerði mistök í þriðja markinu.

„Mér hefði fundist 2-2 vera sanngjörn úrslit en það er svolítið dýrt þegar hitt liðið fær tvö víti og svo geri ég mistök í síðasta markinu. Margrét klúðrar síðan víti og þetta kostar allt sitt og við getum ekki ætlast til að vinna leik þegar hlutirnir ganga svoleiðis," sagði Þóra.

„Þetta er frábært lið og þær eru betri en Norðmenn miðað við það sem maður sá í dag," sagði Þóra og hún segir liðið eiga mikið inni. „Það átti líka engin okkar góðan dag. Við börðumst og gáfum hjartað í þetta en þetta var svolítið stöngin inn hjá þeim og stöngin út hjá okkur. Við þurfum að hafa svolitla lukku með okkur í þessum leikjum og vonandi kemur hún í næstu tveimur leikjum," sagði Þóra. **- óój**

# Ísland í rússneskri rúllettu í Tampere

**Rússneskur dómari gaf Frökkum tvær ódýrar vítaspyrnur í 1-3 tapi stelpnanna okkar í fyrsta leik Íslands í úrslitakeppni stórmóts. Draumabyrjun og mark Hólmfríðar Magnúsdóttur eftir 6 mínútur dugði skammt.**

**FÓTBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið tapaði 1-3 fyrir Frökkum í fyrsta leik sínum á EM í Finnlandi sem fram fór í Frakklandi í gærkvöldi. Íslenska liðið fékk draumabyrjun á sínu fyrsta stórmóti en Frakkar komust yfir á tveimur ódýrum vítaspyrnum og gerðu síðan út um leikinn um miðjan seinni hálfleik.

Íslensku stelpurnar gerðu sér vel grein fyrir fyrir leikinn að þær væru litla liðið en áttuðu sig kannski ekki á því að þær væru pínulitla liðið í augum dómaranna ef marka má frammistöðu rússneska dómarans Natölju Advontsjenkó í leiknum í gær. Auk þess að gefa vítin refsaði hún íslensku stelpunum ítrekað fyrir lítil brot á meðan frönsku varnarmennirnir komust upp með mun fastari leik.

Íslenska liðið fékk draumabyrjun í leiknum því það voru ekki liðnar nema 5 mínútur og 20 sekúndur af fyrsta leik Íslands á stórmóti að Hólmfríður Magnúsdóttir skallaði inn fyrirgjöf Margrétar Láru Viðarsdóttir í tómt markið eftir að markvörður Frakka hafði misst af boltanum. Íslensku stelpurnar höfðu verið óhræddar að sækja á franska liðið í upphafi og kom því markið í framhaldi af því.

Eftir markið lenti íslenska liðið í alltof miklum eltingarleik og Frakkarnir tóku öll völd á vellinum. Þóra varði nokkrum sinnum mjög vel og íslenska liðinu gekk mjög illa að halda boltanum.

Fyrirliði Frakka kom sínum stelpum síðan inn í leikinn að nýju



**SVEKKTAR** Sara Björk Gunnarsdóttir og félagar í íslenska landsliðinu voru niðurlútar eftir leikinn í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/OSSI AHOLA

með því að fiska vítaspyrnu að því virtist upp úr þurru. Sandrine Soubeyrand vitist kiksa eftir viðskipti við Guðrúnu Sóleyju Gunnarsdóttur en rússneski dómarinn dæmdi á vítapunktinn.

Strax eftir markið fengu Frakkar dauðafæri eftir aukaspyrnu en Þóra náði á einhvern ótrúlegan hátt að bjarga marki. Íslenska liðið fór að ganga aðeins að halda boltanum innan liðsins þegar leið á seinni hálfleikinn en Frakkarnir voru þó áfram með yfirhöndina. Það voru örugglega flestir Íslendingarnir fegnir þegar flautað til hálfleiks og íslenska liðið fékk tækifæri til endurstilla leik liðsins.

Frakkar fengu síðan aðra gjöf frá franska dómaranum sem dæmdi víti á Ólínu Guðbjörgu Viðarsdóttur fyrir að hrinda sóknarmanni Frakka. Frakkarnir þökkuðu pent fyrir sig og komust yfir.

Lukkan var síðan ekki með íslenska markinu í þriðja markinu þegar Þóra varði boltann að því virtist mjög vel en missti hann síðan í markið.

Það virtist vera sem lukkan væri að ganga til liðs við íslenska liðið þegar Dóra María Lárusdóttir fékk vítaspyrnu eftir laglegt upphlaup og þar var um augljósa vítaspyrnu að ræða. Margrét Lára lét hins vegar franska markvörðinn verja frá sér og með því fór eiginlega síðasta von íslenska liðsins um að koma sér aftur inn í leikinn.

Íslenska liðið hafði miklar væntingar fyrir þennann leik en náði ekki að fylgja þeim eftir inn á vellinum. Franska liðið er gríðarlega vel spilandi og stelpurnar okkar fengu fyrstu kynnin af því af hverju riðillinn er kallaður dauðariðillinn. Þær máttu ekki við því að lenda undir í leiknum sem leggur enn meiri áherslu á það hversu ósanngjarnt og svekkjandi það var að fá á sig gefins vítaspyrnu. Lukkan og dómgæslan verður vonandi með íslenska liðinu í Noregsleiknum.



EM Í FINNLANDI
**ÓSKAR ÓFEIGUR JÓNSSON**
skrifar frá Tampere
*ooj@frettabladid.is*

## FRAMMISTAÐA LEIKMANNA

**Þóra Björg Helgadóttir, markvörður.** .......... 7
Varði oft mjög vel og var mjög örugg í öllum sínum aðferðum. Gerði óheppileg mistök í þriðja markinu eftir að hún virtist hafa varið skotið mjög vel.

**Erna Björk Sigurðardóttir, hægri bakvörður.** .......... 6
Stóð vaktina vel og gerði fá mistök. Tók þó ekki mikinn þátt í sóknarleiknum.

**Katrín Jónsdóttir, miðvörður.** .......... 6
Hefur spilað betur og unnið fleiri bolta en hún stjórnaði varnarleiknum ágætlega.

**Guðrún Sóley Gunnarsdóttir, miðvörður.** .......... 7
Var mjög skynsöm og stöðvaði oft efnilegar sóknir Frakka með útsjónarsemi. Stóð einnig af sér þungt höfuðhögg og kláraði leikinn.

**Ólína Guðrún Viðarsdóttir, vinstri bakvörður.** .......... 6
Lenti oft í vandræðum með fljóta sóknarmenn Frakka og ekki hjálpaði það til að fá gult spjald upp úr þurru. Var of æst í fyrri hálfleik en róaði sig og spilaði mun betur í seinni hálfleik.

**Edda Garðarsdóttir, varnartengiliður** .......... 5
Komst ekki nægilega í takt við leikinn í byrjun og lenti ásamt Katrínu í erfiðleikum með að valda sóknartengiliði franska liðsins. Vann sig á og gekk betur í seinni hálfleik.

**Katrín Ómarsdóttir, varnartengiliður.** .......... 5
Var að reyna og barðist vel en fann þó aldrei taktinn við hlið Eddu Garðarsdóttur hvorki varnar- né sóknarlega.

**Sara Björk Gunnarsdóttir, sóknartengiliður** .......... 6
Var að berjast úti um allan völl og í flestum boltum en kom boltanum oft ekki nægilega vel frá sér. Það hljóp samt enginn meira þær 76 mínútur sem hún spilaði.

**Hólmfríður Magnúsdóttir, vinstri kantmaður** .......... 6
Var alltaf ógnandi frá fyrstu mínútu og skoraði glæsilegt mark. Var þó oft að gera hlutina of flókna þegar leið á leikinn og sást ekki mikið í seinni hálfleik.

**Dóra María Lárusdóttir, hægri kantmaður.** .......... 6
Sást lítið sem ekkert í fyrri hálfleik en átti þátt í markinu. Var mun meira í boltanum í seinni hálfleik og fiskaði vítið.

**Margrét Lára Viðarsdóttir, framherji.** .......... 6
Var í strangri gæslu og fékk lítið boltann en gerði ávallt vel þegar hún fékk boltann frammi. Lagði upp markið með glæsilegri sendingu en fór illa með vítið.

**Varamenn:**

**Rakel Hönnudóttir kom inn á fyrir Katrínu Ómarsdóttur á 71. mínútu.** -
**Erla Steina Arnardóttir kom inn á fyrir Söru Björk Gunnarsdóttur á 76. mínútu.** -
**Fanndís Friðriksdóttir kom inn á fyrir Hólmfríði Magnúsdóttur á 89. mínútu.** -

Sigurður Ragnar Eyjólfsson, þjálfari íslenska liðsins, eftir leikinn í gær:

# Helmingur liðsins grátandi úti á velli

**FÓTBOLTI** Sigurður Ragnar Eyjólfsson gat ekki leynt vonbrigðum sínum eftir leikinn. „Við byrjuðum vel en mér fannst við vera skrefinu á eftir þeim eftir markið okkar. Þær höfðu of mikið pláss til að spila á milli sín á miðsvæðinu og kantmennirnir okkar voru ekki nógu duglegir við að koma með í varnarfærsluna," sagði Sigurður Ragnar. Hann sagði liðið hafa þurft að halda boltanum betur.

„Við þurfum sem lið að halda áfram að vinna í því að halda boltanum betur. Íslenska liðið er ekki nægilega gott í því og ekki í sama gæðaflokki og Frakkarnir. Við vildum spila leikinn þannig að okkar styrkleikar kæmu í ljós. Við vildum komast í návígin, svo að við næðum að vinna boltana og gætum sýnt baráttuna. Við vorum of langt frá þeim í fyrri hálfleik til þess að við næðum í þessi návígi," sagði Sigurður.

Landsliðsþjálfarinn vildi ekki gagnrýna dómarann mikið þrátt fyrir skelfilega frammistöðu. „Ég ætla ekki að kenna dómaranum um því að við hefðum þurft að spila betur til þess að vinna leikinn. Við fengum ekkert gefins frá dómaranum og viljum ekkert gefins frá honum. Við þurfum að einbeita okkur að okkur og því sem við getum bætt fyrir næsta leik. Það er eina skynsemin í þessu," sagði Sigurður.

Vonbrigðin voru mikil hjá íslenska liðinu eftir leikinn. „Það var um það bil helmingur liðsins sem lá grátandi úti á velli eftir leikinn og núna er bara verkefni að ná að rífa þær upp fyrir Noregsleikinn. Við þurfum að ná að koma þeim aftur í gang fyrir þann leik því það er úrslitaleikur fyrir okkur. Við þurfum að spila betur þar en við gerðum í dag," sagði Sigurður Ragnar. **- óój**



**SIGURÐUR RAGNAR** Þjálfari íslenska liðsins eftir leikinn í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/OSSI AHOLA

Aston Villa hefndi ófaranna frá síðustu leiktíð með 3-1 sigri á Liverpool á Anfield í gærkvöldi:

# Annað tap Liverpool í þremur leikjum

**FÓTBOLTI** Aston Villa gerði góða ferð til Liverpool þar sem liðið fagnaði 3-1 sigri á heimamönnum á Anfield Road. Brad Friedel átti góðan leik í marki Aston Villa og var sérstaklega ánægður með að sínir menn hafi hefnt ófaranna frá síðustu leiktíð er Liverpool vann 5-0 sigur á Villa á heimavelli.

Með sigrinum batt Villa einnig enda á sigurgöngu Liverpool á heimavelli í deildinni en liðið hafði unnið 31 leik í röð. Fyrsta mark leiksins skoraði Lucas, leikmaður Liverpool, en um sjálfsmark var að ræða. Curtis Davies bætti svo við öðru undir lok fyrri hálfleiks.

Fernando Torres minnkaði muninn fyrir Liverpool á 72. mínútu en aðeins þremur mínútum síðar braut Steven Gerrard af sér í eigin vítateig. Ashley Young skoraði úr vítinu og innsiglaði sigur Aston Villa.

„Þetta var góð tímasetning á þessum sigri hjá okkur," sagði Friedel eftir leikinn. „Við höfum fengið nokkrar pillur í fjölmiðlum undanfarið og sagðir hafa byrjað tímabilið illa. En það var frábært að ná sigri hér í kvöld. Liverpool er með frábært lið og vítaspyrnan kom á frábærum tíma fyrir okkur."

Davies var einnig hæstánægður með sigurinn. „Stundum finnst manni að það sé hægt að ná forystunni of snemma í leikjum því þeir höfðu allan síðari hálfleikinn til að skora. En það var frábært að ná að svara markinu þeirra með öðru marki. Tímasetningin var fullkomin." **- esá**



**SKALLAMARK** Curtis Davies skorar hér annað mark Aston Villa í gær. NORDICPHOTOS/GETTY



**MARKI FAGNAÐ** Anja Mittag og Fatmire Bajramaj fagna einu marki Þjóðverja í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Meistararnir byrja vel:

## Þjóðverjar skoruðu fjögur

**FÓTBOLTI** Þjóðverjar hófu titilvörnina vel á EM í knattspyrnu í Finnlandi í gær. Liðið lagði Noreg, 4-0, en liðin leika í B-riðli, rétt eins og Ísland og Frakkland.

Linda Bresonik kom Þjóðverjum yfir eftir fremur ódýra vítaspyrnu í fyrri hálfleik og tókst Þjóðverjum ekki að skora aftur fyrr en á 90. mínútu leiksins þrátt fyrir nokkur góð færi. Þeir innsigluðu svo sigurinn með tveimur mörkum í uppbótartímanum.

Þessi lið mættust í úrslitum EM fyrir fjórum árum og þá báru Þjóðverjar einnig sigur úr býtum.

Á fimmtudaginn mætir Ísland liði Noregs og Þjóðverjar leika við Frakka. **- esá**

Man. City styrkir sig:

## Sylvinho til City

**FÓTBOLTI Manchester City hefur gengið frá samningi við Brasilíumanninn Sylvinho sem lék með Barcelona á síðustu leiktíð. Hann lék áður með Arsenal en hann er 35 ára gamall.**

**Þá stóðst Joleon Lescott læknisskoðun hjá City í gærkvöldi og því fátt sem kemur í veg fyrir að hann verði orðinn leikmaður City innan skamms.** **- esá**

## ÚRSLIT

*Enska úrvalsdeildin*

**Liverpool - Aston Villa 1-3**
0-1 Lucas, sjálfsmark (34.), 0-2 Curtis Davies (45.), 1-2 Fernando Torres (72.), 1-3 Ashley Young, víti (75.).

*Enski deildabikarinn*

**Norwich - Sunderland 1-4**
0-1 Teemu Tainio (26.), 0-2 Andy Reid (30.), 0-3 Andy Reid (35.), 1-3 Wes Hoolahan (63.), 1-4 Owain Tudur-Jones (67.).

*Sænska úrvalsdeildin*

**Trelleborg - Halmstad 4-0**
Jónas Guðni Sævarsson kom inn á sem varamaður í liði Halmstad á 73. mínútu.

**Djurgården - IFK Gautaborg 0-0**
Ragnar Sigurðsson og Hjálmar Jónsson léku allan leikinn fyrir IFK. Theodór Elmar Bjarnason kom inn á sem varamaður á 40. mínútu.

*Sænska B-deildin*

**Norrköping - Sirius 3-0**
Stefán Þór Þórðarson lagði upp fyrsta mark leiksins og skoraði hin tvö sjálfur. Hann og Gunnar Þór Gunnarsson léku allan leikinn í liði Norrk.

**Sundsvall - Ängelholm 4-0**
Ari Freyr Skúlason lagði upp tvö marka Sundsvall og lék allan leikinn. Hannes Þ. Sigurðsson var skipt af velli á 40. mínútu.

*Norska úrvalsdeildin*

**Brann - Sandefjord 0-1**
Ólafur Örn Bjarnason, Kristján Örn Sigurðsson, Gylfi Einarsson og Birkir Már Sævarsson voru allir í byrjunarliði Brann en Birki var skipt af velli lá 57. mínútu. Ármann Smári Björnsson var á varamannabekk Brann en Kjartan Henry Finnbogason kom inn á sem varamaður í liði Sandefjord á 83. mínútu.




## > Jaime Pressly

„Joy er tillitslaus brussa sem veit ekki betur. Hún er algjörlega óttalaus og lætur allt flakka og það gerir hana svo skemmtilega.“

***Pressly leikur prímadonnuna Joy í þættinum My Name Is Earl sem Stöð 2 sýnir í kvöld kl. 22.10.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ PÁLL BALDVIN BALDVINSSON ER LENTUR Í SUMARBÚSTAÐ

# *Slökkvið á sjónvarpinu!*

Í sumarbústað á vegum stéttarfélags á ónefndum stað í dægilegu berjaveðri reyndi á traustasta fjölmiðil landsins. Bylgju-greyið var einhvers staðar vafrandi á fm-inu þegar eldri drengurinn tók að leita og lengi vel kom ekkert úr viðtækinu nema surg og urg. Hann gafst upp og þar sem þetta var útvarp með spilara sendi hann yngri bróður sinn út í bíl þar sem von var á einhverjum Pottþétt-diski sem þeir höfðu laumað með sér. Nú átti að láta ömmu og annað eldra fólk hlusta á nýlegt rappað popp sér til skemmtunar og yndisauka af geislanum.

Ekki var diskurinn fyrr tekinn að hökta með tilheyrandi kippum í tónmáli og stórkarlalegum yfirlýsingum svartra listamanna, eins og stundum var sagt á Gufunni, hvernig þeir ætluðu að leggja hinar og þessar tíkur og gera þeim gott á öllum endum og öllum hliðum margsinnis á stundarkorni vegna þess að drjólinn þeirra var harður, að önnur föðursystirin kallaði dimmum rómi hvöss: Slökktu á þessu helvítis gargi. Þó efast ég um að hún hafi lagt hlustir við boðskapnum.

Þá sneru þeir sér af slitnu og þreyttu sjónvarpstæki og með það hófst barátta um gláp á barnaefni. Þeir náðu blessaðir ekki undirtökunum fyrr en þeir fundu síðla dags einhverjar íþróttir þar sem svartir menn hlupu hratt í eitthvert mark sekúndubroti á undan mörgum öðrum. Þegar spurt var sakleysislega hver sigurvegarinn væri, sneru þeir sér við með vandlætingarsvip: veistu ekkert?




## ÞRIÐJUDAGUR



▶ **18.40** Atl. Madrid – Panathinaikos, beint STÖÐ 2 SPORT



▶ **20.10** Skólaklíkur SJÓNVARPIÐ



▶ **20.30** 'Til Death STÖÐ 2



▶ **21.00** Design Star SKJÁREINN



▶ **21.40** Love You to Death STÖÐ 2 EXTRA

## SJÓNVARPIÐ

**13.40 Íslenski boltinn** (e)

**14.30 EM kvenna í fótbolta** Bein útsending frá leik Englendinga og Ítala.

**16.45 Táknmálsfréttir**

**17.00 EM kvenna í fótbolta** Bein útsending frá leik Svía og Rússa.

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Kastljós**

▶**20.10 Skólaklíkur** (Greek) (15:22) Bandarísk þáttaröð um systkinin Rusty og Casey Cartwright og fjörugt félagslíf þeirra í háskóla. Aðalhlutverk: Jacob Zachar, Spencer Grammer, Scott M. Foster, Jake McDorman, Clark Duke, Paul James og Amber Stevens.

**20.55 Íslenska golfmótaröðin** Þáttaröð um Íslandsmótið í golfi.

**21.25 Fangi í framandi landi** (I fremmed fængsel) (1:2) Dönsk heimildamynd í tveimur hlutum um Dani sem dúsa í fangelsum í Suður-Ameríku.

**22.00 Tíufréttir**

**22.15 Veðurfréttir**

**22.20 EM kvöld** Fjallað um leiki dagsins á EM kvenna sem fram fer í Finnlandi.

**22.45 Uppljóstrarar** (The Whistle-blowers) (4:6) Bresk spennuþáttaröð um lögfræðinga sem hjálpa fólki að fletta ofan af spillingu og glæpum. Aðalhlutverk: Richard Coyle, Indira Varma, Daniel Ryan og Paul Freeman.

**23.35 Kastljós** (e)

**00.15 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.10 On A Clear Day**

**10.00 Nacho Libre**

**12.00 Flushed Away**

**14.00 On A Clear Day**

**16.00 Nacho Libre**

**18.00 Flushed Away**

**20.00 Rent** Söngleikur sem segir frá ungu fólki í fátækari hluta New York sem reynir að lifa lífinu í skugga eiturlyfja, alnæmis og fátæktar.

**22.10 Prozac Nation**

**00.00 Shadow of Fear**

**02.00 16 Blocks**

**04.00 Prozac Nation**

**06.00 So I Married an Axe Murderer**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Go Diego Go!, Maularinn og Tommi og Jenni.

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 Doctors** (6:25)

**10.00 Doctors** (7:25)

**10.30 In Treatment** (8:43)

**11.00 Hell's Kitchen**

**11.50 Wildfire** (9:13)

**12.35 Nágrannar**

**13.00 As You Like It**

**15.05 Sjáðu**

**15.30 Barnatími Stöðvar 2** Tutenstein, Ben 10, Go Diego Go! og Tommi og Jenni.

**17.08 Bold and the Beautiful**

**17.33 Nágrannar**

**17.58 Friends** (17:24)

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.11 Veður**

**19.20 The Simpsons**

**19.45 Two and a Half Men** (8:24) Stormasöm sambúð bræðrana Charlie og Alan heldur áfram.

**20.10 Two and a Half Men** (2:24)

▶**20.30 'Til Death** (13:15) Brad Garrett leikur óþolandi nágranna sem gekk endanlega af göflunum þegar ungt par flutti í næsta hús. En svo tókst með þeim hjónum ágætis vinskapur þar sem iðulega verður deginum ljósara hversu ólíkum augum miðaldra hjón og ung hjón sjá lífið og tilveruna.

**20.55 Bones** (25:26)

**21.40 Little Britain** (4:6) Stöð 2 rifjar nú upp þættina sem slógu svo rækilega í gegn með þeim félögunum Matt Lucas og David Williams.

**22.10 My Name Is Earl** (22:22) Þriðja þáttaröð. Jason Lee fer með hlutverk Earls sem rembist við að bæta fyrir misgjörðir sínar með æði misjöfnum árangri.

**22.35 The Sopranos** (30:39)

**23.35 Ástríður** (1:12)

**00.00 Medium** (1:19)

**00.45 John From Cincinnati** (1:10)

**01.40 We Don't Live Here Anymore**

**03.15 As You Like It**

**05.20 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**16.00 World Supercross GP** Að þessu sinni fór mótið fram á Edward Jones Dome leikvanginum í St. Louis.

**18.15 Meistaradeild Evrópu: Upphitun** Hitað upp fyrir leiki kvöldsins í Meistaradeild Evrópu. Sérfræðingarnir verða á sínum stað og spá í spilin.

▶**18.40 Meistaradeild Evrópu: Umspil** Bein útsending frá leik Atl. Madrid - Panathinaikos í 3. umferð Meistaradeildar Evrópu. Á Sport 3 verður sýnt beint frá leik Anderlecht - Lyon.

**20.40 Meistaradeild Evrópu: Meistaramörk** Allir leikir kvöldsins í Meistaradeild Evrópu skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrifin á einum stað.

**21.10 Meistaradeild Evrópu: Umspil** Útsending frá leik í 3. umferð Meistaradeildar Evrópu.

**22.50 PGA Tour 2009: Hápunktar** Sýnt frá hápunktunum á PGA mótaröðinni í golfi.

**23.45 Pepsímörkin 2009** Magnús Gylfason og Tómas Ingi Tómasson fara yfir alla leiki umferðarinnar ásamt íþróttafréttamönnum Stöðvar 2 Sport.

**00.45 Meistaradeild Evrópu: Umspil**

**02.25 World Series of Poker 2008** Allir bestu og snjöllustu pókerspilarar í heiminum mæta til leiks.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Liverpool - Aston Villa** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**15.10 Hull - Bolton** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**16.50 Burnley - Everton** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**18.30 Coca Cola mörkin 2009/2010** Sýnt frá öllum leikjum Coca-Cola deildarinnar. Öll flottustu mörkin og tilþrifin á einum stað.

**19.00 West Ham - Tottenham** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**20.40 Fulham - Chelsea** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**22.20 Premier League Review 2009/10** Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni og allt það helsta úr leikjunum skoðað gaumgæfilega.

**23.15 Arsenal - Portsmouth** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**08.00 Rachael Ray** (e)

**08.45 Pepsi MAX tónlist**

**17.30 Monitor** (7:8) (e)

**18.00 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.

**18.45 America's Funniest Home Videos** (40:48) (e)

**19.10 Family Guy** (12:18) (e)

**19.35 Everybody Hates Chris** (e)

**20.00 According to Jim** (6:18) Bandarísk gamansería með Jim Belushi í aðalhlutverki.

**20.30 Style Her Famous** (17:20) Jay Manuel heimsækir venjulegar konur sem dreymir um að líta út eins og stjörnurnar í Hollywood. Að þessu sinni hjálpar hann konu sem langar að vera eins og Charlize Theron.

▶**21.00 Design Star** (5:9) Bandarísk raunveruleikasería þar sem efnilegir hönnuðir fá tækifæri til að sýna snilli sína. Það eru sex hönnuðir eftir og þeir fá það verkefni að innrétta svítur fyrir ríka og fræga fólkið á hóteli í Nashville.

**21.50 The Dead Zone** (11:13) Johnny fær ógnvekjandi fyrirboða um að vinkona hans sé í bráðri hættu en þegar hann freistar þess að bjarga henni snúast vopnin í höndunum á honum og það þarf einhver að bjarga honum.

**22.40 Penn & Teller: Bullshit** (46:59)

**23.10 How to Look Good Naked** (e)

**00.00 CSI. New York** (21:21) (e)

**00.50 Home James** (8:10) (e)

**01.20 Dr. Steve-O** (7:7) (e)

**01.50 Pepsi MAX tónlist**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Í umsjón Ingva Hrafns Jónssonar.

**21.00 Græðlingur** Í umsjón Guðríðar Helgadóttur garðyrkjufræðings.

**21.30 Reykjavík – Egilsstaðir – Reykjavík** Seinni hluti. Opinber heimsókn ÍNN á höfuðstað austurlands. Umsjón Árni Árnason og Snorri Bjarnvin Jónsson

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


# FRÉTTABLAÐIÐ ÞITT Á NETINU

EINFALT, ÞÆGILEGT OG ALLTAF TIL TAKS



FRÉTTABLAÐIÐ FRÍTT

FRÉTTABLAÐIÐ ÞITT Á VISIR.IS

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.55

### Bones



Dr. Temperance „Bones“ Brennan, réttarmeinafræðingur er kölluð til ráðgjafar í flóknum morðmálum. Brennan og rannsóknarlögreglumaðurinn Booth vinna vel saman en spennan á milli þeirra hefur verið að magnast allt frá upphafi þáttanna og stóra spurningin hvort þau verði nokkurn tímann par. Það sem færri vita er að bækurnar um Brennan eru byggðar á eigin reynslu eins virtasta réttarmeinafræðings Bandaríkjanna, Kathy Reich, sem á þátt í að skrifa þættina og leggja til sönn sakamál sem hún sjálf hefur leyst á ferli sínum.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Fangi í framandi landi

**Sjónvarpið kl. 21.25**

Dönsk heimildarmynd í tveimur hlutum um Dani sem dúsa í fangelsum í Suður-Ameríku. Í fyrri þættinum verður sagt frá Michael Hammer frá Kaupmannahöfn sem tefldi djarft í von um skjótfenginn gróða en endaði í einu illræmdasta fangelsi Suður-Ameríku. Seinni þátturinn verður sýndur á þriðjudag eftir viku.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.38** Morgunfrúin
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.03** Morgunfrúin
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.11** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Óvissuferð - allir velkomnir
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Í ljósi skáldsögunnar - um Milan Kundera og verk hans
**15.03** Útvarpssagan: Nafnabókin
**15.25** Þriðjudagsdjass
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Sumarraddir
**21.20** Jazzhátíð á Rás 1
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Kvöldsagan: Syndin er lævís og lipur
**23.00** Gatan mín
**23.35** Kvöldtónar
**00.07** Næturtónar

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 | XA-Radíó | FM 90,9 | Gullbylgjan | FM 93,5 | Rás 1 |
| FM 95,7 | FM957 | FM 96,3 | FM Suðurland | FM 96,7 | Létt Bylgjan |
| FM 97,7 | X-ið | FM 98,9 | Bylgjan | FM 99,4 | Útvarp Saga |
| FM 90,1 | Rás 2 | FM 102,2 | Útvarp Latibær | FM 102,9 | Lindin |
| FM 105,5 | Útvarp Boðun | | | | |

## 2 EXTRA

**16.30 Doctors** (2:25) Sápuópera sem gerist á Riverside-spítalanum þar sem starfsfólk á fullt í fangi með að sinna sjúklingum á milli þess sem það reynir að greiða úr eigin flækjum í einkalífinu og sinna ástamálum sem að vonum er blómlegt og ekdheitt.
**17.00 Doctors** (3:25)
**17.30 The O.C. 2** (9:24) Orange-sýsla í Kaliforníu virðist vera friðsæl paradís þar sem lífið leikur við bæjarbúa. Þegar við kynnumst þeim betur koma hins vegar leyndarmálin í ljós.
**18.15 Seinfeld** (19:22) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk því hann er bæði smámunasamur og sérvitur. Sem betur fer á hann góða vini sem eru álíka duttlungafullir og hann sjálfur.
**18.45 Doctors** (2:25)
**19.15 Doctors** (3:25)
**19.45 The O.C. 2** (9:24)
**20.30 Seinfeld** (19:22)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.20 Ísland í dag**
▶ **21.40 Love You to Death** (7:13) Þættir úr smiðju Johns Waters þar sem sagðar eru dagsannar sögur sem tengjast tengjast hjónum og ástríðuglæpum.
**22.05 So You Think You Can Dance** (20:23) Stærsta danskeppni í heimi snýr aftur fimmta sumarið í röð.
**23.35 So You Think You Can Dance** (21:23)
**00.20 John From Cincinnati** (1:10)
**01.20 Sjáðu**
**01.50 Fréttir Stöðvar 2**
**02.50 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.15** Absolutely Fabulous **12.45** Only Fools and Horses **13.35** The Weakest Link **14.20** The Weakest Link **15.05** Only Fools and Horses **15.55** Only Fools and Horses **16.45** EastEnders **17.15** The Weakest Link **18.00** My Hero **18.30** Extras **19.00** Coupling **19.30** Blackadder the Third **20.00** Waking the Dead **20.50** Coupling **21.20** Blackadder the Third **21.50** EastEnders **22.20** The Weakest Link **23.05** Waking the Dead **23.55** Coupling

## DR 1

**12.00** Det lille hus på prærien **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **14.00** Fremtidens detektiver **14.30** Braceface **14.55** Den lyserøde panter **15.00** Ninja Turtles **15.20** Oggy og kakerlakkerne **15.30** Lille Nørd **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Ha' det godt **18.00** Hammerslag **18.30** Hvor er vi landet? **19.00** TV Avisen **19.25** Kontant **19.50** SportNyt **20.00** Mistænkt 7. Sidste akt **21.35** Truslen fra dybet **22.15** Dødens Detektiver **22.40** Seinfeld

## NRK 1

**12.00** NRK nyheter **12.05** Program ikke fastsatt **12.30** Andre avenyen **13.00** NRK nyheter **13.10** Sjukehuset i Aidensfield **14.00** NRK nyheter **14.10** Dynastiet **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - nyheter på samisk **15.25** På fisketur med Bård og Lars **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Frosken og vennene **16.10** Molly Monster **16.15** Jack og Pedro **16.20** Milly, Molly **16.35** Leon **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Ut i nærturen **17.55** Velg! 09 **18.50** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Det verkelege neandertalmennesket **20.20** Extra-trekning **20.30** EM for funksjonshemmede ryttere **21.00** Kveldsnytt **21.15** Intriger og begjær **22.05** Darwins verden **22.55** Uventet besøk **23.25** Kulturnytt

## SVT 1

**12.15** Jazzgossen **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Pistvakt **15.25** Sjukan **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Tre berättelser från Thule **16.55** Anslagstavlan **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** De kallar oss skärmflygare **19.00** Krama mig **20.30** Kulturnyheterna **20.45** Muhammad Ali **21.40** Taxibekännelser i New York **22.40** Sändningar från SVT24


ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

KOMDU Á STEFNUMÓT VIÐ MARGA AF BESTU LISTAMÖNNUM ÞJÓÐARINNAR



GERPLA FRIDA ÍSLANDSKLUKKAN BRENNUVARGARNIR OLIVER! HÆNUUNGARNIR FÍASÓL

Fjögurra sýninga leikhúskort kostar aðeins **9.900** kr.



Fjögurra sýninga kort fyrir 25 ára og yngri kostar aðeins **5.900** kr.

Leitin að OLIVER! hefst á Opnu húsi á laugardaginn

**Það verður mikið fjör þegar við galopnum Þjóðleikhúsið á laugardaginn kl. 13–16.** Og þá byrjar líka leitin að rúmlega 20 strákum á aldrinum 8–13 ára til að fara með hlutverk í söngleiknum OLIVER! Skráning í áheyrnarprufur fer fram á Opna húsinu.



SÝNINGAR HEFJAST AÐ NÝJU!





**KARDEMOMMUBÆRINN:** Fyrsta sýning sunnudaginn **30. ágúst.**

**UTAN GÁTTA:** Fyrsta sýning föstudaginn **4. september**, til styrktar Grensásdeild.

FÁÐU ÞÉR KORT! Hringdu í síma **551 1200** eða smelltu þér á **leikhusid.is**

*– og þú átt í vændum ótal ánægjustundir í allan vetur*

## LÖGIN VIÐ VINNUNA



*„Ég hlusta alltaf á eitthvað „groovy house“ frá Tomma White í bland við „downtempo“ eins og Portishead eða Cafe Del Mar, „beatið“ eykst eftir því sem líður á vikuna.“*

Ásgeir Hjartarson, hárgreiðslumeistari og eigandi Dark-Supernova.

# Tveir eldsvoðar í röð hjá Dr. Spock

„Það er spurning hvað skeður næst þegar við spilum á Dillon. Það væri ekki verra ef fólk kæmi í eldvarnarbúningum,“ segir Finni í rokksveitinni Dr. Spock.

Eldur kviknaði í hátalara á tónleikum sveitarinnar í portinu fyrir utan skemmtistaðinn Dillon á Menningarnótt. Síðast þegar Dr. Spock spilaði á Dillon um verslunarmannahelgina kviknaði í húsi við Vatnsstíg sem er skammt frá. „Þetta var svolítið fyndið af því að ég fer upp á svið og tilkynni fólki að seinast hafi kviknaði í húsi þegar við spiluðum og fólk ætti að vera vart um sig,“ segir Finni.

Skömmu síðar kom reykur úr einum hátalaranum en sveitin lét það ekki á sig fá og hélt áfram að spila. „Við gerðum gott úr því og hlógum mikið að þessu og sömdum lag um þetta á staðnum að nú væri að kvikna í Reykjavík aftur. Síðan líða kannski tvö til þrjú lög og þá kemur bara eldur í boxið. Þá auðvitað náði ballið hámarki. Þetta fannst okkur alveg drepfyndið. Það var eins og það væri kyndill vinstra megin á sviðinu,“ segir hann og skilur ekkert í eldsvoðanum. „Bjarni sem er einn af okkar reyndustu hljóðmönnum og er búinn að vinna í þessu í þrjátíu ár eða eitthvað, sagðist aldrei hafa vitað til að svona hafi gerst.“

Eftir að eldurinn kviknaði datt hátalarinn út og spilaði Spock í mono það sem eftir var kvöldsins. „Síðan í síðasta laginu gaf kerfið sig alveg. Allur söngur datt út í síðustu setningunum í síðasta laginu. Við gátum varla þakkað fyrir okkur. En þetta er alveg magnað. Tvisvar í röð. Hverjar eru líkurnar?“ segir Finni og býst við hinu versta næst þegar hann stígur á svið á Dillon. -fb



**DR. SPOCK** Tvisvar í röð hefur kviknað á tónleikum Dr. Spock á skemmtistaðnum Dillon. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



**LÁRÉTT**
**2.** land, **6.** í röð, **8.** ástæður, **9.** útdeildi, **11.** átt, **12.** heilan, **14.** úrskurður, **16.** í röð, **17.** skel, **18.** ennþá, **20.** tveir eins, **21.** velta.

**LÓÐRÉTT**
**1.** pússa, **3.** klukka, **4.** aftóku, **5.** keyra, **7.** ódæll, **10.** skordýr, **13.** angra, **15.** sleit, **16.** húðpoki, **19.** nudd.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** kúba, **6.** áb, **8.** rök, **9.** gaf, **11.** na, **12.** allan, **14.** dómur, **16.** hi, **17.** aða, **18.** enn, **20.** uu, **21.** snúa.
**LÓÐRÉTT: 1.** fága, **3.** úr, **4.** bönnuðu, **5.** aka, **7.** baldinn, **10.** fló, **13.** ama, **15.** rauf, **16.** hes, **19.** nú.

Takk fyrir vatnið
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

MARGRÉT DAGMAR ERICSDÓTTIR: FORSETAFRÚIN ER ALVEG ÓTRÚLEG

# Dorrit reddaði Winslet

„Margrét Dagmar spurði hvort ég gæti hjálpað sér við að fá enska leikkonu til að tala inn á myndina og það var lítið mál enda finnst mér hún hafa unnið þrekvirki við að vekja fólk til umhugsunar um einhverfu,“ segir forsetafrúin Dorrit Moussaieff. Hún á heiðurinn af því að Óskarsverðlaunaleikkonan Kate Winslet talar inn á íslensku heimildarmyndina Sólskinsdrenginn sem fjallar um einhverfan son Margrétar, Kela. Dorrit segir að Margrét Dagmar eigi allt hrós skilið fyrir þrotlausa vinnu sína, hún hafi eingöngu verið milligöngumaður um aðkomu Kate. „En mér fannst að því stærra nafn sem við fengjum, þeim mun meiri athygli gæti myndin fengið og Ísland,“ útskýrir Dorrit. Og niðurstaðan varð Kate Winslet. Ensk útgáfa myndarinnar verður frumsýnd á kvikmyndahátíðinni í Toronto þann 12. september. Sólskinsdrengurinn hefur engu að síður þegar vakið mikla athygli og bandaríska fréttastöðin CNN hefur óskað eftir að fá Friðrik Þór Friðriksson, leikstjóra myndarinnar, í hálftíma viðtal á Íslandi.

„Við höfðum mjög þröngan tímaramma að vinna með og í svona málum er nauðsynlegt að hafa alla öngla úti,“ segir Dorrit. Góðvinur hennar, Michael Caine, hafi til að mynda unnið með Winslet í kvikmynd og þau sambönd hafi hún nýtt sér. „Og svo er vinur minn vinur umboðsmannsins hennar og svona rúllaði boltinn, koll af kolli. Þegar þú færð sömu fyrirspurnina úr mörgum áttum þá verður það erfiðara fyrir þig að segja nei,“ útskýrir Dorrit sem tekur þó skýrt fram að Kate hafi umsvifalaust sagt já.

Dorrit hefur háar hugmyndir um Ísland og hvað landið getur gert fyrir einhverfu. „Mig langar til að Íslandi verði miðstöð fyrir einhverfu, lík þeirri sem sagt er frá í myndinni og er í Texas. Ég vona líka að það verði framhald af þessari mynd, ég held bara að Margrét viti það ekki enn sjálf.“

Margrét Dagmar átti ekki orð yfir forsetafrúna og Kate. Sagði þær vera ómetanlegan styrk fyrir sig. „Okkur Friðrik Þór leikstjóra grunaði aldrei að hún myndi fá Kate Winslet. Við báðum hana bara um að athuga hvort einhver ensk leikkona væri á lausu til að tala inn á myndina,“ segir Margrét. Hún upplýsir jafnframt að Kate hafi heillast af landslaginu í myndinni og hún hafi lýst því yfir að nú myndi hún láta verða af því að heimsækja Ísland. „Hún er alvöru stjarna og miklu fallegri í eigin persónu. Hún var fagmanneskja fram í fingurgómana, „very good“ var ekki nógu gott fyrir hana, allt varð að vera „fabulous“ eða „perfect“.“ freyrgigja@frettabladid.is







**STOÐ OG STYTTA**

**Margrét Dagmar** fer fögrum orðum um **Dorrit Moussaieff** sem fékk **Kate Winslet** til að tala inn á heimildarmyndina Sólskinsdrenginn en hún fjallar um son Margrétar, Kela, og baráttu hans við einhverfu. Dorrit segist bara hafa verið milligöngumaður, Margrét eigi allt hrós skilið fyrir það þrekvirki sem hún hafi unnið við að vekja fólk til umhugsunar um einhverfu.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Hanna Birna Kristjánsdóttir** borgarstjóri átti að ræsa keppendur í skemmtiskokki Reykjavíkurmaraþonsins á laugardaginn var. Eitthvað virðist þó hafa riðlast til í skipulagi borgarstjórans því aðstandendur hlaupsins gáfust upp á að bíða eftir henni. Ekki varð þó vart neinnar óánægju meðal skokkara sem þustu af stað, loksins þegar ræst var.



Útvarpsmaðurinn **Ásgeir Páll Ágústsson** mun hafa ráðið sig á útvarpsstöðina Kanann sem hefur útsendingar um mánaðamótin. Sagan segir að hann verði við hljóðnemann á laugardagsmorgnum.

Sportveiðiblaðið kemur í verslanir á næstu dögum. Aðalviðtalið í blaðinu er við grínistann **Pétur Jóhann Sigfússon** sem myndaður var við veiðar í Hrútafjarðará. Það mun vera Eggert Skúlason sem ræðir við Pétur, en hann hefur síðustu misserin starfað sem talsmaður Eiðs Smára Guðjohnsen.



Rómantísku gamanþættirnir Ástríður virðast hafa lagst ágætlega í landann. Samkvæmt bráðabirgðatölum frá Capacent horfði um fjórðungur þjóðarinnar á fyrsta þáttinn í síðustu viku sem verður að teljast flottur árangur hjá **Silju Hauksdóttur** leikstjóra og **Ilmi Kristjánsdóttur** sem leikur aðalhlutverkið. Aðstandendur Ástríðar vilja meina að áhugi fólks á þáttunum eigi ekki eftir að minnka í þessari viku því þá kemur inn í líf aðalpersónunnar hjartaknúsarinn Hilmir Snær Guðnason í hlutverki leðurjakkaklædds blaðamanns. - hdm



LÚÐUSTEIKUR GLÆNÝJAR
1.790 KR.KG.
ALLIR SÓSURÉTTIR
1.190 KR.KG.
ATH: TILBOÐIÐ GILDIR AÐEINS Í DAG.
Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • 108 Reykjavík • sími 587 7755

# Fékk silfrið á Mr. Gay Europe

Magnús Jónsson, 25 ára gamall nemi í Kaupmannahöfn, hafnaði í öðru sæti í árlegri Mr. Gay Europe-keppni sem að þessu sinni var haldin í Ósló. Sætið tryggir Magnúsi keppnisrétt í Mr. Gay World sem einnig verður í Ósló í febrúar á næsta ári. „Þetta var alveg rosalega skemmtilegt, við vorum 24 keppendur frá jafnmörgum löndum og þetta var mikil upplifun, ég lærði heilmikið af þessu,“ segir Magnús en skipuleggjendur keppninnar hringdu í Magnús og báðu hann um að taka þátt. „Ég sendi inn fyrirspurn fyrir fimm árum og óskaði eftir því að fá að vera með. Þegar svo kallið kom þá var ég að byrja í sambúð og gaf þetta frá mér. En þeir mundu eftir mér og vildu fá mig enda hafði enginn Íslendingur skráð sig til leiks,“ segir Magnús en hann mun nú ferðast um hin Norðurlöndin og fræða fólk um öruggt kynlíf og samkynhneigð.

Magnús á íslenska móður en föður frá Mexíkó þar sem kaþólsk trú hefur sterk ítök og eru samkynhneigðir oft litnir hornauga af þeim sökum. Engu að síður hefur fjölskylda Magnúsar stutt dyggilega við bakið á honum og hún var ánægð með árangurinn. „Já, bróðir pabba lést langt fyrir aldur fram úr eyðni, hann var hommi og fékk því litla hjálp á þeim tíma. Hann er eiginlega aðalástæðan fyrir því að ég vildi gera þetta, ég vil vera góð fyrirmynd, tala um öruggt kynlíf fyrir opnum tjöldum og heiðra þannig minningu frænda míns,“ segir Magnús og upplýsir jafnframt að fyrir næstu keppni verði haldin undankeppni hér á Íslandi. - fgg



**ÁSAMT SIGURVEGARANUM** Magnús, til hægri, ásamt spænska þátttakandanum sem var krýndur Mr. Gay Europe 2009. Magnús hafnaði í öðru sæti.

# ALLTAF BETRA VERÐ

15,6"

## acer FARTÖLVA

**Acer Aspire 5738ZG-423G25MN**
2.0GHz Intel Pentium Dual-Core T4200 - Centrino Duo örgjörvi • 3GB DDR2 minni • 250GB SATA harðdiskur • 15.6" WXGA CineCrystal skjár • 512MB ATI Mobility Radeon HD 4570 PCI-Express skjákort • Þráðlaust netkort • Vefmyndavél • Talnaborð • Windows Vista Home Premium

**139.990**

HDMI

---

10"

## FARTÖLVA

**MSI Wind U123**
Intel Atom N280 1.66GHz örgjörvi • GMA 950 skjákort • 1GB vinnsluminni • 160GB harður diskur • 10" WSVGA skjár • Þráðlaust BGN netkort • Bluetooth • Vefmyndavél • Windows XP Home • Fæst hvít eða grá

3 DAGA TILBOÐ 10.000 AFSLÁTTUR

msi

**69.990**

FULLT VERÐ KR. 79.990

---

15,4"

## acer FARTÖLVA

**Acer Extensa 5230E-901G16Mn**
2.2Ghz Intel Celeron M 900 Centrino örgjörvi • 1GB DDR2 667MHz minni • 160GB SATA harðdiskur • 8xDVD±RW Dual Layer og CD-RW skrifari • 15.4" FHD WXGA breiðskjár • Intel Graphics Media Accelerator X4500 skjákort • Þráðlaust 802.11bgn netkort • Windows Vista Home Basic

**79.990**

---

17,3"

## acer emachines

**Acer eMachine G725-424G32MI**
2.0GHz Intel Pentium Dual-Core T4200 - Centrino Duo örgjörvi • 4GB DDR2 minni • 320GB SATA diskur • 17.3" WXGA LED CrystalBrite breiðskjár • Intel GMA 4500M skjákort • Þráðlaust netkort • Vefmyndavél • DVD±RW, CD-RWskrifari • Windows Vista Home Premium

**129.990**

---

11.1"

## acer FARTÖLVA

**Acer Aspire 1810T-352G16N 8T+**
1.4GHz Intel ULV Core 2 Solo SU3500 örgjörvi • 2GB DDR2 minni • 160GB SATA diskur • 11,1" TFT WXGA LED skjár • Intel GMA 4500MHD skjákort • Þráðlaust 802.11bgn netkort • Vefmyndavél • 8 tímar á rafhlöðu • Windows Vista Home Premium

allt að 8klst. ending á rafhlöðu

**129.990**

---

15,6"

## TOSHIBA FARTÖLVA

**Toshiba Satellite L500-142**
2.1GHz Intel Pentium Dual-Core T4300 - Centrino Duo örgjörvi • 3GB DDR2 800MHz minni • 320GB diskur • DVD±RW Dual Layer og CD-RW skrifari • 15.6" FHD WXGA+ skjár með High Def TruBrite • 512MB ATI Mobility Radeon HD 4570 PCI-Express skjákort • Þráðlaust 802.11agn netkort • VGA vefmyndavél • Windows Vista Home Premium

**169.990**

---

16"

## TOSHIBA FARTÖLVA

**Toshiba Satellite A500-12W 16**
2.53Hz Intel Core 2 Duo P8700 örgjörvi • 4GB DDR2 800MHz minni • 320GB diskur • DVD±RW Dual Layer og CD-RW skrifari • 16" FHD WXGA+ skjár með High Def TruBrite • 1GB ATI Mobility Radeon HD 4670 PCI-Express skjákort • Þráðlaust 802.11agn netkort • Vefmyndavél • Windows Vista Home Premium

HDMI

**229.990**

---

# TÖLVULISTINN

TL.IS
www.tolvulistinn.is

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| NÓATÚNI 17<br>S: 414 1700 | STRANDGÖTU 9<br>S: 414 1730 | MIÐVANGI 2-4<br>S: 414 1735 | HAFNARGÖTU 90<br>S: 414 1740 | AUSTURVEGI 34<br>S: 414 1745 | REYKJAVÍKURVEGI 66<br>S: 414 1750 |

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
**Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**









**BAKÞANKAR**


Karenar D. Kjartansdóttur


## *Hlustið á Davíð!*

Jæja, þá er það komið á hreint. Öll þjóðin tók þátt í þeim atburðum sem leiddu til hruns íslensks fjármálakerfis, að undanskildum Davíð Oddssyni. Já, jafnvel Hannes Hólmsteinn, sá virðulegi fræðimaður sem meðal annars hefur getið sér gott orð fyrir að útskýra hugtakið Íslenska efnahagsundrið hér um árið. Já, jafnvel hann tók þátt í öllu bullinu því hann hlustaði ekki nógu vel á Davíð.

**MÉR** svelgdist ekkert á kaffibollanum þegar ég heyrði viðtal Morgunvaktarinnar við Hannes Hólmstein í gær, því ég hélt að þetta væri spaug. Kominn væri fram maður sem hermt gæti listavel eftir eftirhermu Laxness. „Blessaður kallinn,“ hugsaði ég og brosti með sjálfri mér.

**HÆGT** og bítandi runnu á mig tvær grímur þegar maðurinn hélt áfram að tala. Var þetta hinn raunverulegi Hannes Hólmsteinn? Seinna um daginn hlustaði ég á upptöku af viðtalinu og heyrði þá að þetta var hann í raun og sann. Það sem verra var; honum var alvara.

**HANNES** vildi meina að kapítalisminn hér á landi hefði ekki verið slæmur heldur hefðu kapítalistarnir hér ekki verið nægilega góðir. Voru kommarnir ekki búnir að nota þessa afsökun?

**HINS** vegar var ég sammála Hannesi þegar hann ræddi um að koma þyrfti í veg fyrir að bankarnir hirtu gróðann þegar vel áraði en látið ríkið hirða tapið þegar herti að. Ég samsinnti því einnig þegar Hannes sagði að regluverki bankanna yrði að breyta þannig að þeir þjónuðu almannahagsmunum. „Já, svona eins og ríkisbankarnir gerðu hér um árið,“ hugsaði ég dreymin.

**EN JÁ**, já. Eins og maðurinn sagði, þá var þetta öllum að kenna - nema Davíð vitanlega. Þjóðin missti taumhaldið og kunni sér ekki hóf. Ég vona að fólk í störfum sem eru svo illa launuð að það telur sér jafnvel betur borgið á bótum en á launum, hafi tekið þetta til sín.

**FÓLK** sem veltir fyrir sér hverri krónu í heimilisbókhaldinu, hvort það hafi efni á að koma börnum sínum í gæslu og þarf að sýna strangt aðhald til að hafa efni á skólabókum. Þetta fólk kunni sér greinilega ekki hóf. Samt var það þetta fólk sem ekki fékk launahækkanir í góðærinu, því ráðamenn og verkalýðsleiðtogar töldu að þá færi verðbólgan af stað með tilheyrandi hörmungum. Svei ykkur og kunnið ykkur hóf næst! Já, og hlustið á Davíð.



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er þriðjudagurinn 25. ágúst 2009, 237. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 5.50 | 13.30 | 21.08 |
| Akureyri | 5.26 | 13.15 | 21.00 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


